

Gerðir kirkjuþings 2019

59. kirkjuþing

haldið á Biskupsstofu

2.-6. nóvember 2019

og

á Grand Hotel Reykjavík

10.-11. september 2020

Efnisyfirlit

Setningarræða forseta kirkjuþings, Drífu Hjartardóttur.....	5
Ávarp dómsmálaráðherra, Áslaugar Örnú Sigurbjörnsdóttur	9
Ávarp biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur	12
1. mál. Skýrsla kirkjuráðs	17
2. mál. Skýrsla um fjármál þjóðkirkjunnar	39
3. mál. Starfsreglur um breyting á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum (Breiðholt)	44
4. mál. Starfsreglur um breyting á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum (Laugardalur).....	45
5. mál Starfsreglur um breyting á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum (Digranes- Hjalli)	46
6. mál. Starfsreglur um breyting á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum (Garða- og Saurbæjar)	47
7. mál. Starfsreglur um breyting á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum (Flateyjarsókn).....	48
8. mál. Starfsreglur um breyting á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum (Skarðssókn)	49
9. mál. Starfsreglur um breyting á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum (Ísafjarðarprestakall).....	50
10. mál. Starfsreglur um breyting á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum (Súðavíkursókn)	51
11. mál. Tillaga að starfsreglum um breyting á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum (Húnavatnsprestakall)	52
12. mál. Starfsreglur um breyting á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum (Akureyrar- Laugalandsprestaköll).....	53
13. mál. Tillaga að starfsreglum um breyting á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum (Breiðabólstaður-Oddi)	54
14. mál. Starfsreglur um breyting á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum (Árborg)	55
15. mál. Tillaga til þingsályktunar um mótun stefnu þjóðkirkjunnar í málefnum fólks á flóttu, hælisleitenda og innflytjenda	56
16. mál. Þingsályktun um að þjóðkirkjan sæki um fulla aðild að samtökum evangelískra kirkna í Evrópu GEKE/CPCE	58
17. mál. Þingsályktun um Jafnréttisstefnu þjóðkirkjunnar	60
18. mál. Starfsreglur um breyting á starfsreglum um prestssetur og aðrar fasteignir	

kirkjunnar nr. 950/2009, með síðari breytingum.....	65
19. mál. Starfsreglur um breyting á starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000, með síðari breytingum	66
20. mál. Tillaga að starfsreglum um breyting á starfsreglum um val og veitingu prestsembætta nr. 144/2016, með síðari breytingum	67
21. mál. Þingsályktun um skipun nefndar til endurskoðunar á starfsreglum um íslensku þjóðkirkjuna erlendis	68
22. mál. Þingsályktun um úttekt á prestssetra- og kirkjujörðum vegna endurheimtar votlendis og skógræktar	69
23. mál. Þingsályktun um orkuskipti í samgöngum á vegum starfsfólks kirkjunnar	71
24. mál. Þingsályktun um að lýsa beri viðbragðsástandi í loftslagsmálum.....	72
25. mál. Þingsályktun um kolefnisjöfnun ferðalaga á vegum kirkjustjórnarinnar	73
26. mál. Þingsályktun um úttekt á aðgengi fatlaðra og hreyfihamlaðra.....	75
27. mál og 29. mál. Þingsályktun um undirbúning að stefnumótun fyrir þjóðkirkjuna	76
28. mál. Tillaga til þingsályktunar um ferli vegna breytinga á prestakallaskipan í landinu	78
29. mál. Sameinað 27. máli.	
30. mál. Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um kjör til kirkjuþings nr. 1075/2017, með síðari breytingu	80
31. mál. Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um val og veitingu prestsembætta nr. 144/2016, með síðari breytingum	81
32. mál. Tillaga að starfsreglum um breyting á starfsreglum um prestssetur og aðrar fasteignir kirkjunnar nr. 950/2009, með síðari breytingum	82
33. mál. Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 333/2017.....	83
34. mál. Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um kjör til kirkjuþings nr. 1075/2017, með síðari breytingu	84
35. mál. Þingsályktun um kaup og sölu fasteigna	85
36. mál. Starfsreglur um breyting á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum.....	86
37. mál. Þingsályktun um kaup og sölu fasteigna	89
38. mál. Þingsályktun um frv. t. l. um br. á l. um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum.....	90
39. mál. Þingsályktun um breytingu á fasteignastefnu þjóðkirkjunnar	94
40. mál. Þingsályktun um tónlistarstefnu þjóðkirkjunnar	95

Setningarræða forseta kirkjuþings, Drífu Hjartardóttur

59. kirkjuþing hinnar íslensku þjóðkirkju er sett.

Ég býð kirkjuþingsfulltrúa og góða gesti hjartanlega velkomna til setningarathafnar kirkjuþings. Sérstaklega vil ég bjóða dómsmálaráðherra, Áslaugu Örnú Sigurbjörnsdóttur, hjartanlega velkoma og þakka þá vinsemd sem hún sýnir kirkjuþingi með því að vera hér með okkur í dag.

Þá vil ég einnig bjóða fyrrverandi biskup og fyrrverandi forseta kirkjuþings og maka þeirra hjartanlega velkomna.

Eftir setningarathöfnin hér í Háteigskirkju munum við færa okkur yfir í nýtt húsnæði biskupsstofu að Katrínartúni 4, þar sem kirkjuþing hefur fengið góða fundaaðstöðu til þinghalda. Þingsalurinn nýi ber nafnið Þingvellir og þar er búið að koma upp tveimur stórum skjáum þar sem þingmálum verður varpað upp, með því verður kappkostað að þingið verði sem mest pappírslaut í anda umhverfisstefnu kirkjunnar.

Þetta er þriðja kirkjuþing þessa kjörtímabils, en aukakirkjuþing 2019 var haldið í lok ágúst, þar sem viðbótarsamningur íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar var lagður fram og samþykktur. Með samþykkt þessa viðbótarsamnings er að mínu mati stigið stórt skref í sögu þjóðkirkjunnar, skref til aukins sjálfræðis í málefnum hennar, einkum er varðar fjármálaumsýslu og starfsmannamál.

Aðdraganda þessarar samningsgerðar má rekja til ársins 2015 en á aukakirkjuþingi sem haldið var í Neskirkju þann 14. ágúst 2015 hafnaði kirkjuþing beiðni ríkisins um afslátt af greiðslum ríkisins vegna kirkjujarðasamkomulagsins, en slík beiðni ríkisins hafði verið samþykkt á kirkjuþingum allar götur frá hrúni. Í framhaldi af því óskaði ríkið eftir viðræðum við þjóðkirkjuna um fjárhagsleg samskipti ríkis og kirkju, bæði um kirkjujarðasamkomulagið og sóknargjöldin. Ríkið taldi rétt að einfalda framkvæmd kirkjujarðsamningsins og féllst þjóðkirkjan á það.

Á reglulegu kirkjuþingi 2015 var samþykkt þingsályktun um skipun viðræðuhóps við ríkisvaldið um fjárhagsleg samskipti ríkisins og þjóðkirkjunnar. Þá samþykkti kirkjuþing að fela forseta þingsins og tveimur fulltrúum, kjörnum á kirkjuþingi að annast viðræðurnar við ríkið. Með viðræðunefndinni skyldu starfa formenn fastanefnda kirkjuþings. Nefndinni var heimilt að kallað sér til ráðuneytis hverja þá, sem þörf þætti vegna sérþekkingar á þessum samskiptum. Á þinginu voru kirkjuþingsfulltrúarnir Jónína Bjartmarz og Óskar Magnússon kosin í viðræðunefndina af þjóðkirkjunnar hálfu og á kirkjuþingi 2017 var umboð nefndarinnar framlengt. Síðar var ákveðið að tilmælum kirkjuráðs að nýr kjörinn forseti kirkjuþings tæki sæti í nefndinni.

Samninganefndirnar héldu marga fundi einkum þegar á leið og tillögur að viðbótarsamningi voru þar ræddar í þaula. Á fundi 23. ágúst sl. kom fram að fulltrúar ríkisins töldu að ekki yrði komist lengra í viðræðum og óskuðu eftir að samningsdrögin, eins og þau lágu fyrir þá, yrðu lögð fyrir kirkjuþing. Forseti taldi því rétt að bregðast skjótt við og boðaði til aukakirkjuþings, eins og hann hefur heimild til að gera þegar brýna nauðsyn ber til. Þingið var haldið var í lok ágústmánaðar og þar var samningurinn ræddur, borinn upp og samþykktur. Áður hafði hann verið kynntur kirkjuráði og formönnum

fastra nefnda þingsins. Viðbótarsamningurinn var síðan undirritaður af forsætisráðherra, fjármálaráðherra, dómsmálaráðherra, biskupi Íslands og forseta kirkjuþings.

Breytingin felur í sér að íslenska ríkið skuldbindur sig til þess að greiða ákveðna fjárhæð sem gagngreiðslu til þjóðkirkjunnar og er miðað við gagngjaldið 2018. Greiðsla þessi er óháð fjölda biskupa, presta og annarra starfsmanna þjóðkirkjunnar. Hvað varðar frekari skýringar vísast til inngangs og ákvæða viðbótarsamningsins, ásamt viljayfirlýsingu sem er í höndum kirkjuþingsfulltrúa.

Aukakirkjuþingið í ágúst samþykkti einnig að fara þess á leit við kirkjuráð að skipuð yrði nefnd til að koma með tillögur að útfærslu á samningnum. Sú nefnd hefur verið skipuð og hlotið heitið Framtíðarnefnd. Hún mun vinna tillögur til kirkjuþings um það hvernig viðbótarsamningurinn verði útfærður. Nefndin hefur þegar hafið störf og er Anna Guðrún Sigurvinsdóttir, kirkjuþingsfulltrúi, formaður hennar. Forseti kirkjuþings situr fundi nefndarinnar sem hittist vikulega. Ljóst er að kirkjuþing mun þurfa að setja nýjar starfsreglur og nýjar samþykktir þar sem með þessum samningi verður fjárhagslegt sjálfræði þjóðkirkjunnar stóraukið eins og fyrr segir. Í samræmi við það mun einnig þurfa að einfalda mjög allt lagaumhverfi þjóðkirkjunnar og fyrirkomulag á þeim greiðslum sem þjóðkirkjan fær úr ríkissjóði. Nú verður þjóðkirkjunni í sjálfsvald sett hvort og þá hvernig hún heldur áfram starfsemi þeirra sjóða sem reknir hafa verið á grundvelli laga og ber nú fulla ábyrgð á eigin fjármálum og ákveður sjálf fjölda starfsmanna sinna.

Þessi breyting á samspili ríkis og kirkju mun skýra og styrkja starfsemin þjóðkirkjunnar og má segja að nú sé hún komin í ákveðna höfn til allt að 17 ára sem gefur tækifæri til að efla kirkjulegt starf og laða fólk til samstarfs.

Þjóðkirkjan er, ásamt Alþingi, ein af elstu máttarstólpum þjóðarinnar og hafa verið samferða alla tíð og verða það vonandi enn þrátt fyrir þennan aðskilnað sem orðinn er með fyrrgreindum samningi. Ég vil minna hér á að kristni og íslensk þjóð hafa átt samleið í eitt þúsund ár. Kristni var lögtekin á Alþingi Íslendinga á friðsamlegan hátt. Kristni er svo samofin menningu og sögu íslenskrar þjóðar að ekki verður skilið þar á milli. Ákvæði um þjóðkirkju kom í fyrstu stjórnarskrá fyrir Ísland árið 1874 og hefur verið í stjórnarskrá landsins eftir það. Skipulag og starfsemi þjóðkirkjunnar grundvallast á lögum settum af Alþingi. Löggjöf hefur þó verið einfölduð talsvert á undanförunum árum og áratugum. Þrátt fyrir það eru grunnstoðir kirkjunnar og helstu starfsþættir hennar lögmælt í dag, þótt kirkjan ráði miklu um skipulag sitt, starf og forgangsröðun verkefna. Almennt má telja að vilji sé til þess að fela kirkjunni enn meiri ábyrgð eigin mála með einföldun löggjafar og skýrari aðgreiningu kirkju og ríkis. Í því felst þó ekki endilega vilji til að minnka stuðning og vernd ríkisins gagnvart kirkjunni heldur fyrst og fremst það að þjóðkirkjan ráði sínum eigin málum.

Mig langar einnig til að rifja það upp hér að árið 2012 var haldin þjóðaratkvæðagreiðsla um tillögur stjórnlagaráðs en ráðið hafði það hlutverk að endurskoða stjórnarskrána og koma með tillögur að breytingu á henni. Ein af spurningunum tók á málefnum þjóðkirkjunnar, hvort fólk vildi hafa ákvæði um þjóðkirkju í stjórnarskránni. Rúmlega helmingur kjósenda vildi halda inni ákvæði um þjóðkirkju í stjórnarskránni. Kosningin var dræm en að mínu mati skipti það máli að vera með þessa spurningu um stöðu þjóðkirkjunnar í stjórnarskrá til að höfða til kjósenda.

Á hverju ári eru gefnar upp tölur frá Þjóðskrá hve margir eru í þjóðkirkjunni og í öðrum trúar- og lífsskoðunarfélögum. Því miður hefur fækkað í þjóðkirkjunni og við því verðum við að bregðast. Kirkjan þarf á hverjum tíma sjálf að íhuga hvert sé hennar hlutverk í samfélaginu. Hlustum við á grasrótina og hlúum við nægilega mikið að baklandi okkar? Er það ekki okkar sameiginlega verkefni að efla og styrkja kirkjulegt starf?

Kristin trú hefur verið kjölfesta í sjálfsmynd okkar og innan kirkjunnar er mikill mannauður sem birtist í því mikla og óeigingjarna sjálfböðastarfi safnaðanna, það birtist í kórastarfi, barnastarfi – og ungmennastarfi og starfi með eldri borgurum.

En hvað með sóknargjöldin? Þau fengust ekki rædd hjá viðræðunefndunum. Eins og við vitum öll hafa sóknir landsins orðið að þola meiri niðurskurð á tekjustofnum sínum frá hrúni en almennt hefur verið í samfélaginu og hvað er til ráða?

Í þeirri umræðu sem skapast hefur varðandi niðurskurð sóknargjaldanna blasir við að talsmenn sókna hefur vantað. Sóknargjöldin eru málefni leikmanna. Ég tel að það hafi vantað öflugan talsmann sókna sem láti í sér heyra og vinni að því að endurheimta sóknargjöldin eins og lög gera ráð fyrir. Nú hefur nýlega verið stofnað sóknasamband Íslands og mun formaður undirbúningsnefndar, Steindór R. Haraldsson, kirkjuþingsfulltrúi, kynna stofnun þess á þessu þingi. Bind ég miklar vonir við að þarna fái sóknir landsins öflugan vettvang til að beita sér gegn ríkisvaldinu í þeirri baráttu að fá leiðréttingu á þeirri ósanngjörnu skerðingu á lögbundnum sóknargjöldum sem sóknir hafa mátt þola allt frá hrúni.

Á þessu kirkjuþingi eru 39 mál til umfjöllunar. Þau eru misjafnlega viðamikil, og sum krefjast ítarlegrar umræðu og skoðanaskipta. Jafnréttisstefna þjóðkirkjunnar er til umfjöllunar en nú er verið að uppfæra framkvæmdaáætlun hennar til ársins 2023.

Jafnréttisáætlun kirkjunnar var fyrst samþykkt á kirkjuþingi 1998 og hefur jafnréttisnefnd kirkjunnar verið starfandi síðan. Kirkjuþing hefur ályktað um ráðningu jafnréttisfulltrúa kirkjunnar og hefur lögfræðingur á biskupsstofu þau málefni með höndum ásamt jafnréttisnefnd kirkjunnar.

Jafnréttismál eiga alltaf að vera í brennidepli. Við sjáum af könnunum og heyrum í fréttum að þau mál eru ekki komin í eins gott horf hérlendis og og vonir stóðu til þegar jafnréttisbaráttan um jafnan rétt kvenna og karla hófst á seinni hluta síðustu aldar. Þó stöndum við nú framar öðrum vestrænum þjóðum í þeim málaflokki. En við verðum alltaf að halda vöku okkar, hafa þarf t.d. hugfast að þegar tilnefna skal í nefndir og ráð ber tilnefningaaðila að tilnefna bæði karl og konu í hvert sæti. Þessu hefur ekki verið fylgt nógu vel eftir og betur má ef duga skal.

Mig langar að nefna hér annað mál sem fjallar um um mótun stefnu þjóðkirkjunnar í málefnum fólks á flóttu, hælisleitenda og innflytjenda. Málefni þetta er með því viðkvæmasta og erfiðasta sem okkar samfélag glímur við í dag og nauðsynlegt er að þjóðkirkjan láti skoðanir sína í ljós. Tillagan fjallar um að skipaður verði starfshópur til að móta stefnu og verklagsreglur í málefnum hælisleitenda, fólks á flóttu og innflytjenda.

Þjóðkirkjan hefur á undanförunum árum látið sig þetta málefni varða. Árið 1996 setti þjóðkirkjan á laggirnar embætti prests innflytjenda sem hefur starfað sem slíkur síðan eða í rúm 20 ár. Presturinn, Toshiki Toma, hefur sinnt ýmiss konar þjónustu við innflytjendur

og er sérstök áhersla er lögð á að hann vinni sem almennur ráðgjafi en ekki sem trúboði, svo að allir geta notið þjónustu hjá honum án tillits trúarlegs bakgrunns síns. Tillögur starfshópsins verða lagðar fyrir framhaldskirkjuþing í mars nk.

Við skulum hafa það hugfast að margt gott er að gerast í kirkjunni okkar. Æskulýðs-samtök þjóðkirkjunnar héldu landsmót sitt um síðustu helgi. Yfirskriftin var „Skapandi landsmót“. Markmiðið var að skoða hvernig þátttakendur geta hlúð að einstaklingnum og eftt sig með því að gefa sköpunargleðinni lausan tauminn.

Þarna voru samankomnir 250 glæsilegir unglingar víðs vegar af landinu og hefur mótið verið öllum til sóma.

Það er einnig ánægjulegt að sjá hve margar sóknir eru virkar á samfélagsmiðlunum og á vef kirkjunnar, kirkjan.is en þar eru birtar stuttar fréttir um fjölbreytt starf innan kirkjunnar.

Ég vil lýsa ánægju minni yfir öllum þeim jákvæðu og fjölbreyttu fréttum sem við fáum úr kirkjustarfi þjóðkirkjunnar. Þetta skiptir miklu máli og er hvetjandi því margir eru að gera frábæra hluti; skálmöld í barnastarfi, námskeið í gítarleik, ný þýðing á Passíusálmunum, kvöldkirkja, norræn sálmastefna í Skálholti, svo eitthvað sér nefnt.

Ég vil þakka starfsfólki biskupsstofu fyrir undirbúning þingsins.

Það er von mín að störf okkar á kirkjuþingi verði góð, árangursrík og kirkjunni

Ávarp dómsmálaráðherra, Áslaugar Örnú Sigurbjörnsdóttir

Biskup Íslands, fulltrúar kirkjuþings, ágætu gestir

Það er mikil ánægja fyrir mig að fá tækifæri til að ávarpa kirkjuþing og vera hér með ykkur við setningu þess.

Á þeim stutta tíma sem liðinn er frá því að ég settist stól dómsmálaráðherra hef ég átt góð, upplýsandi og uppbyggileg samskipti við fulltrúa þjóðkirkjunnar og vænti áframhaldandi góðs samstarfs um mikilvæg mál fyrir íslenskt samfélag. Það er mikilvægt að við vinnum vel saman í þeim tilgangi að byggja upp traust, velvilja og von í samfélaginu. Þar gegnir kærleiksboðskapur kirkjunnar veigamiklu hlutverki.

Íslenska þjóðkirkjan hefur lengi vel sinnt mikilvægu hlutverki í íslensku samfélagi; hún hefur verið griðastaður þeirra sem hafa átt erfitt um vik, en ekki síður sá staður sem fólk kemur saman til að fagna gleðistundunum í sínu lífi. Boðskapur kirkjunnar á fullt erindi við landsmenn nú, eins og áður.

Ég þekki það af eigin raun, því kirkjan reyndist mér vel þegar ég missti móður mína, í þessum mánuði fyrir sjö árum. Þá fann ég hversu mikilvæg kirkja er á raunarstundum, hún er athvarf í sorgum og hvernig einstaklingar innan hennar geta hjálpað manni að komast upp erfiðustu brekkurnar í lífinu. Fyrir það erum við kirkjunni, og ykkur sem hér eruð, þakklát.

Ágætu gestir,

„Hákoni varð helst að falli, að hlýddi hann eigi tímans kalli.“

Þannig orti Grímur Thomsen um fall Hákonar Hlaðajarls. Kall tímans árið 995 var kristin trú. „Nýr siður“ sem boðaður var af Ólafi konungi Tryggvasyni.

Við stöndum reglulega frammi fyrir þeirri áskorun þar sem við þurfum að meta hvort rétt sé að viðhalda íhaldssemi eða horfa með frálslyndari augum á hina ýmsu samfélagshætti. Það er ekki alltaf hægt að sjá það fyrir hvorn veginn skal fara í því samhengi; stundum er ekki bara ágætt heldur nauðsynlegt að halda í gamlar venjur, siði og reglufestu - en oft þurfum við að horfa með opnum hug til þeirrar þróunar sem er að eiga sér stað í samfélaginu, bæði nær og fjær.

Þessar ljóðlínur sem ég vitnaði til hér eiga vel við eftir að ég horfði nýlega á fróðlegan sjónvarpsþátt um réttindabaráttu samkynhneigðra á árunum 1999-2016, þáttinn *Svona fólk* eftir Hrafnhildi Gunnarsdóttur, kvikmyndargerðamann.

Segja verður eins og er að þjóðkirkjan var afar sein að taka við sér í þeirri réttindabaráttu. Fyrir okkur sem yngri erum kemur það okkur spánst fyrir sjónir hve mikil andstaða kirkjunnar var við að samkynhneigðir fengju að ala upp börn. Reynslan hefur þó að sjálfsgöðu sýnt að þau hafa reynst góðir uppaldendur og vitaskuld ekkert síðri en gagnkynhneigðir foreldrar.

Í ljósi þess að fjölskylduréttur samkynhneigðra er nú tryggður í löggjöfnni og þeir njóta loks fullra mannréttinda; þeir mega ala upp börn; um hjónabönd þeirra gilda engar sérreglur; í því ljósi verður ekki annað sagt en að þjóðkirkjan hafi ekki skilið kall tímans í málefnum samkynhneigðra þegar mest á reið.

Þjóðkirkjan var í engum takti við þjóðina sem í upphafi aldarinnar hafði að miklum meirihluta snúist á sveif með samkynhneigðum í baráttu þeirra fyrir sjálfsögðum mannréttindum.

Kæru vinir,

Ég nefni þessi mál vegna þess að ég tel að þjóðkirkjan verði að læra af mistökum sínum. Nú vil ég þó sérstaklega taka fram að ég er ekki þeirrar skoðunar að kirkjan eigi að sveiflast með tískubylgjum eða öðrum nútímastraumum. Stór hluti af starfi kirkjunnar felst einmitt í því að standa fast á grunngildum sem vonandi víkja aldrei frá okkur – og kirkja á ekki að láta hina ýmsu sviptivinda slá sig út af laginu.

En réttindabarátta samkynhneigðra var ekki tískubylgja. Hún var ekki merki um hnignun samfélagsins eða afturför góðra gilda. Hún var – og er – hluti af þeirri framþróun mannkyns sem átt hefur sér stað á undanförunum öldum. Afstaða kirkjunnar í málefnum samkynhneigðra fældi marga frá henni, og ekki aðeins samkynhneigða einstaklinga heldur einnig fjölskyldur og vini sem ekki gátu skilið orðræðu forsvarsmanna kirkjunnar um samkynhneigð sem sjúkdóm eða synd.

Ég vil leyfa mér að vitna í þessu sambandi í prédikun afa míns heitins, séra Magnúsar Guðmundssonar, sem var á sínum tíma sóknarprestur í Grundarfirði. Hann sagði þar á einum stað:

„Vér viljum vera eins og hyggni maðurinn í dæmisögunni. Hann gaf sér tíma til að grafa í gegnum sandlagið niður á klöppina svo að hann gæti byggt á bjargi. Hann gerði sér ljóst að það var ekki nóg að heyra orðið, hann varð að læra að breyta eftir því, halda allt það sem Jesús hefur boðið. Verið gerendur orðsins, ekki aðeins heyrendur. Er það ekki hérna sem meinið liggur hjá oss? Vér eigum að breyta samkvæmt orði Krists, líf vort á að breytast, vér eigum að hlýðnast fyrir mælum Jesú í fjallræðunni en þar sagði hann: Vertu skjóttur til sátta við andstæðing þinn meðan þú ert enn á veginum með honum. ... Dæmið ekki svo að þér verðið ekki dæmdir...“

Magnúsafi hafði þarna rétt fyrir sér. En lífið heldur áfram og kirkjan hefur og getur sýnt kærleikann í verki með ýmsum hætti, með áherslu á umburðarlyndi, skilning og virðingu fyrir náunganum. Ekkert af þessu kallar á að grunngildum kristinnar trúar sér breytt – þvert á móti. En þannig sýnir kirkjan að hún hefur lært af mistökunum - með því að beita sér í þágu mannréttinda, standa með fólkinu, mennskunni og sýna kærleika í verki.

Ágætu gestir,

Krafan um jafnræði milli ólíkra trúfélaga og lífsskoðunarfélaga verður sífellt meira áberandi og þá ekki síst meðal yngri kynslóðarinnar. Sjálfstæð kirkja óháð ríkisvaldinu samrýmist líka betur trúfrelsi og skoðanafrelsi en sérstaðan sem þjóðkirkjan hefur notið í íslenskri stjórnskipan. Fleiri og fleiri aðhyllast þá skoðun að það sé ekki hlutverk ríkisins að fjármagna trúfélög eða „hygla einu trúfélagi á kostnað annarra“ eins og stundum heyrir sagt.

Í mínum huga er ekki spurning um það, að kirkjan getur vel sinnt öllum verkefnum sínum og þar á meðal sáluhjálpi og margvíslegri félagslegri þjónustu óháð ríkinu. Ég er

einnig þeirrar skoðunar að margir muni fylgja kirkjunni að málum þótt fullkominn aðskilnaður verði á endanum á milli hennar og ríkisvaldsins. Ég mun halda áfram að tilheyra kristinni kirkju þótt leiðir skilji á milli hennar og ríkisins.

Nýlegt samkomulag milli ríkisvaldsins og þjóðkirkjunnar felur í sér að hún verður ekki lengur eins og hver önnur ríkisstofnun heldur mun hún fremur líkjast frjálsu trúfélagi sem ber ábyrgð á eigin rekstri og fjárhag.

Þessar breytingar eru til mikilla bóta og óhjákvæmilegt að stefna áfram á sömu braut í átt að fullum aðskilnaði með farsæld þjóðarinnar og þjóðkirkjunnar að leiðarljósi.

Þangað til og þrátt fyrir samkomulagið sem ég hef hér vísað til mun þjóðkirkjan áfram njóta stuðnings og verndar íslenska ríkisins á grundvelli ákvæðis stjórnarskrárinnar Áfram verður gert ráð fyrir menningarlegum og fjárhagslegum tengslum. Með samningnum er ekki verið að hækka eða lækka þær greiðslur sem renna til þjóðkirkjunnar skv. kirkjujarðasamkomulaginu frá árinu 1997, en samningurinn felur í sér nýja viðmiðun fyrir þessar greiðslur, mikla einföldun á fjárhagslegum samskiptum og að starfsmannamál verða á hendi kirkjunnar.

Allt er þetta skynsamlegt og til mikilla bóta fyrir þjóðkirkjuna en það ríður á að kirkjunnar fólk taki höndum saman og axli ábyrgðina á framkvæmd samningsins. Hjá þessu ferli verður ekki komist og að þessu hefur verið stefnt lengi. Við skulum hins vegar vanda okkur í þessu ferli.

Það er mikilvægt að hugsa til þess að jafnvel þó svo að hin lútherska kirkja verði ekki Þjóðkirkja, þá er það undir henni sjálfri komið hvort hún verði áfram þjóðarkirkja. Það er undir henni komið að halda tengslum við þjóðina og viðhalda þeirri stöðu sem hún hefur nú þegar í þjóðarsálinni.

Að endingu vil ég vitna aftur í prédikun afa míns, en hann flutti hana við vígslu Grundarfjarðarkirkju 31. júlí árið 1966. Orðrétt sagði hann:

„Vér höfum lagt oss fram um að vanda gerð kirkjunnar allt frá því grundvöllur hennar var lagður hér á þessum stað. Vér höfum líka kappkostað að gera búnað hennar allan sem bestan. Og þó er enn margt eftir. En ég segi í dag eins og einn af biskupum kirkju vorrar sagði þegar minnst var á að nýreista kirkju skorti enn ýmislegt. Hann sagði: „Kirkjur eru alltaf í smíðum.“

Þessi síðustu orð geta vel átt við um þjóðkirkjuna í heild sinni. Hún er alltaf í smíðum og hún verður að finna réttan samhljóm við þjóðina svo hún fái að vaxa og dafna. Ef vel tekst til mun henni vegna vel, óháð því hvernig tengslum hennar verður hagað við ríkisvaldið í framtíðinni. Ef kirkjan miðlar boðskap sem hefur vægi og þýðingu í aðstæðum hversdagsins og gagnvart álitamálum framtíðarinnar; ef fólk þeir ber traust til kirkjunnar og leitar til hennar í betri tíð og verri - þá verður kirkjan áfram þjóðkirkja. Hver svo sem laga- og stjórnskipunarleg staða hennar verður.

Ávarp biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur

Dómsmálaráðherra, forseti kirkjuþings, kirkjuþingsfulltrúar, vígslubiskupar, góðir gestir. Ég vil byrja á því að þakka sóknarnefnd og starfsfólki hér í kirkjunni fyrir aðstöðuna og tónlistarfólkinu fyrir flutninginn. Einnig vil ég þakka forsætisnefnd, kirkjuráði og starfsfólki sem undirbúið hefur þingið.

Nú fer kirkjuþingið fram í nýjum húsakynnum kirkjunnar að Katrínartúni 4 hér í borg. Biskupsstofa, kirkjuráð og kirkjugarðaráð eru nýflutt þar inn og verður kirkjuþingið fyrsti stóri fundurinn sem þar er haldinn. Við sem þar vinnum hlökkum til að taka á móti ykkur og vonum að ykkur eigi eftir að líða eins vel þar og okkur sem höfum verið þar í tvær vikur.

Viðbótarsamkomulag

Nýir tímar fara nú í hönd í þjóðkirkjunni. Viðbótarsamkomulag ríkis og kirkju sem samþykkt var í byrjun september s.l. felur í sér breytingar á skipulagi kirkjunnar. Mörgum spurningum er ósvarað þó mynd sé að komast á stærstu áskoranirnar. Bið ég þess að þjóðkirkjan eflist og dafni vel í þessu nýja skipulagi. Margt breytist þegar lög verða felld niður og kirkjuþingið ákveður enn fleira en áður. Hins vegar vil ég leyfa mér að minna á að enn stendur í stjórnarskránni að ríkið skuli styðja og vernda þessa evengelísku lútersku kirkju. Því hefur ekki verið breytt. 62. grein sem skilgreinir hina „evangelísku lútersku kirkju“ sem þjóðkirkju Íslands má breyta með lögum, en 1. málsgrein 79. greinar segir að auki, að slík breyting þurfi samþykki í leynilegri þjóðaratkvæðagreiðslu.

Öll stefnum við að sama marki og höfum okkar hlutverk í kirkjunni til að ná því. Mér komu í hug orð sr. Matthíasar þegar ég undirbjó mig fyrir kirkjuþingið í ár.

*Legg þú á djúpið eftir Drottins orði
og æðrast ei, því nægja mun þinn forði,
þótt ómaksför þú farir marga stund.
Ef trú og dáð og dugur ei þig svíkur,
er Drottinn lífs þíns ennþá nógu ríkur
og mild hans mund.*

Nú leggjum við á djúpið og treystum því að Drottinn sé með okkur í verki. Það liggja mörg mál fyrir kirkjuþingi eins og ævinlega og mér sýnist á málaskránni að þingsályktanir séu 14 og breyting á starfsreglum 21, þar af 12 um skipulag kirkjunnar í héraði.

Hjálparstarf kirkjunnar

Þann 9. janúar 2020 fagnar Hjálparstarf kirkjunnar 50 ára afmæli sem hjálparstofnun en á prestastefnu sumarið 1969 hvöttu prestar landsins kirkjuna til að koma á legg hjálparstofnun er sinnti hjálparstarfi og líknarmálum á vegum hennar. Þeir ákváðu jafnframt að leggja 1% af launum sínum til hjálparstarfsins.

Á fundi kirkjuráðs 9. janúar 1970 var formlega ákveðið að stofna Hjálparstofnun kirkjunnar. Séra Jónas Gíslason var ráðinn sem framkvæmdastjóri og hóf hann strax að

skipuleggja söfnun fyrir Bíafra. Fyrsti stjórnarfundur Hjálparstofnunar kirkjunnar var svo haldinn 1. apríl 1970. Nafni stofnunarinnar var breytt í Hjálparstarf kirkjunnar.

Hjálparstarf kirkjunnar undirbýr málþing á Grand hótél í Reykjavík á afmælisdaginn, fimmtudaginn 9. janúar, klukkan 16:30-18:30. Ég hvet ykkur öll til að mæta á málþingið en dagskrá þess verður auglýst síðar. Ýmislegt fleira verður gert til að fagna afmælinu á árinu, þannig kemur til dæmis Margt smátt... fréttablað Hjálparstarfs kirkjunnar út í afmælisútgáfu þann 4. apríl 2020.

Það er við hæfi á þessum merku tímamótum að kirkjan minni á sérstöðu sinnar eigin stofnunar og að við hvetjum kirkjufólk til að tala máli hennar og leggja henni lið sem slíkrar. Ég mun leggja til við presta að fjalla sérstaklega um Hjálparstarf kirkjunnar í messu sunnudaginn 12. janúar 2020 og að tala máli stofnunarinnar við sem flest tækifæri á afmælisárinu.

Mig langar einnig að nefna að öll getum við haldið áfram að styðja starfið persónulega en nú styrkja yfir 2.000 *Hjálparliðar* Hjálparstarf kirkjunnar með mánaðarlegu framlagi. – Hjálparstarf kirkjunnar er hjálparstarfið okkar!

Fjölskylduþjónustan

Önnur merk stofnun hefur verið í sama húsi og Hjálparstarfið. Það er fjölskylduþjónusta kirkjunnar. Nú er hún flutt í nýtt húsnæði, hið sama og þjónustumiðstöð biskupsstofu var í síðast liðið ár, í safnaðarheimili þessarar kirkju, Háteigskirkju. Ég þakka sóknarnefnd og starfsfólki kirkjunnar fyrir hve vel var tekið á móti starfsfólki þjónustumiðstöðvarinnar sem nú er flutt í Katrínartún 4 eins og öll starfsemi kirkjuhússins á Laugavegi 31 fyrir utan verslunina Kirkjuhúsið sem flytur í Katrínartún í byrjun næsta árs. Verslunin er enn á Laugaveginum.

Fjölskylduþjónustan er hluti af sálgæslustarfi kirkjunnar og þjónar öllu landinu. Öllum er heimilt að leita beint til hennar og sumir koma samkvæmt ábendingu prests eða annarra aðila. Í bók sinni *Í nærveru* kemst sr. Sigfinnur Þorleifsson svo að orði: „Salgæslan er nokkurs konar brúargerð, tenging á milli Guðs og manns og manns og annars. Hlutverk hennar er að græða, hugga, styrkja, sætta og leiðbeina.“ Prestar landsins veita sálgæsluþjónustu enda eru þeir á vaktinni alla daga og allar nætur ef þannig stendur á. Engar aðrar fagstéttir veita sálgæslu en sú fræðigreinin er fullgild og viðurkennd fræðigreinin, en leitar fanga í sálfræði og læknisfræði eins og geðsjúkdómafræði og sálmeðferð. Salgæslan á sér sterkar rætur úr fortíðinni og hinni fornu arfleidd. Salgæslan byggir á heildstæðum mannskilningi. Manneskjan verður ekki sundurgreind, hún er ein órofa heild, líkami, andi og sál. Allur maðurinn heill. Fyrirmynd sálusorgarans er frelsarinn sjálfur. Í Biblíunni eru margar sögur af sálgæslu Jesú Krists. Ein af þeim er sagan af Miskunnsama Samverjanum sem við þekkjum. Jesús Kristur mætir öllum manneskjum af kærleika og elsku, hann hlustar og dæmir ekki. Sálusorgarinn mætir manneskjunni í þeim aðstæðum sem hún er stödd, oft á brothættum stað þar sem trúnaður milli manna skiptir mestu máli. Salgæslan fer ekki í manngreiningarálit heldur eru allir jafnir út frá kristnum manngildum.

Annað hlutverk fjölskylduþjónustunnar er að veita prestum, djáknum og starfsfólki kirkjunnar handleiðslu. Það er mjög mikilvægt ef prestur eða djákni á að endast í starfi

og vera öðrum hjálp að viðkomandi hugi að sínu eigin trúarlífi og átti sig einnig á því að hann eða hún er manneskja eins og allir aðrir og hefur sínar þarfir. Sálgæsluaðilinn þarf að þekkja sjálfan sig. Hann þarf að sjá og viðurkenna veikleika sína og styrkleika. Þeir sem starfa í þjónustu við aðra eru alltaf leiddir til samfundar við sjálfan sig um leið. Sálgæsluaðilinn er í samfylgd með öðrum en hann er líka í samfylgd með sjálfum sér. Fjölskylduþjónusta kirkjunnar sér um handleiðslu fyrir presta, djákna og aðra sem starfa á vegum kirkjunnar. Það eflir til muna faglega þjónustu kirkjunnar um landið allt.

Menntun presta á sviði sálgæslunnar er að eflast. Endurmenntun Háskóla Íslands hefur boðið diplómanám í þeim fræðum og sækja starfandi prestar það, með stuðning kirkjunnar.

Tónskólinn, söngmálastjóri og sálmabókin

Önnur merk starfsemi fer einnig fram í kjallaranum í Grensáskirkju þar sem Hjálparstarfið er enn og Fjölskylduþjónustan var til skamms tíma. Það er Tónskóli Þjóðkirkjunnar. Tónskólinn kennir nemendum kirkjutónlist og litúrgísk fræði og menntar organista til starfa við kirkjur landsins. Þar fer fram metnaðarfull starfsemi sem hefur í gegnum tíðina skilað út í kirkjurnar tónlistarfólki sem margt hvert hefur alið upp heilu kynslóðirnar í tónlist. Kórar kirknanna ná til allra aldurshópa, allt frá leikskólabörnum og upp í eldri borgara kóra. Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar vinnur einnig að kirkjutónlistinni og fræðir, styrkir og hvetur kórstjóra og kórmeðlimi um land allt.

Það fer að sjá fyrir endann á útkomu nýrrar sálmabókar sem hefur verið í smíðum undanfarin ár. Ég vonast til þess að á næsta kirkjuþingi verði sungið upp úr þeirri bók með hana í hönd en sálmarnir sem við sungum í helgistundinni áðan verða báðir í henni.

Græna kirkjan og umhverfismálin

Á þessu kirkjuþingi eru nokkrar tillögur bornar fram um umhverfismál. Umhverfisnefnd kirkjunnar vinnur vel sitt verk og stendur vaktina við að hrinda umhverfisstefnunni í framkvæmd. Mikið hefur farið fyrir umhverfismálunum í kirkjunni og græna kirkjan hefur breiðst út í söfnuði landsins.

„Manneskjan er hluti af náttúrunni en ekki yfir hana hafin. Hún ber jafnframt sérstaka ábyrgð vegna stöðu sinnar í sköpunarverki Guðs samkvæmt gyðing-kristinni hefð. Þeirri ábyrgð fylgir sú siðferðilega skylda að hlúa að öllu lífi. Hlutverk mannkyns er að yrkja jörðina, vernda hana og næra, og nýta gæði hennar af umhyggju og virðingu með sjálfbærni að leiðarljósi“ segir m.a. í umhverfisstefnu þjóðkirkjunnar.

Nokkrir söfnuðir þjóðkirkjunnar hafa fengið viðurkenningu fyrir það að vera á grænni leið. Til þess að ná því þarf að uppfylla viss skilyrði grænnar kirkju. Aðeins einn söfnuður hefur nú þegar náð því að verða grænn söfnuður. Allir söfnuðir kirkjunnar taka þátt í því að gera kirkjuna græna en eru mislangt á veg komnir. Græna kirkjan er því verkefni allrar kirkjunnar og því má segja að þjóðkirkjan séu stærstu umhverfissamtök landsins með um 2/3 íbúa landsins innanborðs.

Þjóðkirkjan hefur nú í þrjú ár tekið þátt í umhverfisátaki fjölda kirkna heimsins sem nefnist tímabil sköpunarverksins og stendur frá 1. september til 4. október ár hvert. Við

höfum reyndar látið það ná yfir lengra tímabil því þátttaka kirkjunnar á Artic Circle ráðstefnunni hefur varað fram undir miðjan október. Í tengslum við þátttöku á þessari norðurslóðaráðstefnu hefur þjóðkirkjan staðið fyrir málþingi um umhverfismál með þátttakendum frá ýmsum kirkjum og kirknasamtökum heimsins og nú síðast einnig með fulltrúum Sameinuðu þjóðanna, Landverndar og fleirum. Þeir kennimenn og konur sem hafa sótt þessar samkonur hafa endað dvölina með því að prédika í kirkjum á höfuðborgarsvæðinu um umhverfismál og aðstæður heima fyrir.

Þjóðkirkjan lætur sig umhverfið varða því við höfum hlutverk í hinni sístæðu sköpun Guðs og hér er um siðferðilegt málefni að ræða ekki síður en vísindalegt.

Unga fólkíð

Um síðustu helgi var haldið landsmót æskulýðsfélaga kirkjunnar. Það fór fram í Ólafsvík og var yfirskriftin „skapandi landsmót“. Það var gaman að hitta þetta unga prúða fólk sem hafði flest keyrt um langan veg til að sækja mótið. Þetta unga fólk mun væntanlega muna eftir kirkjunni sinni á leið sinni um lífsins veg og eiga sína fulltrúa á kirkjuþingum framtíðarinnar. Kirkjan er nú ekki meira deyjandi en það að hvarvetna um land allt er fólk sem leggur á sig ómælda vinnu í kirkjunni og styður þar með samfélag sitt og heldur utan um allt það góða starf sem fram fer í kirkjum landsins. Þetta þarf ég ekki að segja ykkur því þið eruð hluti af þeim góða hópi.

Unga fólkíð er framtíðin er stundum haft á orði, en unga fólkíð er líka hér og nú og kirkjuþing unga fólksins á líka fulltrúa sinn á þessu þingi. Víðs vegar um heiminn hefur unga fólkíð beitt sér í loftslagsmálunum og þau hafa líka áhrif á starfið í kirkjum vítt og breitt um veröldina. Í Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi hafa þau ásamt fleirum staðið fyrir verkefninu „fasta fyrir umhverfið“. Verkefnið fjallaði um að koma með hagnýtar leiðir í umhverfisstarfi og var það 40 daga áskorun um að draga úr vistsporinu og eiga umhverfisvænni hversdag.

Kosning á kirkjuþing og lýðræðið

Ég fagna því að á kirkjuþinginu núna er lögð fram tillaga að breytingum um kjör til kirkjuþings. Bakland fulltrúa kirkjuþings er ekki nógu mikið eða sterkt þegar fulltrúar geta verið með allt niður í 3 atkvæði á bak við sig. Með tillögunni gefst kirkjuþingi tækifæri til að ræða starfsreglur um kjör til kirkjuþings þó breytingartillagan feli aðeins í sér að fella niður fimm orð.

Það er talað um að fulltrúalýðræði ríki í kirkjunni. Það endurspeglast m.a. í kosningum á kirkjulegum vettvangi og hér á kirkjuþinginu. Ég hef sagt það áður og segi það enn. Það á að kjósa til kirkjuþings í almennri kosningu alls þjóðkirkjufólks. Það er hvort sem er kosið til kirkjuþings í sama mánuði og til sveitarstjórna. Þeir sem eru í þjóðkirkjunni fá þá 2 atkvæðaseðla til að fara með inn í kjörklefann, annan til kirkjuþingskosninga, hinn til sveitarstjórnarkosninga. Þannig yrði lýðræðið betur tryggt og hægt að nota tækifærið til að laga skráningar í kirkjunni. Ég myndi vilja sjá lista fólks í hverju kjördæmi. Bak við nöfnin á listunum er hugmyndafræði sú sem fólkíð aðhyllist í sambandi við stjórn og framgöngu kirkjunnar í landinu. Fólk getur þá kosið þann lista sem það telur best til þess

fallinn að koma ákveðnum hugmyndum í framkvæmd. Þetta er svo dýrt segja sumir, en lýðræðið er dýrt og ég held að þetta sé ekki dýrara en margt annað sem peningarnir fara í núna hjá kirkjunni. Kostnaðarumsögn fylgir hins vegar ekki tillögunni á þessu stigi enda er hún ekki á málaskrá þingsins.

Þjóðarpúls Gallups

Í vikunni komu niðurstöður könnunar, þjóðarpúls Gallups. Þar voru m.a. mælingar um málefni þjóðkirkjunnar. Þar stóð: „Um þriðjungur Íslendinga ber mikið traust til þjóðkirkjunnar. Það er svipað hlutfall og í fyrra en þá lækkaði það frá fyrri mælingum. Nær þriðjungur ber hvorki mikið né lítið traust til þjóðkirkjunnar og um þriðjungur ber lítið traust til hennar. Konur bera aðeins meira traust til þjóðkirkjunnar en karlar, og eldra fólk ber að jafnaði meira traust til hennar en yngra fólk. Íbúar landsbyggðarinnar bera einnig meira traust til þjóðkirkjunnar en íbúar höfuðborgarsvæðisins“.

Það er þakkarvert að fá niðurstöðu úr svona könnun. Það hjálpar okkur að átta okkur á stöðu kirkjunnar meðal almennings í landinu. Þar sem kirkjuþing er nefnt æðsta valdastofnun þjóðkirkjunnar þá tel ég að könnunin eigi líka við um þingið og vek þess vegna athygli á könnuninni og niðurstöðunum. En þegar tölur eru annars vegar þá er ekki víst að tveir plús tveir séu alltaf fjórir. Það má lesa margt út úr tölum og túlka þær á ýmsan máta. Í stað þess að telja að þriðjungur þjóðarinnar treysti kirkjunni mætti líka orða það svo að þriðjungur þjóðarinnar treysti ekki kirkjunni en tveir þriðju gerðu það. Traust er undirstaða þess að góð samskipti eigi sér stað. Traust er undirstaða þess að fólk leiti til kirkjunnar.

Svo var mæld ánægja með störf biskupsins. Niðurstaðan er ekkert til að hrópa húrra fyrir enda kannski ekki hægt að gera ráð fyrir því að svarendur viti mikið um störfin. Hins vegar ber á það að líta að biskup hvernar tíðar er andlit kirkjunnar út á við og það leiðir huga minn að þeirri skiptingu sem sumir hafa látið í ljós að ætti að stefna að í kirkju vorri. Andlegt og veraldlegt er það kallað. Í mínum huga er afskaplega erfitt að setja vegg þarna á milli en brúarsmið væri ef til vill betri kostur.

Loks var spurt um afstöðu svarenda til aðskilnaðar ríkis og kirkju. Það kemur ekki á óvart að fleiri en færri vilji þann aðskilnað. Í mínum huga er aðeins tvennt sem tengir saman ríki og kirkju, það er stjórnarskrárákvæðið um vernd og stuðning ríkisins við þjóðkirkjuna, sem meirihluti kjósenda 20. október 2012 samþykktu ekki að færi út úr stjórnarskránni og hitt atriðið er kirkjujarðasamkomulagið. Það tók 90 ár að gera það svo ekki er þess að vænta að riftun þess taki skemmri tíma. Kirkjan er sjálfstæð þjóðkirkja en ekki ríkiskirkja. Sá tími er liðinn og það fyrir 22 árum. Það er miklu meira atriði að eiga gott samband við þjóðina sem við viljum þjóna og umvefja kærleiksboðskap Jesú. Vegna hans erum við hér og hlutverk okkar er að koma þeim boðskap á framfæri í orði og verki.

Ég bið kirkjuþinginu farsældar í störfum sínum.

1. mál kirkjuþings 2019
Flutt af kirkjuráði

Skýrsla kirkjuráðs

Inngangur

Biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir, er forseti kirkjuráðs lögum samkvæmt. Auk biskups sitja í ráðinu fjórir fulltrúar kjörnir af kirkjuþingi til fjögurra ára, tveir leikmenn og tveir guðfræðingar. Kjörnir fulltrúar í kirkjuráði eru sr. Arna Grétarsdóttir, sóknarprestur á Reynivöllum, Kjalarnesprófastsdæmi, sr. Axel Árnason Njarðvík, héraðsprestur í Suðurprófastsdæmi, Stefán Magnússon, bóndi í Fagraskógi, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi og Svana Helen Björnsdóttir, rafmagnsverkfræðingur og framkvæmdastjóri hjá Klöppum, Grænum Lausnum hf., Reykjavíkurprófastsdæmi vestra. Varamenn eru Anna Guðrún Sigurvinsdóttir og Berglind Hönnudóttir, fulltrúar leikmanna; sr. Guðrún Karls Helgudóttir og sr. Hreinn S. Hákonarson, fulltrúar vígðra. Kjörtímabili þess kirkjuráðs sem nú situr lýkur í lok kirkjuþings 2022 en það var kosið á kirkjuþingi 2018.

Starfsemi kirkjuráðs

Almennt.

Störf kirkjuráðs byggjast á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum svo og starfsreglum um kirkjurád nr. 817/2000 með síðari breytingum. Kirkjurád fer með framkvæmd sameiginlegra málefna þjóðkirkjunnar, þar á meðal verkefna sem lög og stjórnvaldsreglur ætla því og erinda sem vísað er til þess m.a. af hálfu kirkjuþings, prestastefnu, samtökum leikmanna, Alþingis og ráðherra. Ákvörðunum kirkjulegra stjórnvalda, sem heyra undir lögsögu kirkjuráðs, má skjóta til kirkjuráðs til endanlegrar úrlausnar. Undanskildar eru ákvarðanir úrskurðar- og áfrýjunarnefnda svo og ákvarðanir biskups er varða agavaldið og lausn ágreiningsefna svo og um kenningu kirkjunnar. Ákvörðunum kirkjuráðs á framkvæmdasviði kirkjulegrar stjórnsýslu verður eigi áfrýjað til kirkjuþings en fjalla má um málefnið á kirkjuþingi að frumkvæði einstakra kirkjuþingsmanna. Um málsmeðferð í kirkjuráði, svo og meðal annarra kirkjulegra stjórnvalda, skal fylgt ákvæðum [stjórnsýslulaga, nr. 37/1993](#), eftir því sem við getur átt, leiði annað eigi af ákvæðum laga eða starfsreglna sem kirkjuþing setur. Hið sama á almennt við um sérstakt hæfi kirkjulegra stjórnvalda til meðferðar einstakra mála.

Kirkjurád undirbýr kirkjuþing í samráði við forseta þingsins og forsætisnefnd. Þá undirbýr ráðið þingmál sín og veitir kirkjuþingsfulltrúum sem þess óska aðstoð við framsetningu þingmála. Kirkjurád annast almennt framkvæmd ákvarðana þingsins ef annað er ekki ákveðið af kirkjuþingi. Kirkjurád undirbýr af hálfu þjóðkirkjunnar tillögur til fjárveitinga til hennar á fjárlögum og hefur yfirumsjón með ráðstöfun fjár sem veitt er af opinberri hálfu til kirkjulegrar starfsemi svo og fasteignamálum þjóðkirkjunnar.

Kirkjurád fer með stjórn Jöfnunarsjóðs sókna og kirkjumálasjóðs og úthlutar úr

sjóðunum á grundvelli umsókna og fjárhagsáætlana stofnana. Í fjármálaumsýslunni felst m.a. að gera fjárhagsáætlanir og fjárlagatillögur og árita ársreikninga þeirra sjóða sem ráðið stýrir og leggur fram á kirkjuþingi. Kirkjuráð hefur forræði og forsjá um Skálhóltsstað og hefur einnig afskipti af málefnum Skálholtsskóla.

Kirkjuráðsfundir.

Kirkjuráð heldur fund að jafnaði einu sinni í mánuði á biskupsstofu og á þessu starfsári hefur ráðið haldið 16 fundi. Í maí var haldinn fundur í Skálholti en þar voru málefni staðarins sérstaklega tekin til umræðu. Auk kirkjuráðsmanna og framkvæmdastjóra sitja að jafnaði fundi ráðsins skrifstofustjóri biskupsstofu, fjármálastjóri biskupsstofu þegar umræða um fjármál eru sérstaklega á dagskrá og biskupsritari sem ritar fundargerðir. Forseti kirkjuþings situr fundi kirkjuráðs þegar málefni kirkjuþings eru til umfjöllunar og formenn fastra nefnda kirkjuþings. Vígslubiskupar sitja fundi ráðsins þegar málefni biskupsstólanna eru til umfjöllunar. Samvinna er góð og samstarfsandi einnig.

Starfsfólk kirkjuráðs.

Starfsfólk kirkjuráðs: Oddur Einarsson, framkvæmdastjóri kirkjuráðs. Hann lét af störfum 1. október sl. og eru honum þökkuð störfin. Guðrún Finnbjarnardóttir fulltrúi, Arnór Skúlason, arkitekt, verkefnastjóri viðhaldsmála á fasteignasviði og Skúli Guðmundsson, lögfræðingur kirkjuráðs og kirkjuþings og sviðsstjóri fasteignasviðs. Skúli lét af störfum fyrir kirkjuráð 31. mars sl. en starfar nú tímabundið fyrir kirkjuþing og biskupsstofu.

Starfshópar kirkjuráðs.

Samkvæmt reglum um stjórnslu og starfshætti kirkjuráðs eru þrjár starfshópar kirkjuráðs starfandi, lagahópur, fjármalahópur og kirkjustarfshópur. Einn til tveir kirkjuráðsmenn starfa í hverjum hópi, ásamt starfsmanni frá biskupsstofu og formanni fastanefnda kirkjuþings. Skúli Guðmundsson, lögfræðingur kirkjuþings, hefur starfað með lagahópi, Sigurbjörg Nielsdóttir Hansen, fjármálastjóri biskupsstofu með fjármalahópi og séra Sigfús Kristjánsson, verkefnastjóri fræðslumála með kirkjustarfshópi. Stefán Magnússon starfar með lagahópi, Svana Helen Björnsdóttir og séra Axel Árnason Njarðvík með fjármalahópi og séra Arna Grétarsdóttir með kirkjustarfshópi kirkjuráðs.

Fundur Samstarfsnefndar Alþingis og Þjóðkirkjunnar.

Samstarfsnefnd Alþingis og Þjóðkirkjunnar starfar á grundvelli laga nr. 12/1982. Samstarfsnefndina skipa af hálfu Alþingis, forseti Alþingis og einn fulltrúi tilnefndur af hverjum þingflokki, en af hálfu Þjóðkirkjunnar kirkjuráð. Forseti Alþingis og biskup landsins fara með formennsku nefndarinnar sitt árið hvor. Tilgangur nefndarinnar er að vinna að auknum skilningi í löggjafarstarfi á verkefnum kirkjunnar. Samstarfsnefndin getur annars vegar sent ályktanir og tillögur til Alþingis eða einstakra nefnda þess, en hins vegar til kirkjuþings.

Haldinn var fundur í nefndinni þann 13. mars sl. í Alþingishúsinu. Eftirfarandi málefni voru á dagskrá:

- a) *Fjárhagsleg samskipti, þ.á m. staða sóknargjalda, kirkjujarðasamkomulagið, jöfnunarsjóður sókna og kirkjumálasjóður.*
- Minnisblað kirkjuráðs og biskups, til samninganefndar og ráðherra dags. 13.02.2019.
 - Minnisblað kirkjujarðasamkomulag, virðisútreikningur. Deloitte dags. 20.12.2017,
 - Útreikningur á sóknargjöldum. Deloitte dags. 25.05.2018.
 - Minnisblað, Jöfnunarsjóður sókna og viðhaldsmál sókna, kirkjuráð dags. 18.01.2019.
- b) *Staða friðaðra kirkna, þ.á m. kostnaður v. endurbóta á Dómkirkjunni.*
- Minnisblað. Friðlýstar og friðaðar sóknarkirkjur, viðhaldspörf. Kirkjuráð dags, 12.03.2019
- c) *Hjálparstarf kirkjunnar og félagsstarf kirkjunnar.*
- Biskup Íslands ræddi starfsemi Hjálparstarfs kirkjunnar og safnaðarstarf þjóðkirkjunnar vítt og breitt um landið.
- d) *Framhald og fyrirkomulag samskipta Alþingis og þjóðkirkjunnar.*
- Umræður um framhald og fyrirkomulag samskipta Alþingis og þjóðkirkjunnar og voru þeir sem til máls tóku sammála um að huga þyrfti að breyttu formi þessara samskipta. (fskj. 1.)

Verkefni kirkjuráðs á starfsárinu.

Reglulegt kirkjuþing, 57. kirkjuþing 2018, hófst í Vídalínskirkju þann 3. nóvember 2018 og stóð til 7. nóvember 2018 en var þá frestað og framhaldið í Háteigskirkju 2. og 3. mars 2019. Á þinginu voru lögð fram 31 mál, kirkjuráð lagði fram níu mál, biskup Íslands flutti sex mál. Þingmannamál voru 15 þar af eitt flutt af fulltrúa kirkjuþings unga fólksins. Alls voru 26 mál afgreidd á þinginu. Gerðir kirkjuþings eru gefnar út og þeim dreift til þingfulltrúa, presta, formanna sóknarnefnda o.fl. Einnig eru þær birtar á vefsíðu kirkjunnar. Þar eru birtar breytingar á starfsreglum, nýjar starfsreglur, ályktanir og samþykktir kirkjuþings. Kirkjuráð hefur unnið að framkvæmd og kynningu þeirra mála sem kirkjuþing fól ráðinu að sinna. Jafnframt hafa samþykktar starfsreglur verið birtar í Stjórnartíðindum.

► Ályktanir kirkjuþings

Hér verður gerð grein fyrir þeim málum sem kirkjuráð flutti á kirkjuþingi og afgreiðslu kirkjuþings á þeim. Einnig verður gerð grein fyrir stöðu og framvindu mála á starfsárinu sem kirkjuþing ályktaði að vísa til kirkjuráðs.

1. mál. Skýrsla kirkjuráðs til kirkjuþings um störf sín.

Kirkjuþing ályktar að hugað verði að félagatali þjóðkirkjunnar. Auk þess sem birt verði reglulega á heimasíðu kirkjunnar tölur um þátttöku í kirkjulegum athöfnum og öðru starfi kirkjunnar.

Kirkjuráð samþykkti að setja ofangreind málefni í forgang. Kirkjuráð samþykkti að taka upp viðræður við Þjóðskrá Íslands um skráningarmál þjóðkirkjufólks. Kirkjuráð felur kirkjustarfshópi að fara yfir skráningarmál þjóðkirkjunnar og félagatalið og að fylgja máli 2.

málsliðar eftir gagnvart umsjónaraðilum heimasíðunnar og þeim sem sinna tæknimálum og gefa kirkjuráði skýrslu um stöðu mála á næsta fundi.

Haldinn hefur verið fundur með fulltrúum frá Þjóðskrá Íslands og málið er enn í vinnslu.

Kirkjuþing þakkar skírarnefnd hennar störf og leggur til að hún haldi áfram og kynni söfnuðum tillögur sínar.

Kirkjuráð samþykkti að fela fjármálahópi að taka málið fyrir og gera tillögu um það til næsta fundar kirkjuráðs, þar sem fjárhagsáætlanir kirkjunnar verða afgreiddar. Framlag til nefndarinnar í drögum að fjárhagsáætlun 2019 er kr. 725.000 en það verkefni sem meta skal snýr að samþykkt kirkjuþings 2018 þess efnis að skírnarfræðslunefnd kynni söfnuðum tillögur sínar. Kirkjuráð samþykkti að skírnarfræðslunefnd geri tillögur um kynningarmál sín þannig að unnt verði að meta kostnaðinn við verkefnið. Í skírnarhópi kirkjuþings eru þau: sr. Kristján Valur Ingólfsson, Drífa Hjartardóttir og sr. Sjöfn Jóhannesdóttir. Hópurinn hefur skilað skýrslu skírnarhóps kirkjuþings 2018-2019. (fskj. 2).

Kirkjuþing ályktar að kirkjuráð geti framvegis um stöðu og framvindu mála í ársskýrslu sinni.

Kirkjuráð samþykkti að taka ábendinguna til greina.

Kirkjuþing ályktar að þjóðkirkjan taki upplýsinga- og kynningarmál föstum tókum og læri af þeim kostnaðarsömu mistökum sem gerð hafa verið.

Kirkjuráð lýsir yfir ánægju með hina nýju heimasíðu kirkjan.is og nýjan þjónustuvef, en hvetur umsjónaraðila til að sinna af hraða og festu því að lagfæra og útfæra vefina í samræmi við þær ábendingar sem borist hafa. Kirkjuráð hefur þegar slitið samstarfinu sem lýtur að verkefninu leitandi.is.

Kirkjuþing fagnar því að kirkjuráð hafi loks ákveðið að auglýsa eftir jafnréttisfulltrúa sem kirkjuþing 2017 samþykkti að ráða.

Kirkjuráð samþykkti að fela fjármálahópi að taka málið fyrir og gera tillögu um það til næsta fundar kirkjuráðs, þar sem fjárhagsáætlanir kirkjunnar verða afgreiddar.

Kirkjuþing metur störf kirkjuþings unga fólksins og hvetur þingfulltrúa KUF til að láta rödd sína heyrast áfram.

Kirkjuráð tekur undir hvatningu kirkjuþings í garð unga fólksins í kirkjunni. Rödd þeirra er kirkjunni mikilvæg.

Gerð er grein fyrir kirkjuþingi unga fólksins síðar í skýrslunni.

Kirkjuþing hvetur til þess að stutt verði við starfsemi Skálholtsútgáfunnar og rekstarumhverfi hennar verði tryggt svo hún geti áfram sinnt sínu hlutverki við útgáfu, boðun og fræðslu.

Kirkjuráð mun leitast við í verkum sínum að styðja við starfsemi Skálholtsútgáfunnar

og rekstrarumhverfis hennar. Kirkjuráð mun leita eftir fundi með forsvarsmönnum Skálholtsútgefunnar til að ræða málefni hennar við fyrsta tækifæri.

2. mál. *Skýrsla um fjármál þjóðkirkjunnar.*
Flutt af kirkjuráði.

Kirkjuþing 2018 samþykkir endurskoðaða ársreikninga þjóðkirkjunnar, Tónskóla þjóðkirkjunnar og Skálholts fyrir árið 2017. Enn fremur afgreiddi kirkjuþing fjármál þjóðkirkjunnar með eftirfarandi þingsályktun 1. mars 2019: Kirkjuþing 2017 samþykkir endurskoðaða ársreikninga kirkjumálasjóðs, jöfnunarsjóð sókna og kristnisjóðs fyrir árið 2017.

3. mál. *Þingsályktun við drög að frumvarpi dómsmálaráðherra til laga um breytingu á lögum um helgidagafrið nr. 32/1997.*

Kirkjuþing 2018 samþykkir að umsögn sú um frumvarp dómsmálaráðuneytisins, sem fram kemur í nefndaráli lögjafarnefndar þingsins á þskj. 66 verði send dómsmálaráðherra.

Kirkjuráð sendi dómsmálaráðherra umsögn lögjafarnefndar kirkjuþings.

11. mál. *Þingsályktun um stefnumótun fyrir kærleiksþjónustu þjóðkirkjunnar.*

Þingmannamál. Vísað til kirkjuráðs um framkvæmd.

Kirkjuþing 2018 samþykkir að fela kirkjuráði að skipa nefnd til að vinna að stefnumótun fyrir kærleiksþjónustu þjóðkirkjunnar. Nefndin verði skipuð þremur fulltrúum. Einn fulltrúi verði tilnefndur af Prestafélagi Íslands og einn af Djáknafélagi Íslands. Verkefnisstjóri kærleiksþjónustusviðs biskupsstofu verði formaður nefndarinnar. Nefndin vinni náð með þeim sem koma að sérhæfði kærleiksþjónustu kirkjunnar.

Tillaga að stefnu fyrir kærleiksþjónustu þjóðkirkjunnar verði lögð fyrir kirkjuþing 2019.

Kirkjuráð samþykkti á fundi sínum 2. október sl. að skipa eftirfarandi aðila í nefndina: Séra Þór Hauksson, tilnefndur af Prestafélagi Íslands. Elísabet Gísladóttir, djákni, og varamaður hennar Helga Björk Jónsdóttir, djákni, tilnefndar af Djáknafélagi Íslands. Ragnheiður Sverrisdóttir, djákni og verkefnastjóri á biskupsstofu, sem verði formaður nefndarinnar.

Nefndin hefur ekki komið saman enda nýskipuð. Stefna fyrir kærleiksþjónustu þjóðkirkjunnar verður því ekki lögð fyrir kirkjuþing 2019.

12. mál. *Starfsreglur um samfélags- og fræðslunefnd þjóðkirkjunnar.*

Þingmannamál.

Samkvæmt starfsreglum skilar Samfélags- og fræðslunefnd þjóðkirkjunnar kirkjuráði árlegri skýrslu, sem fjallað er um af kirkjuþingi. Einnig gerir nefndin starfs- og fjárhagsáætlun sem samþykkt er af kirkjuráði og lögð fyrir kirkjuþing til ályktunar. Biskup Íslands skipar fimm fulltrúa í nefndina til fjögurra ára og jafnmarga til vara. Kirkjuþing tilnefnir tvo fulltrúa í nefndina og skal annar þeirra vera formaður hennar. Biskup Íslands skipar þrjá fulltrúa án tilnefningar úr röðum starfsmanna sinna. Starfsmennirnir skulu vera verkefnastjórar frá fræðslusviði, kærleiksþjónustusviði og Starfs- og leikmannaskóla

kirkjunnar. Nefndin skal skipta með sér verkum. Í nefndina hafa verið skipaðir eftirfarandi fulltrúar: Kosin af kirkjuþingi, aðalmenn: Jónína Ólafsdóttir og Þóra Hjörleifsdóttir. Varamenn: Daníel Ágúst Gautason og Dagur Fannar Magnússon. Biskup hefur skipað sem aðalmenn: Hrein S. Hákonarson, Magneu Sverrisdóttur og Sigfús Kristjánsson. Varamenn eru: Halldór Reynisson, Hildur Björk Hörpudóttir og Ragnheiður Sverrisdóttir.

Starfsreglurnar hafa verið birtar í Stjórnartíðindum.

17. mál. *Þingsályktun um persónuverndarstefnu fyrir þjóðkirkjuna.*

Flutt af kirkjuráði.

Persónuverndarstefnan hefur verið birt á vefsíðu kirkjunnar og vinnur persónuverndarfulltrúi biskupsstofu að innleiðingu hennar.

18. mál. *Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar nr. 950/2009, með síðari breytingum.*

Flutt af kirkjuráði.

Hér er um að ræða breytingar á hlunnindatekjum presta og hefur kirkjuráð upplýst þá sem breytingin mun hafa áhrif á.

Starfsreglurnar hafa verið birtar í Stjórnartíðindum og á vefsíðu kirkjunnar.

19. mál. *Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum.*

Flutt af kirkjuráði.

Hér er um að ræða brottfall ákvæða um prestssetur og húsaleigustyrkja til presta. Húsaleigustyrkur fellur niður 1. desember 2019. Kirkjuráð hefur tilkynnt viðkomandi prestum um breytingarnar.

Starfsreglurnar hafa verið birtar í Stjórnartíðindum og á vefsíðu kirkjunnar.

22. mál. *Starfsreglur um breytingar á ýmsum starfsreglum kirkjuþings samkvæmt heimildum í lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum. (Bandormur).* Flutt af kirkjuráði.

Starfsreglurnar hafa verið birtar í Stjórnartíðindum og á vefsíðu þjóðkirkjunnar.

23. mál. *Þingsályktun um fasteignastefnu þjóðkirkjunnar.*

Flutt af kirkjuráði.

Kirkjuþing samþykkti fasteignastefnuna og hefur hún verið birt á vefsíðu þjóðkirkjunnar.

27. mál. *Þingsályktun um fræðslustefnu þjóðkirkjunnar.*

Þingmannamál.

Kirkjuþing samþykkti Fræðslustefnu þjóðkirkjunnar þar sem sérstök áhersla er lögð á skírnarfræðslu og fræðslu um umhverfismál. Biskupi Íslands og kirkjuráði er falið að fylgja eftir framkvæmd stefnunnar samkvæmt aðgerðaráætlun.

Fræðslustefnan hefur verið birt á vefsíðu þjóðkirkjunnar.

► *Mál biskups og þingmanna.*

Sameiningar prestakalla.

Kirkjuþing samþykkti eftirfarandi breytingar á prestakallaskipaninni:

Mál 6., 7., 9. og 10. Flutt af biskupi Íslands

6. mál. Sameining Bústaða- og Grensásprestakalla, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra, í eitt prestakall, Fossvogsprestakall.

7. mál. Sameining Hólmavíkur- og Reykhólaprestakalla, Vestfjarðaprófastsdæmi, í eitt prestakall, Breiðafjarðar- og Strandaprestakall.

9. mál. Sameining Langanes- og Skinnastaðarprestakalla, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi, í eitt prestakall, Langanes- og Skinnastaðarprestakall.

10. mál. Djúpavogs-, Eskifjarðar-, Heydala- og Norðfjarðarprestaköll, Austurlandsprófastsdæmi, sameinist Kolfreyjustaðarprestakalli. Heiti prestakallsins verði Austfjarðaprestakall.

Sameiningar hafa tekið gildi og þegar hefur verið í skipað í sjö embætti samkvæmt breytingunum, þar af fjögur embætti í Austfjarðaprestakalli. Ekki hefur enn verið auglýst eftir sóknarpresti í sameinuðu Breiðafjarðar- og Strandaprestakall þar sem prestssetrið á Reykhólum þarfnast endurbóta. Verið er að vinna í málinu.

Starfsreglurnar hafa verði birtar í Stjórnartíðindum og á vefsíðu þjóðkirkjunnar.

► *Önnur mál.*

13. mál. *Þingsályktun um siðbót er varðar vinnuumhverfi kvenna í kirkjunni.*

Þingmannamál.

Kirkjuþing ályktaði að #metoo áskorun prestsvígðra kvenna frá 16. janúar 2018 verði tekin alvarlega og mun beita sér fyrir siðbót hvað varðar vinnuumhverfi kvenna, prestsvígðra og annarra, í kirkjunni.

14. mál. *Þingsályktun um meðferð mála innan þjóðkirkjunnar er varða einelti, kynferðislega áreitni, kynbundið áreiti og ofbeldi.*

Þingmannamál.

Kirkjuþing 2018 samþykkti að skipa nefnd þriggja fulltrúa til að móta starfsreglur, verklag og stjórnkerfi til að bregðast við málum sem upp gætu komið innan kirkjunnar er varða einelti, kynferðislega áreitni, kynbundið áreiti og ofbeldi. Nefndin skili tillögum sínum til kirkjuþings hið fyrsta þannig að þær fái endanlega úrlausn kirkjuþings á fyrri hluta árs 2019.

Kirkjuþing skipaði þau Kolbrúnu Baldursdóttur, Anný Ingimarsdóttur og Vigfús Bjarna Albertsson í nefndina sem skilaði tillögum sínum fyrir framhaldsþingið 2018 sem haldið var í mars 2019. Með nefndinni starfaði Skúli Guðmundsson, lögfræðingur kirkjuþings. Sjá 28. og 29. mál 2018

15. mál. *Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um kjör til kirkjuþings nr. 1075/2017.*

Þingmannamál.

Viðbótarskilyrði til að vera kjörgengur til kirkjuþings er að hafa óflekkað mannorð.

Starfsreglurnar hafa verði birtar í Stjórnartíðindum og á vefsíðu þjóðkirkjunnar.

16. mál. *Starfsreglur um breytingu á siðareglum vígðra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar, sem samþykktar voru á kirkjuþingi 2009, sbr. breytingu á kirkjuþingi 2013.*
Þingmannamál.

Um er að ræða breytingu á inngangi siðareglna þjóðkirkjunnar til að tryggja að þessar reglur nái einnig til kjörinna fulltrúa s.s. kirkjuþings- og kirkjuráðsfulltrúa og þeirra sem valin eða kosin eru til trúnaðarstarfa í nefndum og ráðum kirkjunnar.

Starfsreglurnar hafa verði birtar á vefsíðu þjóðkirkjunnar.

20. mál. *Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði.*

Þingmannamál.

Vesturlandsprófastsdæmi: Kirkjuþing samþykkti að leggja Saurbæjarprestakall niður. Sóknir hins niðurlagða prestakalls tilheyra eftirleiðis Garðaprestakalli sem nefnist Garða- og Hvalfjarðarstrandarprestakall.

Niðurlagning og sameining prestakallanna hefur tekið gildi og hefur biskup skipað þar sóknarprest. Auglýst mun verða fljótlega eftir tveimur prestum til að þjóna í prestakallinu.

Starfsreglurnar hafa verði birtar í Stjórnartíðindum og á vefsíðu þjóðkirkjunnar.

25. mál. *Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um kirkjuþing unga fólksins nr. 952/2009, með síðari breytingu.*

Kirkjuþing unga fólksins.

Breytingin fjallar um málfrelsi og tillögurétt fulltrúa á Kirkjuþing unga fólksins og um aldursmörk þeirra.

Starfsreglurnar hafa verði birtar í Stjórnartíðindum og á vefsíðu þjóðkirkjunnar.

26. mál. *Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um þingsköp kirkjuþings (þóknananefnd).*
Þingmannamál.

Nefndin ákveður þóknun fyrir störf í ráðum, nefndum og starfshópum á vegum kirkjunnar. Enn fremur ákveður nefndin þingfararkaup kirkjuþingsfulltrúa. Nefndin skal birta ákvarðanir sínar um þóknunir á opnu vefsvæði þjóðkirkjunnar.

Ákvarðanir þóknananefndari hafa verið birtar á vefsíðu þjóðkirkjunnar.

Starfsreglurnar hafa verði birtar í Stjórnartíðindum og á vefsíðu þjóðkirkjunnar.

28. mál. *Starfsreglur um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar.*

Þingmannamál.

Starfsreglurnar hafa verði birtar í Stjórnartíðindum og á vefsíðu þjóðkirkjunnar.

29. mál. *Stefna þjóðkirkjunnar um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar.*

Þingmannamál.

Stefnan hefur verði birt á vefsíðu þjóðkirkjunnar.

30. mál. *Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000, með síðari breytingum.*

Þingmannamál.

Starfsreglurnar hafa verði birtar í Stjórnartíðindum og á vefsíðu Þjóðkirkjunnar.

31. mál. *Samkomulag um áframhaldandi ráðningu starfsmanns kirkjuþings.*

Kirkjuráð bókaði eftirfarandi:

Bókað var á fundi kirkjuráðs í nóvember 2018: *Málið var dregið til baka af flutningsmönnum og hlaut því ekki afgreiðslu kirkjuþings.*

Á fundi kirkjuráðs í 10. apríl sl. óskaði Stefán Magnússon eftir lagfæringu á afgreiðslu kirkjuráðs á kirkjuþingsmáli nr. 31. Eftirfarandi var fært til bókar:

Á 289. fundi kirkjuráðs var bókað að 31. mál kirkjuþings 2018 hefði verið dregið til baka af flutningsmönnum og hefði því ekki hlotið afgreiðslu kirkjuþings. Forseti kirkjuþings hefur farið fram á að kirkjuráð veki athygli á að ofangreindar lyktir málsins urðu vegna samkomulags milli forseta kirkjuþings og biskups Íslands um að biskupsstofa ráði núverandi lögfræðing kirkjuþings til starfa a.m.k. tímabundið fram að næsta reglulega kirkjuþingi haustið 2019. Samkomulag þetta var borið undir þingheim sem samþykkti það samhljóða.

Mál þetta er birt í gerðum kirkjuþings.

Fjárhagsleg samskipti ríkis og kirkju.

Viðræður um fjárhagsleg samskipti ríkis og kirkju hafa staðið yfir frá árinu 2015. Viðræðurnar eru grundvallaðar á 4. gr. samkomulags ríkis og kirkju frá 10. janúar 1997 (fylgiskjali kirkjujarðasamkomulagsins). Í viðræðunefnd kirkjunnar sátu eftirfarandi kirkjuþingsmenn: Magnús E. Kristjánsson, formaður, Óskar Magnússon og Jónína Bjartmarz. Kirkjuráð samþykkti á fundi sínum 9. janúar 2019 að óska eftir því við kirkjuþing að núverandi forseti þingsins, Drífa Hjartardóttir, tæki sæti í samninganefnd kirkjunnar. Það var samþykkt. Með nefndinni starfaði um hríð Skúli Guðmundsson, lögfræðingur kirkjuþings. Viðræðunefndirnar luku störfum í ágúst sl. og boðaði forseti kirkjuþings þá til aukakirkjuþings til að leggja fram viðbótarsamning við samning ríkis og þjóðkirkju frá 1997.

Aukakirkjuþing 2019.

Aukakirkjuþing 2019, 58. kirkjuþing, var haldið í Háteigskirkju 28. ágúst sl. og fór fyrri umræða fram þann dag. Þinginu var frestað um viku og fór síðari umræða fram í Grensáskirkju 4. september sl. Þar voru lagðar fram eftirfarandi tvær þingsályktunartillögur: 1. mál. *Tillaga til þingsályktunar um viðbótarsamning íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar.* Flutt af forsætisnefnd.

Aukakirkjuþing 2019 samþykkir viðbótarsamning íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um endurskoðun á samkomulagi um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997 og samningi íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um rekstrarkostnað vegna prestsembættis og prófesta, rekstrarkostnað biskupsstofu, framlag til Kristnisjóðs og sérframlög til þjóðkirkjunnar frá 4. september 1998.

2. mál. *Tillaga til þingsályktunar um skipan sex manna nefndar vegna viðbótarsamnings milli þjóðkirkjunnar og ríkisins.*

Flutt af forsætisnefnd.

Aukakirkjuþing 2019 samþykkir að beina því til kirkjuráðs að skipa sex manna nefnd vegna viðbótarsamnings milli þjóðkirkjunnar og ríkisins. Nefndarskipan verði eftirfarandi: Biskup Íslands tilnefnir einn fulltrúa, forsætisnefnd tilnefnir annan. Einn fulltrúi er tilnefndur af kirkjuráði, einn af löggjafarnefnd, einn af fjárhagsnefnd og einn af allsherjarnefnd. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti.

Samkvæmt samþykkt kirkjuþings skipaði kirkjuráð á fundi sínum 11. september sl. eftirfarandi fulltrúa í nefndina: Forsætisnefnd: Aðalmaður: Anna Guðrún Sigurvinsdóttir, varamaður: Guðlaugur Óskarsson. Kirkjuráð: Aðalmaður: Axel Árnason Njarðvík, varamaður: Arna Grétarsdóttir. Biskupsembættið: Aðalmaður: Guðmundur Þór Guðmundsson, varamaður: Þorvaldur Víðisson. Allsherjarnefnd: Aðalmaður: Guðrún Karls Helgudóttir, varamaður: Anný Ingimarsdóttir. Fjárhagsnefnd: Aðalmaður: Gísli Jónasson, varamaður: Gísli Gunnarsson. Löggjafarnefnd: Aðalmaður: Steindór R. Haraldsson, varamaður: Bryndís Malla Elíóttir. Nefndin hefur hlotið heitið *Framtíðarnefnd þjóðkirkjunnar*.

Mál lögð fram af kirkjuráði á kirkjuþingi 2019.

Kirkjuráð leggur fram 11 mál. Þau eru eftirfarandi:

1. mál. Skýrsla kirkjuráðs.

Að venju leggur kirkjuráð fram skýrslu um störf sín á kirkjuþingsárinu. Skýrsla þessi ásamt fylgiskjölum er lögð fyrir kirkjuþing 2019 skv. starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000, með síðari breytingum.

Vísað er til Árbókar kirkjunnar þar sem einnig er að finna greinargóðar skýrslur um kirkjustarfið.

2. mál. Skýrsla um fjármál þjóðkirkjunnar.

Fjármál þjóðkirkjunnar eru lögð fram á kirkjuþingi. Reikningar stofnana og sjóða vegna ársins 2018 eru aðgengilegir öllum kirkjuþingsfulltrúum. Ríkisendurskoðun skilar endurskoðunarskýrslu vegna sjóða og stofnana kirkjunnar fyrir árið 2018.

17. mál. Tillaga til þingsályktunar um Jafnréttisstefnu þjóðkirkjunnar.

Hér er lögð fram endurskoðuð jafnréttisstefna þjóðkirkjunnar. Í núgildandi stefnu er kveðið á um að Jafnréttisnefnd leggi mat á jafnréttisstefnuna og endurskoði framkvæmdaáætlun hennar. Jafnréttisnefnd hefur nú endurskoðað stefnuna. Þar kemur fram að Jafnréttisnefnd skuli skila tillögu að nýrri framkvæmdaráætlun til biskups og kirkjuráðs fyrir 1. september 2023. Hún verði lögð fyrir kirkjuþing haustið 2023 og taki gildi 1. janúar 2024.

18. mál. Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um prestssetur og aðrar fasteignir kirkjunnar nr. 950/2009, með síðari breytingum.

Tillagan fjallar um að leiga prestssetra í eigu kirkjunnar skuli ekki vera lægri en kr. 50.000 á mánuði og taki sú fjárhæð breytingum árlega samkvæmt neysluvísitölu.

19. mál. *Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000, með síðari breytingum.*

Tillagan fjallar um að kirkjuráð skipi Strandarkirkjunefnd, sbr. 2. gr. reglna um Strandarkirkju í Selvogi sem samþykktar voru á kirkjuþingi árið 2001.

20. mál. *Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um val og veitingu prestsembættis nr. 144/2016, með síðari breytingum.*

Hér er m.a. lagt til að matsnefnd um hæfni til prestsembættis skili umsögn innan sex vikna í stað fjögurra og að biskupsstofa standi straum af kostnaði við nefndina í stað kirkjumálasjóðs. Einnig er lagt til að prófastar geti óskað eftir aðstoð við undirbúning kjörnefndarfunda ef þeir svo kjósa.

21. mál. *Tillaga til þingsályktunar um skipan nefndar til endurskoðunar á starfsreglum um íslensku þjóðkirkjuna erlendis.*

Tillagan fjallar um skipun þriggja manna nefndar til þess að endurskoða starfsreglur um íslensku þjóðkirkjuna erlendis.

Fasteignir.

Um fasteignir þjóðkirkjunnar gilda starfsreglur um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar nr. 950/2009, með síðari breytingum og Fasteignastefna þjóðkirkjunnar sem samþykkt var á kirkjuþingi 2018 og öðlast gildi 1. janúar 2019.

Kirkjuráð annast um rekstur fasteigna kirkjumálasjóðs sem felst m.a. í því að annast viðhald eignanna í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun, gæta réttinda og varðveita þau sem tengjast eignunum, sjá um tryggingar og halda uppi lögskilum.

– *Samkomulag um úrvinnslu og yfirfærslu á tilteknum eignum.*

Ríkissjóður og þjóðkirkjan hafa gert með sér samkomulag um endanlega úrvinnslu og yfirfærslu á tilteknum lóðum, spildum og öðrum eignum í samræmi við samkomulag frá árinu 2006 við Þjóðkirkjuna um prestssetur og afhendingu þeirra til kirkjunnar. Með samkomulagi þessu hefur endanleg úrvinnsla nú farið fram á því samkomulagi ásamt fullnaðaruppgjöri er tengist eignarhaldi einstakra eigna. Ekki munu verða viðhafðar frekari kröfur milli aðila um yfirfærslu eigna á grundvelli samkomulagsins frá árinu 2006. Í samræmi við það sem kemur fram í samkomulaginu frá árinu 2006 eru aðilar sammála um að lóðir þær og spildur og aðrar eignir, sem þar eru upptaldar, eigi að færast yfir til kirkjunnar og er sérstaklega vísað til þeirra í samkomulaginu með beinum eða óbeinum hætti:

Á fundi kirkjuráðs 12. febrúar sl. var samþykkt að fela framkvæmdastjóra kirkjuráðs að undirrita samkomulagið fyrir hönd kirkjumálasjóðs og jafnframt lýsti ráðið yfir ánægju sinni með samkomulagið og þakkaði skrifstofustjóra biskupsstofu fyrir aðkomu hans að því að það hafi náðst eftir áralanga vinnu. (fskj. 3).

– *Um fasteignasvið.*

Fasteignasvið þjóðkirkjunnar er starfrækt af kirkjuráði. Þar er sinnt daglegum rekstri þeirra verkefna sem kirkjuráði eru falin í starfsreglum þessum, eftir nánari fyrirmælum

nefndarinnar og ráðsins. Kirkjuráð skipar sviðsstjóra fasteignasviðs og felur honum að annast daglegan rekstur fasteigna og eignaumsýslu samkvæmt samþykktri fjárhags- og framkvæmdaáætlun. Kirkjuráð skipar staðgengil sviðsstjóra.

Verkefni fasteignasviðsins voru til umfjöllunar á 11 af 16 fundum kirkjuráðs á starfsárinu enda einn stærsti málaflokkur kirkjuráðs. Skal nú gerð grein fyrir umfangmestu málum á sviðinu en að öðru leyti vísast til fundargerða kirkjuráðs á starfsárinu, nóvember 2018 til október 2019 og framkvæmdaáætlun fasteignasviðs 2019-2021 sem kirkjuráð hefur samþykkt. Þar er að finna nákvæmt yfirlit yfir allar nauðsynlegustu viðhaldsframkvæmdir á eignum kirkjumálasjóðs, s.s. prestsseturshúsum og öðrum eignum. (fskj. 4).

– Seldir prestsbústaðir.

Þrjú prestsbústaðir voru seldir á starfsárinu. Fyrrum prestsbústaður á Eiðum, Austfjarða-prestakalli, Austurlandsprófastsdæmi; prestsbústaðurinn að Laugarbraut 3, Akranesi, Garða- og Hvalfjarðarstrandarprestakalli, Vesturlandsprófastsdæmi. Prestsbústaðurinn að Hlíðartúni 4, Höfn, Bjarnanesprestakalli, Suðurprófastsdæmi er í sölufærli og búið er að samþykkja tilboð.

– Helstu viðhaldsverkefni.

Stærstu viðhaldsframkvæmdir á starfsárinu voru við prestsbústaðina á Seyðisfirði, Patreksfirði og á Þórshöfn á Langanesi svo og vegna prestaskipta í Stafholti, á Syðra Laugalandi og í Laufási. Á Þórshöfn var keyptur prestsbústaður sem þurfti að endurbæta. Unnið hefur verið að nokkrum minni viðhaldsverkefnum í öðrum prestsbústöðum svo og í Biskupsgarði. Vísað er til yfirlits frá fasteignasviði um verkefni sviðsins sem fylgir skýrslu þessari.

Verkefni kirkjuráðs á sviði fjármála.

Kirkjuráð hefur tekið til skoðunar breytta verkferla og tímasetningar vegna ársreikninga og fjárhagsáætlana. Samþykkt var að drög að fjárhagsáætlunum verði tilbúin í lok júlí og kirkjuráð taki þau fyrir á ágústfundi sínum og í framhaldi af því, eða í síðasta lagi 1. september verði drög færð í gagnaherbergi kirkjuþings. Á kirkjuráðsfundi eftir kirkjuþing verði fjárhagsáætlarnir endurskoðaðar með tilliti til ákvarðana á kirkjuþingi, þeim verði breytt ef þess þarf, annars samþykktar. Stefnt verði að því að endurskoðun ársreikninga ljúki eigi síðar en 1. september og þeir liggja þá fyrir kirkjuþingsfulltrúum til skoðunar. Ekki tókst að fylgja framangreindum tímamörkum að þessu sinni m.a. vegna ýmissa breytinga.

Verkefni kirkjuráðs á sviði fjármála voru til umfjöllunar á 11 af 16 fundum á starfsárinu. Kirkjuráð gerir grein fyrir fjármálum sjóða og stofnana kirkjunnar í 2. máli kirkjuþings 2019; *Skýrsla um fjármál þjóðkirkjunnar* og vísast til hennar um þau verkefni.

Stofnanir sem heyra undir kirkjuráð.

Stofnanir og nefndir skila skýrslum í Árbók kirkjunnar og er vísað þangað til nánari greinargerða um starfsemi þeirra. Sú umfjöllun sem hér fer á eftir er til fyllingar því eða sérstakrar áréttingar á atriðum sem kirkjuráð vill vekja athygli kirkjuþings á.

Skálholt

– Skálholtsstaður.

Biskup Íslands og kirkjuráð hafa forræði um framkvæmdir í Skálholti og starfrækslu Skálholtsstaðar. Skálholtsstaður og Skálholtsskóli hafa verið rekin sem ein rekstrareining síðastliðin ár. Um Skálholt gilda lög nr. 32/1963 um heimild handa ríkisstjórninni til þess að afhenda þjóðkirkju Íslands Skálholtsstað og um Skálholtsskóla lög nr. 22/1993. Í lögum um Skálholtsskóla nr. 22/1993 er kveðið á um hlutverk og stjórnun Skálholtsskóla. Kirkjuráð ber stjórnunarlega og fjárhagslega ábyrgð á rekstri skólans fyrir hönd þjóðkirkjunnar.

Samkvæmt samþykkt kirkjuráðs frá 22. febrúar 2012 og starfsreglum um vígslubiskupa ábyrgist vígslubiskup í umboði kirkjuráðs rekstur og starfsemi í Skálholti á grundvelli samþykkrar fjárhagsáætlunar og hefur almennt fyrirvar vegna Skálholts. Jafnframt er stjórnun Skálholtsskóla í höndum vígslubiskups Skálholtsumdæmis fyrir hönd kirkjuráðs. Kirkjuráð samþykkti á fundi sínum 8. maí sl. að afnema ofangreindar samþykktir.

Á fundi kirkjuráðs í Skálholti þann 8. maí sl. var samþykkt að fela stjórn Skálholts að boða til fundar um framtíðarstjórnskipan Skálholts og skila tillögum sínum til kirkjuráðs. Tillögur fundarins voru lagðar fram til kynningar á fundi kirkjuráðs 12. júní sl. Kirkjuráð fagnaði vinnunni, þakkaði fyrir hana og tók undir tillögurnar í meginráttum. Í samræmi við tillögurnar samþykkti kirkjuráð að skipa í framkvæmdastjórn Skálholts og setja henni erindisbréf. Í stjórnina voru eftirtaldir skipaðir: Aðalmenn: Drifa Hjartardóttir, bóndi og forseti kirkjuþings, sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson, sóknarprestur í Hrunaprestakalli, Suðurprófastsdæmi og Sólborg Lilja Steinþórsdóttir, hóteltjóri. Til vara: Þórarinn Þorfinnsson, bóndi á Spóastöðum í Biskupstungum, Olga Eleonora Marcher Egonsdóttir, fjármálastjóri og Árborg Arnþórsdóttir, ferðamálafulltrúi. Kirkjuráð mun í samræmi við tillögurnar setja framkvæmdastjórninni erindisbréf. Kirkjuráð samþykkti einnig að heimila stjórn Skálholts að auglýsa eftir ráðsmanni, enda sé verkefnið að fullu fjármagnað.

Aðalmenn í skólaráði eru: sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson, formaður, Ásdís Guðmundsdóttir, Háskóla Íslands, Ásborg Arnþórsdóttir, ferðamálafulltrúi uppsveita Árnessýslu. Varamenn: Margrét Bóasdóttir, söngmálastjóri, Runólfur Smári Steinþórsson, prófessor og Sigurður Sigursveinsson frá Háskólafélagi Suðurlands.

– Skálholtsjörðin.

Málefni ábúanda á Skálholtsjörðinni hafa verið til umræðu í kirkjuráði en ábúendur hafa sagt upp ábúðinni. Kirkjuráð hefur gert upp við ábúendur og leyst til sín eignir þær sem þeir vildu selja. Kirkjuráð hefur ákveðið að búskap í Skálholti verði hætt en að ráðinn verði ráðsmaður Skálholts sem sjái um viðhald og önnur viðvik á staðnum.

– Gestastofa í Skálholti.

Kirkjuráð hefur einnig samþykkt að vígslubiskupshúsi verði breytt í Gestastofu og hefur ákveðið að taka til skoðunar hugmyndir og tillögur að fyrsti áfangi endurnýjunar gamla vígslubiskupshúss, sem ASK arkitektar hafa unnið, í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar vegna ársins 2020.

Eftirtalin gögn eru aðgengileg í gagnaherbergi kirkjuþings:

Samþykktir kirkjuráðs um starf og rekstur Skálholts og Skálholtsskóla frá 22. febrúar 2012. (fskj. 5).

Tillögur stjórnar Skálholts og lagahóps kirkjuráðs frá 4. júní 2019. (fskj. 6).

Skýrsla Kolbeins Kolbeinssonar verkfræðings um *Stefnumörkun til framtíðar* dags. 5. maí 2019. (fskj. 7).

Fundargerðir stjórnar Skálholts og skólaráðs Skálholtsskóla. (fskj. 8).

– *Verndarsjóður Skálholtsdómkirkju.*

Stjórn Skálholtsstaðar samþykkti stofnun Verndarsjóðs Skálholtdómkirkju með skipulagsskrá dags. 11. ágúst 2016. Markmið sjóðsins var að afla fjármuna, varðveita þá og ráðstafa til endurbóta og viðhalds í og við Skálholtsdómkirkju, m.a. listglugga Gerðar Helgadóttur o.fl. Stjórn sjóðsins var skipur þremur mönnum, og þremur til vara. Biskup tilnefndi einn stjórnarmann og einn til vara, kirkjuráðs einn og til vara og biskup og kirkjuráð ein stjórnarmann sameiginlega og einn til vara. Skipunartími stjórnar var til 30. júní 2019. Í stjórn sátu Jón Sigurðsson, fyrrverandi ráðherra, sr. Hreinn S. Hákonarson, fangaprestur og Margrét Sigurðardóttir, sérfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Varamenn voru sr. Egill Hallgrímsson, Jóhann Snorri Bjarnason, stöðvarstjóri Sognstöðva og Ragnhildur Benediktsdóttir, lögfræðingur.

Stjórn Verndarsjóðsins hefur starfað ötullega að því að kynna verkefnið og afla þess fjár frá fyrirtækjum og einkaaðilum. Í upphafi verksins lagði kirkjuráð út fyrir verkinu kr. 10 milljónir og var það tæplega þriðjungur kostnaðarins sem ráðið samþykkti síðar að breyta í styrk. Annað stærsta framlag til verksins kom frá Húsafriðunarsjóði að upphæð 9 milljónir. Heildarkostnaður við verkið nam liðlega 30 milljónum og reyndist það mun lægri upphæð en fyrst var áætlað.

Á síðasta ári lauk viðgerðum á listgluggum Gerðar Helgadóttur og altarismynd Nínu Tryggvadóttur en þessi miklu listaverk eru þjóðargersemar. Því var fagnað með „gluggamessu“ 16. desember s.l. með hátíðardagskrá í Skálholtsskóla og hádegisverði. Þar var þeim fjölmörgu sem lögðu verkefninu lið þakkað. Kirkjuráð þakkar stjórn Verndarsjóðsins fyrir störf sín.

Tónskóli þjóðkirkjunnar.

Tónskóli þjóðkirkjunnar starfar samkvæmt starfsreglum um kirkjutónlist á vegum þjóðkirkjunnar nr. 1074/2017. Samkvæmt starfsreglunum starfrækir kirkjan Tónskóla þjóðkirkjunnar „sem annast um menntun organista og kirkjutónlistarfræðslu þeirra og annars tónlistarfólks innan kirkjunnar. Tónskólinn heyrir undir kirkjuráð. Skólinn starfar eftir námsskrá sem kirkjuráð samþykkir“. Kirkjuráð skipar þriggja manna kirkjutónlistarráð sem stjórn Tónskóla þjóðkirkjunnar og fagráð í kirkjutónlistarmálum. Í ráðinu sitja nú Guðmundur Sigurðsson, organisti formaður, Helga Þórdís Guðmundsdóttir, organisti og sr. Sigurjón Árni Eyjólfsson, héraðsprestur. Varamenn eru sr. Guðmundur Karl Brynjarsson, sóknarprestur, Hákon Tumi Leifsson, organisti og sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir, prestur. Björn Steinar Sólbergsson, organisti, er skólastjóri Tónskóla þjóðkirkjunnar.

Fjölskylduþjónusta kirkjunnar.

Fjölskylduþjónusta kirkjunnar veitir sérhæfða þjónustu í fjölskyldumálum á grundvelli kristinna lífsgilda. Fjölskylduþjónustan er á sviði sálgæslu- og kærleiksþjónustu kirkjunnar og lýtur faglegri forystu biskups Íslands, en heyrir að öðru leyti undir kirkjuráð. Kirkjuráð ræður forstöðumann Fjölskylduþjónustu kirkjunnar og skal hann vera prestur með sérmenntun á starfssviði stofnunarinnar. Hann ræður starfsfólk í samráði við biskup Íslands. Kirkjuráð setur forstöðumanni erindisbréf. Í ákvæði til bráðabirgða í starfsreglum um Fjölskylduþjónustu kirkjunnar er kirkjuráði heimilt að ráða forstöðumann úr röðum starfsmanna stofnunarinnar tímabundið og hefur sú heimild verið nýtt undanfarin ár. Starfsmenn Fjölskylduþjónustunnar hafa tekist þessa ábyrgð á hendur með því að takast á hendur forstöðu tímabundið tvö ár í senn. Fjölskylduþjónustan lýtur nú forstöðu Rannveigar Guðmundsdóttir.

Fjölskylduþjónustan hefur nú aðsetur í Háteigskirkju. Starfsmenn hafa verið þrír, Elísabet Berta Bjarnadóttir, félagsráðgjafi, Rannveig Guðmundsdóttir, félagsráðgjafi og Benedikt Jóhannesson, sálfræðingur en hann lét nýlega lét af störfum sökum aldurs. Nýr fjölskylduráðgjafi og handleiðari, Andrea Baldursdóttir, félagsráðgjafi, hefur verið ráðinn til starfa hjá Fjölskylduþjónustunni frá og með 1. október 2019.

Stjórn Kirkjuhússins – Skálholtsútgáfunnar.

Tilnefning fulltrúa í stjórn Kirkjuhússins – Skálholtsútgáfunnar Samkvæmt skipulagsskrá Kirkjuhússins – Skálholtsútgáfunnar skal kirkjuráð skipa þrjá menn í stjórn stofnunarinnar af níu til þriggja ára í senn. Einn er skipaður á ári. Kirkjuráð samþykkti að tilnefna Guðmund Þór Guðmundsson, skrifstofustjóra biskupsstofu til þriggja ára sem fulltrúa kirkjuráðs.

Strandarkirkja í Selvogi.

Kirkjuráð hefur forræði yfir málefnum Strandarkirkju. Strandarkirkjunefnd er skipuð af kirkjuráði og hefur nefndin umsjón með rekstri kirkjunnar fyrir hönd kirkjuráðs. Í Strandarkirkjunefnd sitja Ragnhildur Benediktsdóttir, fyrrverandi skrifstofustjóri biskupsstofu, formaður, sr. Gunnar Jóhannesson settur sóknarprestur í Hveragerðisprestakalli og sr. Baldur Kristjánsson fyrrverandi sóknarprestur í Þorlákshafnarprestakalli. Varamenn eru Sigurbjörg Nielsdóttir Hansen, fjármálastjóri biskupsstofu, Guðmundur Brynjólfsson, djákni og Margrét Jónsdóttir, bóndi. Nefndin er skipuð til 31. maí 2023.

Kirkjuþing unga fólksins 2018.

Kirkjuþing unga fólksins kemur saman árlega. Hlutverk þess er að ræða stöðu og hlutverk ungs fólks í þjóðkirkjunni og í samfélagi kirkna um heim allan. Þar eiga sæti fulltrúar prófastsdæma þjóðkirkjunnar og fulltrúar frá KFUM og KFUK með málfrelsi, tillögurétti og atkvæðisrétti. Fulltrúarnir skulu vera á aldrinum 14 til 30 ára og skráðir í þjóðkirkjuna. Kirkjuþing unga fólksins er vettvangur ungs fólks til að hafa áhrif á starfsemi kirkjunnar. Kirkjuþing unga fólksins var haldið á biskupsstofu laugardaginn 25. og 26. maí 2019. Berglind Hönnudóttir var kjörin forseti þingsins. Samkvæmt starfsreglum um kirkjuþing

unga fólksins nr. 952/2009 skal kirkjuþingið kjósa einn fulltrúa á kirkjuþing með málfrelsi og tillögurétt og var María Björt Guðnadóttir kjörin til þess.

Eftirfarandi tólf mál voru afgreidd á Kirkjuþingi unga fólksins.

1. Tillaga um breytingu á starfsreglum um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009 sem kveður á um að kirkjuþing hið almenna verði pappírslaut fyrir 2020. Jafnframt verði dregið sem mest úr notkun plasts á öllum sviðum kirkjulegs starfs.
2. Samþykkt var ályktun sem kveður á um að kirkjuþing hið almenna streymi fundum sínum með hljóði og mynd. Upptökur verði svo aðgengilegar eftir þingið.
3. Samþykkt var tillaga um að prestar þjóðkirkjunnar, sem og biskup Íslands, vígslubiskupar og prófastar, ættu ekki að vera opinberir embættismenn íslenska ríkisins.
4. Samþykkt var ályktun um að gerð verði krafa um að þeir prestar sem þjóna sem sóknarprestar skuli ljúka sérstöku námi á vegum guðfræði- og trúarbragðafræðideildar Háskóla Íslands. Yrði það á lengd við diplómanám með áherslu á sálgæslu og stjórnun. Meginröksemdin fyrir þessu er að sóknarprestum mun fækka með sameiningu prestakalla og verða þeir verkstjórar í prestateymum úti í prestaköllunum.
5. Samþykkt var tillaga um breytingu á starfsreglum kirkjuþings unga fólksins þar sem kjör tveggja ritara er lagt niður enda verði þingið tekið upp með hljóði og mynd.
6. Tillaga var samþykkt um að söfnuðum verði skylt sjá til þess að fræðsla á vegum Samtakanna 78 sem kallast „Fræðsla til fagstétta“, fari fram að minnsta kosti á tveggja ára fresti.
7. Kirkjuþing unga fólksins samþykkti áskorun til biskupsembættisins þess efnis að opnuð yrði æskulýðsmiðstöð. Langtímamarkmiðið yrði að allir gætu notið slíkrar miðstöðvar og því þyrfti að huga að landsbyggðinni sem og höfuðborgarsvæðinu hvað það snerti.
8. Ályktun um að ráðinn yrði æskulýðsprestur hjá biskupsembættinu var samþykkt. Skal hann meðal annars hafa yfirsýn yfir helgihald fyrir ungt fólk og fræða jafnvel um kirkjulegar athafnir eins og skírn og hjónavígslur. Æskulýðsprestur myndi vera talsmaður unga fólksins í kirkjunni og efla æskulýðsstarfsemi á landsvísu í samstarfi við sóknarpresta og prófesta.
9. Þá lýsti kirkjuþing unga fólksins ánægju sinni með yfirlýsingu sr. Kristjáns Björnssonar, vígslubiskups í Skálholti, sem birtist á kirkjan.is 14. maí 2019, þar sem meðal annars kom fram að kirkjan vilji standa með þolendum ofbeldis og taka alvarlega allar ásanir um óviðeigandi eða ranga hegðun.
10. Samþykkt var ályktun þar sem skorað er á alla starfsmenn kirkjunnar að draga úr flugferðum. Fara aðeins í þær ferðir sem teljast nauðsynlegar. Jafnframt skuli kirkjan kolefnisjafna ferðir sínar með skógrækt á landsvæðum kirkjunnar.
11. Kirkjuþing unga fólksins hvetur sóknarnefndir landsins til þess að kjósa ungt fólk til setu í sóknarnefndum. Viðmiðið ætti að vera að í hverri sóknarnefnd sitji að minnsta kosti einn einstaklingur yngri en 30 ára ef möguleiki er fyrir hendi. Þá lýsti þingið ánægju sinni með þær sóknir sem leitast hafa við að hafa ungt fólk í sóknarnefndum.
12. Kirkjuþing unga fólksins minnti á þingsályktun kirkjuþings 2017, mál nr. 7, þar sem

miðað var við að ungt fólk, á aldrinum sextán til þrjátíu ára, skyldi vera að jafnaði minnst tuttugu hundraðshlutar þeirra innan hvernar skipulagsheildar þjóðkirkjunnar sem hverju sinni; tækju bindandi ákvarðanir, semdu áætlanir, skipulegðu starfsemi og hefðu kosningarétt. Þing unga fólksins telur að þessari samþykkt hafi ekki verið fylgt nægilega vel eftir. Það leggur auk þess til að ákvæðið um 20% skuli ekki vera viðmið heldur regla.

Önnur viðfangsefni.

– *Samningur STEFs og þjóðkirkjunnar.*

Söngmálastjóra þjóðkirkjunnar hefur kynnt kirkjuráði drög að samningi um höfundarrétt vegna flutnings tónlistar í kirkjum. Samningurinn fjallar um greiðslur þjóðkirkjunnar til STEFs vegna flutnings tónverka við guðsþjónustur, safnaðarstarf og kirkjulegar athafnir. Kirkjuráð vísaði málinu til Framtíðarnendar kirkjunnar.

– *Reglur um stjórnslu og starfshætti kirkjuráðs.*

Biskup Íslands lagði fram tillögu að endurskoðuðum reglum um stjórnslu og starfshætti kirkjuráðs.

Kirkjuráð samþykkti reglur um stjórnslu og starfshætti kirkjuráðs. (fskj. 9).

– *Starfsáætlun kirkjuráðs vegna komandi starfsárs.*

Biskup Íslands lagði fram starfsáætlun kirkjuráðs vegna komandi starfsárs.

Kirkjuráð samþykkti starfsáætlun kirkjuráðs fyrir starfsárið. (fskj. 10).

– *Þingvellir.*

Þingvallanefnd hefur lagt fram drög að stefnumótun fyrir þjóðgarðinn á Þingvöllum.

Kirkjuráð samþykkti að fela lagahópi að gera tillögur að athugasemdum kirkjuráðs við drög að stefnumótun Þingvallanefndar.

– *Saurbær á Hvalfjarðarströnd.*

Á kirkjuþingi 2018 var samþykkt að Saurbæjarprestakall yrði lagt niður og sóknir þess lagðar undir nýtt prestakall, Garða- og Hvalfjarðarstrandarprestakall. Á kirkjuráðsfundi hinn 13. mars 2019 kynnti biskup Íslands tillögu sína um skipan starfshóps sem skyldi fjalla um framtíðarsýn hvað Saurbæ áhræði. Í hann voru skipuð: Jón Valgarðsson, bóndi og sóknarnefndarformaður Saurbæjarsóknar, Guðmundur Þór Guðmundsson, skrifstofustjóri biskupsstofu og sr. Elínborg Sturludóttir, prestur í Dómkirkjuprestakalli. Verkefni starfshópsins:

- a) Koma með tillögur um notkun prestssetursins í Saurbæ og jarðarinnar. Í þessu sambandi nefnir biskup starfsemi sem tengist sögu staðarins og nálægð við Vatnaskóg og höfuðborgarsvæðið. Hallgrímssetur hefur borið á góma sem og Barroksetur, og náði samstarf við starfsemina í Vatnaskógi.
- b) Koma með tillögur að fjármögnun starfseminnar, meta það hvort hún krefðist starfsmanns og rekstrarfjár. Athuga hvort tekjur af hlunnindum staðarins gætu nýst til starfseminnar að hluta til eða að fullu.

Niðurstöður hópsins koma fram í greinargerð, dags. 8. apríl 2019. (fskj. 11).

– *Dómsmál*

Á starfsárinu hafa verið höfðuð tvö dómsmál á hendur Þjóðkirkjunni. Í fyrra málinu var biskupsembættið dæmt bótaskyldt vegna niðurlagningar embættis héraðsprests Vesturlandsprófastdæmi.

Hitt málið fjallaði annars vegar um það hvort íslenska Þjóðkirkjan væri skaðabótaskyld vegna þess að tiltekin hlunnindi prestssetursjarðar fylgdu henni ekki og hins vegar um bótaskyldu vegna myglu í prestsbústað sem haldið var fram að hefði kostað prest mikil fjárútlát vegna leigu á húsnæði. Málinu var lokið með samkomulagi og frekari kröfur felldar niður. Kirkjuráð er einnig í málaferlum vegna hitaveitulagnar í prestsbústaðnum í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd. Þar er um að ræða *áfrýjunarstefnu sem birt var kirkjuráði vegna kirkjumálasjóðs 2019 vegna máls frá 2018*. Dómur héraðsdóms Reykjavíkur, sem var uppkveðinn 20. febrúar 2019, í málinu Kirkjumálasjóður gegn Vátryggingarfélagi Íslands ehf. og Hitaveitufélagi Hvalfjarðar. Hitaveitufélag Hvalfjarðar og Vátryggingarfélag Íslands ehf., voru dæmd til að greiða kirkjumálasjóði kr. 2.387.000 vegna þess að hitaveitulögn í prestsbústaðnum gaf sig og olli miklum skemmdum á prestsbústaðnum. Kirkjuráð samþykkti á fundi 10. apríl 2019 að taka til varna í málinu fyrir Landsrétti með það að markmiði að fá yfirmat í málinu lagt til grundvallar uppgjöri.

Biskupi Íslands hefur nýlega verið birt stefna sóknar- og byggingarnefndar Stórolfshvolfssóknar, dags. 29. september 2019, á hendur honum fyrir hönd Þjóðkirkjunnar, kirkjuráðs og Jöfnunasjóðs sókna til ógildingar úrskurðar áfrýjunarnefndar kirkjunnar vegna meints ágalla á málsmeðferð nefndarinnar. Málið á rót sína að rekja til vilyrðis kirkjuráðs árið 2010 um framlag úr Jöfnunarsjóði sókna til kirkjubyggingar á Hvolsvelli og um gildi bókonar kirkjuráðs á afturköllun á því vilyrði árið 2015. Úrskurðarnefnd kirkjunnar úrskurðaði sókninni í vil en áfrýjunarnefndin felldi úrskurð nefndarinnar úr gildi og taldi að bókun kirkjuráðs stæði. Þessu vilja sóknar- og byggingarnefnd Stórolfshvolfssóknar ekki una.

– *Fimm alda minning siðbótarinnar.*

Undirbúningsnefnd fimm alda minningu siðbótarinnar afhenti biskupi lokaskýrsla sína sem kynnt var kirkjuráði. Kirkjuráð lýsti yfir ánægju sinni með framkvæmd verkefnisins og þakkaði nefndinni störf sín. (fskj. 12).

– *Ályktanir Prestastefnu 2019.*

Prestastefna Íslands 2019 samþykkti fjórar ályktanir sem eru eftirfarandi og biskup Íslands kynnti kirkjuráði á fundi 8. maí sl.:

1. „*Prestastefna 2019 haldin í Áskirkju hvetur kirkjuleg stjórnvöld til að fara af stað með úttekt á því hvaða jarðnæði í eigu Þjóðkirkjunnar geti hentað til skógræktar í stórum stíl sem og til endurheimtar votlendis. Í framhaldi af úttekt og skilgreiningu á heppilegu landi skuldbindi kirkjan sig til að leggja a.m.k. 10 af hundraði þess svæðis sem þykir henta árlega til skógræktar og/eða endurheimtar votlendis. Með því móti má klára verkefnið fyrir 2030 sem er sá tími sem nefndur hefur verið sem svigrúm til viðsnúnings í loftslagsmálum.*

Jafnframt skuldbindi Þjóðkirkjan sig til þess að kolefnisjafna allir ferðir á vegum

kirkjustjórnar og prófastsdæma innan 3ja ára, m.a. með mótvægisáðgerðum í skógrækt eða endurheimt votlendis á jarðnæði í eigu kirkjunnar. Einnig verði söfnuðum og starfsemi Þjóðkirkjunnar gert kleift að kolefnisjafna starf sitt á þessum jörðum. Jafnframt yrðu umhverfisvænir virkjunarkostir jarðanna kannaðir. Þá hvetur Prestastefna 2019, haldin í Áskirkju, kirkjustjórnina, sóknir og presta að stíga skref til orkuskipta í samgöngum. Komið verði upp rafmagnstenglum við fasteignir kirkjunnar til að hlaða bíla. Akstursgreiðslur verði aflagðar og prestsembættum úthlutað rafmagnsbílum eða öðrum umhverfisvænum kostum í samræmi við akstursþörf.

Einnig tekur Prestastefna 2019 undir með Landvernd að lýsa beri neyðarástandi vegna stöðunnar í loftslagsmálum og að áætlun ríkisstjórnarinnar verði magnbundin og tímasett.

Þá hvetur Prestastefna 2019 þau flugfélög/ferðaþjónustuaðila sem selja flugferðir til og frá landinu, svo og innanlands að innleiða í kaupferli flugmiða kolefnisjöfnun á viðkomandi flugferð.

Einnig hvetur Prestastefna 2019 verslanir til að draga úr sóun matvæla svo og matvælaframleiðendur til að minnka notkun plastpakkninga á matvælum þar sem því verður við komið.“

- Kirkjuráð samþykkti að taka undir umhverfisályktun Prestastefnu.
- Kirkjuráð samþykkti að láta setja upp hleðslustöðvar fyrir rafbíla á eftirfarandi fjórum stöðum á þessu ári; Biskupsgarði Bergstaðastræti, í Skálholti, á Hólum og við þjónustumiðstöð biskupsstofu í Háteigskirkju.
- Kirkjuráð samþykkti að hvetja sóknarnefndir til að koma upp tenglum til rafmagnshleðslu við kirkjur og safnaðarheimili.
- Kirkjuráð samþykkti að stefna að því að koma upp hleðslutenglum við prestssetur eftir óskum ábúenda.
- Kirkjuráð samþykkti að fela starfshópum kirkjuráðs að taka ályktunina til umfjöllunar og skila kirkjuráði tillögum sínum.

2. „Prestastefna Íslands, sem haldin er í Áskirkju 30. apríl-2. maí 2019 hefur fengið fræðslu um einstaklinga með ódæmigerð kyneinkenni og réttindi þeirra. Frumvarp til laga hefur verið lagt fram á Alþingi um kynrænt sjálfræði. Það felur í sér réttarbót fyrir einstaklinga með ódæmigerð kyneinkenni. Prestastefna þakkar fyrir framlagningu þess og hvetur þingheim til að styðja það.“

3. „I. Prestastefna 2019 ályktar að rétt og tímabært sé að ræða framtíðarsýn fyrir þjóðkirkjuna og að móta henni heildarstefnu líkt og gert var með samþykkttri stefnumótun fyrir kirkjuna fyrir árin 2004-2010. Leiðarljós í þeirri vinnu verði einkum markviss umræða um áherslur, starfshætti, starfsmannahald og skipulag kirkjunnar á 21. öld. Ennfremur að tryggja að kirkjan nýti ávallt sem best auðlindir sínar í þágu þess málstaðar sem hún boðar og stendur fyrir, þjóð og kirkju til heilla.

II. Að lokinni stefnumótun komi til skoðunar hvort ræða þurfi breytingar á skipulagi kirkjunnar og starfsemi hennar, þ.m.t. lagalega stöðu þjóðkirkjunnar og stofnana hennar, samband þjóðkirkjunnar og ríkisins og hvort þörf sé á breytingum þar á.

III. Prestastefna 2019 telur að þær viðræður kirkjunnar og ríkisins sem staðið hafa frá 2015 um einföldun fjárhagslegra samskipta skuli leiddar af þeim þremur stjórnvöldum sem veita

kirkjunni fyrirvar, þ.e. biskupi Íslands, kirkjuþingi og kirkjuráði með aðkomu PÍ og annarra fagfélaga þar sem það á við. Þannig leiði biskup Íslands, sem er leiðtogi þjóðkirkjunnar, viðræðurnar f.h. kirkjunnar ásamt forseta kirkjuþings og fulltrúa sem kirkjuráð tilnefnir.“

- Kirkjuráð samþykkti að fela starfshópum kirkjuráðs að taka I. og II. hluta til umfjöllunar og skila kirkjuráði tillögum sínum og hugmyndum. Forseti kirkjuráðs tilnefndi þrjá kirkjuráðsmenn í starfshópinn, sr. Axel Árnason Njarðvík, sr. Örnú Grétarsdóttur og Svönu Helen Björnsdóttur. Kirkjuráð samþykkti tilnefninguna.
- Kirkjuráð samþykkti að fela lagahópi kirkjuráðs að taka III. hluta ályktunarinnar til umfjöllunar og skila kirkjuráði tillögum sínum og hugmyndum.
- Kirkjuráð samþykkti að fela starfshópum kirkjuráðs að taka I. og II. hluta til umfjöllunar og skila kirkjuráði tillögum sínum og hugmyndum.

Tillögur lagahóps 11. júní 2019:

Lagahópur tekur undir ályktun prestastefnu um nauðsyn stefnumótunar fyrir þjóðkirkjuna.

Lagahópur telur hins vegar að módelið sem notað var 2004-2010 sé barn síns tíma og ekki heppilegt til nútíma stefnumótunar. Breytingar í nútímasamfélagi eru einfaldlega of hraðar til að þessi aðferð henti í dag. Lagahópur bendir á að til þess að stefnumótun heppnist í framkvæmd sé mjög mikilvægt að sem mestur samhljómur sé innan kirkjulegra stjórnvalda um málið.

Lagahópur leggur til að kirkjuráð leggi fram þingsályktun á næsta kirkjuþingi um að ráðist verði í grundvallar stefnumótun fyrir þjóðkirkjuna og til verksins verði ráðinn utanaðkomandi ráðgjafi eða ráðgjafar.

4. „*Prestastefna 2019 hvetur Biskup Íslands til að stofna gleðinefnd í kirkjunni til að gleðjast saman og stuðla að aukinni virkni gleðidaganna frá jólum til öskudags og frá páskum til hvítasunnna.*

Nefndin kæmi með tillögur hvernig auka mætti gleðina í kirkjunni á þessum tveimur tímabilum og stuðla að samvinnu við önnur félög.

Nefndin mundi starfa í 11 mánuði frá 1. júlí 2019 til 31. maí 2020. Hún mundi skila inn tillögum bæði til Biskups Íslands og presta og djákna annars vegar 15. október fyrir tímabilið frá jólum til öskudags og hins vegar 1. mars fyrir tímabilið frá páskum til hvítasunnna.“

– *Nýtt húsnæði biskupsstofu*

Biskupsstofa hefur sagt upp leigusamningi við kirkjumálasjóð og hefur biskup Íslands gengið til samninga um leigu á skrifstofuhúsnæði í Katrínartúni 4, Reykjavík (Höfðatorgi) fyrir starfsemi embættisins og jafnframt aðra þá kirkjulegu aðila sem hýstir hafa verið í Kirkjuhúsinu að Laugavegi 31, Reykjavík, þeir sem það kjósa. Kostir hins nýja húsnæðis eru helstir þessir: Öll starfsemi biskupsstofu verður sameinuð (þ.m.t. þjónustumiðstöð í Háteigskirkju) og jafnframt verður hún á einni hæð. Einnig verður Tónskóla þjóðkirkjunnar boðið að fá aðstöðu í Katrínartúni þ.e.a.s. sú starfsemi sem nú fer fram í Grensáskirkju svo og Hinu íslenska Biblíufélagi sem er í leiguhúsnæði í safnaðarheimili Dómkirkjunnar. Húsnæðið er nýlegt og uppfyllir allar nútímakröfur um loftgæði, birtu, hljóðvist, aðgengi fatlaðs fólks, bifreiðastæði o.s.frv.

Lokaorð.

Skýrslur kirkjulegra stofnana og nefnda birtast í Árbók kirkjunnar sem nær öllu jöfnu yfir tímabilið frá 1. júní til 31. maí. Árbókin er gefin út á rafrænu formi, nema tölulegar upplýsingar um prófastsdæmi, prestaköll og sóknir.

Reykjavík í október 2019.

Kirkjuráð

Agnes M. Sigurðardóttir, forseti kirkjuráðs

Arna Grétarsdóttir

Axel Árnason Njarðvík

Stefán Magnússon

Svana Helen Björnsdóttir

Fylgiskjöl:

1. Fimm minnisblöð sem lögð voru fram á fundi Samstarfsnefndar Alþingis og Þjóðkirkjunnar.
2. Skýrsla skírnarhóps kirkjuþings 2018-2019.
3. Samkomulag við ríkið um úrvinnslu og yfirfærslu á tilteknum eignum í samræmi við samkomulag frá árinu 2006.
4. Framkvæmdaáætlun fasteignasviðs 2019-2022.
5. Samþykktir kirkjuráðs um starf og rekstur Skálholts og Skálholtaskóla frá 22. febrúar 2012.
6. Tillögur stjórnar Skálholts og lagahóps kirkjuráðs frá 4. júní 2019.
7. Skýrsla Kolbeins Kolbeinssonar, verkfræðings um *Stefnumörkun til framtíðar í Skálholti*.
8. Fundargerðir stjórnar Skálholts og skólaráðs Skálholtskóla.
9. Reglur um stjórnarsýslu og starfshætti kirkjuráðs.
10. Starfsáætlun kirkjuráðs vegna komandi starfsárs.
11. Greinargerð starfshóps um framtíðarsýn um Saurbæ á Hvalfjarðarströnd.
12. Skýrsla undirbúningsnefndar um *Fimm alda minning siðbótarinnar*.

Kirkjuþing afgreiddi skýrslu kirkjuráðs með eftirfarandi

Þingsályktun:

Kirkjuþing þakkar fyrir að upplýsinga- og kynningarmál voru tekin föstum tókum eins og kirkjuþing 2018 ályktaði.

Kirkjuþing þakkar skírnarnefnd hennar störf og leggur til að hún haldi áfram vinnu sinni og kynni söfnuðum tillögur sínar.

Kirkjuþing áréttar að farið verði eftir ályktun kirkjuþings 2017 um hlutdeild unga fólksins í kirkjustarfi og stjórn og ályktun sama þings um að jöfn hlutföll kynja skuli ávallt vera í öllum stjórnnum, nefndum og ráðum á vegum þjóðkirkjunnar.

Kirkjuþing hvetur til að hið góða og mikilvæga starf Fjölskylduþjónustu kirkjunnar verði kynnt betur fyrir söfnuðum landsins.

Kirkjuþing minnir á mikilvægi þess að vandað verði til verka við skipulagsbreytingar vegna viðbótarsamnings kirkju og ríkis. Fyllsta samráðs og gagnsæis verði gætt í hvívetna.

Nefndarálit allsherjarnefndar um skýrslu kirkjuráðs.

Allsherjarnefnd 2019 hefur fjallað um skýrslu kirkjuráðs og fylgigögn ásamt ávörpum við upphaf kirkjuþings.

Nefndin þakkar þeim sem ávörpuðu kirkjuþing við þingsetningu í Háteigskirkju.

Drífa Hjartardóttir forseti kirkjuþings talaði um það sem framundan væri hjá þjóðkirkjunni, um einfaldað lagaumhverfi, meiri aðgreiningu frá ríkisvaldinu, aukið sjálfstæði og ábyrgð á sínum innri málum með nýjum viðbótarsamningi kirkju og ríkis. Framundan er þó áframhaldandi samtal við ríkið um leiðréttingu sóknargjalda og fagnaði hún því stofnun Sókna sambands.

Dómsmálaráðherra Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir talaði um að kirkjan yrði að læra af mistökum sínum en standa samt fast á grunngildunum. Hún minntist einnig á að með nýjum viðbótarsamningi bæri þjóðkirkjan nú ábyrgð á eigin rekstri og þyrfti að axla ábyrgð á framkvæmd samningsins.

Agnes M. Sigurðardóttir biskup Íslands minnti á 62. grein Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands en það gerðu einnig forseti og dómsmálaráðherra, þar er kveðið á um að ríkisvaldinu beri að styðja og vernda þjóðkirkjuna. Biskup sagði að með viðbótarsamningi kirkju og ríkis væru nýir tímar framundan. Hún minnti á Hjálparstarf kirkjunnar sem á 50 ára afmæli á næsta ári. Hún kom inn á mikilvægi Fjölskylduþjónustu kirkjunnar, endurmenntunar presta í sálgæslu og Tónskóla þjóðkirkjunnar. Þá gerði hún umhverfisstefnu kirkjunnar einnig að umræðuefni.

Allsherjarnefnd þakkar ýtarlega og góða skýrslu kirkjuráðs.

Nefndin leggur til að málið verði samþykkt með ályktun á þskj. 55.

Skýrsla um fjármál þjóðkirkjunnar

Fjármál þjóðkirkjunnar

Vegna mikilla skipulagsbreytinga og óviðráðanlegra þátta náðist ekki að vera með upplýsingar um fjármál þjóðkirkjunnar á réttum tíma. Við biðjumst velvirðingar á því og vonum að í framtíð liggi upplýsingar fyrir mikið fyrir.

Í byrjun árs 2019 tók þjóðkirkjan bókhaldskerfið Navision í notkun fyrir allar stofnanir og sjóði í umsjón Biskupsstofu en Biskupsstofa sjálf hélt áfram að vera hluti af ríkisbókhaldinu. Launagreiðendur hafa til þessa verið tveir, Biskupsstofa og kirkjumálasjóður og hafa nokkrir launamenn, t.d. kirkjuþingmenn fengið laun frá báðum aðilum.

Umtalsverðar breytingar verða á skipulagningu fjármála þjóðkirkjunnar með nýja viðbótar-samningnum sem samþykktur var á síðasta kirkjuþingi. Eftir áramót verður þjóðkirkjan ekki hluti af ríkisbókhaldinu og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar verða greiddar frá þjóðkirkjunni en ekki ríkinu eins og verið hefur. Innborgun frá ríkinu greiðist í einu lagi og verður því færð á eina kennitölu í einu bókhaldi og launagreiðandi verður einn á næsta ári. Þessar breytingar krefjast talsverðar endurskipulagningar á verkefnum fjármáladeildar en sú vinna er þegar hafin. Allt verklag fjármála verður endurskoðað í kjölfarið og verkferli endurskráð.

Kirkjuþing á eftir að móta fjármálastefnu þjóðkirkjunnar og setja starfsreglur um nýtingu greiðslna samkvæmt viðbótarsamningi ríkis og kirkju. Vegna þröngs tímaramma og mikilla breytinga sem gera þarf fyrir áramót er fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 unnin í samræmi við þá starfsemi sem verið hefur. Fjárhagsáætlunin var unnin af fjármálastjóra í samráði við starfsdeildir og eftir kostnaðarliðum núliðandi árs. Fyrstu drög að áætlun voru kynnt kirkjuráði sem vísaði henni til fjármálahóps kirkjuráðs. Fjármálahópur skilaði tillögum til breytinga til kirkjuráðs sem að lokum yfirfór áætlunina, gerði breytingar og samþykkti til framlagningar hér á kirkjuþingi 2019. Framtíðarverklag við gerð og samþykkt fjárhagsáætlana kirkjunnar þarf að móta í starfsreglum um ráðstöfun greiðslna frá ríkinu.

Fjárhæð greiðslu ríkisins vegna viðbótarsamnings ríkis og kirkju liggur ekki enn fyrir eins og hún verður í fjárlögum vegna ársins 2020 en áætluð tala frá dómsmálaráðuneytinu eru rúmlega 3,7 milljarðar.

Fjármál sókna

Í frumvarpi til fjárlaga er gert ráð fyrir að sóknargjöld verði 930,- kr. á einstakling á mánuði. Reynslan hefur kennt okkur að sú fjárhæð getur tekið breytingum í annarri eða jafnvel þriðju umræðu þingsins. Í fjárlögum fyrir árið 2019 voru sóknargjöld lækkuð í þriðju umræðu þingsins úr 934,- kr. í 925,- kr.

Upplýsingar um hvernig tekjuskattstofn ríkisins skiptist og hversu hátt sóknargjaldið er af tekjuskattinum eru ekki aðgengilegar almenningi. Þetta gerir ríkinu auðvelt fyrir að

skerða sóknargjaldið og almenningur lýtur svo á að um framlag frá ríkinu sé að ræða en ekki endurgreiðslu á innheimtu gjaldi.

Til að reikna út hversu hátt sóknargjaldið á að vera, samkvæmt lögum um sóknargjöld, þarf að reikna upp stofn frá árinu 1997 en stofn sóknargjaldsins er það árið 400,24 kr. á einstakling á mánuði. Þessi stofn á að verðbætast árlega eftir hækkun meðaltekjuskattsstofns einstaklinga á öllu landinu á milli tekjuára. Þessi verðbreytingastuðull fæst með því að deila fjölda framteljenda í tölur frá Ríkisskattstjóra um tekjuskattsstofna á ári. Samkvæmt útreikningum hefði sóknargjald átt að vera 1.556,- kr. á einstakling á mánuði árið 2018. Ríkið hélt eftir 631,- kr. á einstakling á mánuði eða um 1.412,- milljónum samtals.

Á langtímafjárhagsáætlun ríkisins sést að ríkið reiknar með lækkun til málaflokksins trúmál á árunum 2021 og 2022.

Skipting útgjalda	Ríkisreikningur 2018	Fjárlög 2019	Frumvarp 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022
10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnýsla dómsmála	7,513	6,588	7,512	7,405	7,299
10.20 Trúmál	7,513	6,588	7,512	7,405	7,299
06 Dómsmálaráðuneyti	7,513	6,588	7,512	7,405	7,299
06-736 Jöfnunarsjóður sókna	385	402	404	400	396
110 Jöfnunarsjóður sókna	385	402	404	400	396
06-735 Sóknargjöld	2,536	2,556	2,567	2,541	2,515
111 Sóknargjöld	2,536	2,556	2,567	2,541	2,515
06-733 Kirkjugarðar	1,132	1,243	1,245	1,226	1,207
111 Kirkjugarðar	1,132	1,243	1,245	1,226	1,207
06-705 Kirkjumálasjóður	298	314	316	312	309
110 Kirkjumálasjóður	298	314	316	312	309
06-701 Þjóðkirkjan	3,162	2,074	2,981	2,926	2,871
131 Kristnisjóður	205	76	150	148	146
101 Biskup Íslands	2,957	1,998	2,832	2,778	2,725
Samtals	7,513	6,588	7,512	7,405	7,299

Leggja þarf áherslu á að fá ríkið að samningaborðinu til að semja um sóknargjöldin. Ljóst er að fjárhagsstaða sókna fer versnandi vegna langvarandi skerðinga og engin leiðrétting sóknargjalda er í sjónmáli.

Taka þarf upp samtal um möguleika á aukningu tekna sókna með ýmsum öðrum leiðum en hækkun sóknargjalda. Þessi umræða er brýn og nauðsynlegt að grípa til aðgerða.

Rekstrarafkoma þjóðkirkjunnar 2018

Biskupsstofa

Rekstrarhalli var á rekstri Biskupsstofu á árinu og nam hallinn 284,5 millj. kr. en rekstrarhallinn er vegna afturvirktrar launaleiðréttingar vegna ársins 2017. Launaleiðréttingin nam 308,1 millj. kr. en hefur ekki verið samþykkt af fjármálaráðuneytinu. Leiðréttingin verður ekki færð til tekna fyrr en hún verður samþykkt. Ef tekið er tillit til launaleiðréttingarinnar er tekjuafgangur af rekstri Biskupsstofu um 26,6 millj. kr.

Annar rekstrarkostnaður hækkar um 65,1 millj. kr. á milli ára, þar af hækka leigugjöld um 23,7 millj.kr. og aðkeypt þjónusta um 16,4 millj. kr.

Vaxtatekjur hækka um 12,9 millj. kr. frá árinu 2017 en það er vegna bankainnstæðna Biskupsstofu.

Lausafjárstaða Biskupsstofu var nokkuð sterk í lok árs 2018, handbært fé nam um 355

millj. kr. Í lok árs 2018 var biskupsstofa skuldlaus við aðra sjóði kirkjunnar og átti þá reyndar kröfu á kirkjumálasjóð.

Kirkjumálasjóður

Ársreikningur kirkjumálasjóðs er ekki tilbúinn en vinna við ársuppgjör 2018 er á lokaspretti.

Lausafjárstaða kirkjumálasjóðs er ekki góð, halli ársins voru um 60 millj. kr. en sjóðurinn hefur verið rekinn með viðvarandi halla undanfarin ár.

Tekjur ársins jukust en gjöld einnig. Vaxtagjöld eru lægri en árið áður, þ.e. árið 2017, því krafa jöfnunarsjóðs á kirkjumálasjóð og krafa Biskupsstofu voru ekki vaxtareiknaðar á árinu. Kostnaður vegna stjórnar, starfsskipunar og þjónustumálefna lækkaði, kostnaður þjónustumálefna hækkaði og rekstrarkostnaður fasteigna hækkaði.

Hækkun fastafjármuna kirkjumálasjóðs er vegna hækkunar fasteignamats fasteigna. Sú hækkun endurspeglar þó ekki raunvirðishækkun fasteigna því viðhaldskostnaði hefur verið ábótavant í nokkur ár. Veltufé kirkjumálasjóðs lækkar um 40% frá árinu 2017 og er greiðslustaða sjóðsins verulega slæm. Kirkjumálasjóður tók fé að láni hjá Biskupsstofu til að fjármagna greiðsluvandann. Til stóð að gera upp skuldir sjóðsins með sölu á Laugavegi 31 en um áramót 1.1.2020 falla niður allar skuldir og kröfur á milli sjóða og fastafjármunir verða sameiginlegir.

Lausafjárhlutfall sjóðsins er komið niður í 0,44 sem flokkast sem slæm staða og traust fjármálastofnana á sjóðunum hefur minnkar.

Á sama tíma og lausafjárhlutfallið lækkar er eiginfjárhlutfallið það sama eða 0,9. Þegar rekstrarhalli er varanlegur ætti eiginfjárhlutfallið að lækka en það stendur í stað vegna hækkunar á fasteignamati eigna. Eins og áður segir ætti fasteignamat að endurspegla raunvirði fasteigna en gerir það ekki nema fasteignum sé haldið vel við.

Kristnisjóður

Ársreikningur kristnisjóðs er endurskoðaður.

Tekjur kristnisjóðs eru hluti af kirkjujarðasamkomulaginu og eiga að jafngilda 15 prestslaunum.

Rekstur kristnisjóðs skilaði tæpum 10,5 millj. kr. í tekjuafgang. Tekjur sjóðsins voru 148,8 millj.kr. sem er hækkun frá fyrra ári. Veittir styrkir úr sjóðnum voru 66,7 millj. kr. allt frá 200 þús. kr. til 11,0 millj. kr.

Launakostnaður kristnisjóðs er innheimtur frá biskupsstofu með kostnaðarhlutdeild en starfsmenn sjóðsins fá laun sín greidd með launakeyrslu fjársýslu ríkisins.

Allar eignir kristnisjóðs eru veltufjármunir.

Jöfnunarsjóður sókna

Ársreikningur jöfnunarsjóðs er enn í vinnslu.

Tekjur jöfnunarsjóðs sókna eru 18,5% af sóknargjöldum til þjóðkirkjusafnaða, tekjurnar eru viðbót við önnur sóknargjöld sem ríkið greiðir sóknum landsins.

Tekjuafgangur jöfnunarsjóðs var 59 millj. kr. sem leggjast við sjóð til úthlutunar styrkja.

Rekstrarkostnaður jöfnunarsjóðs nam 19,7 millj. kr. en önnur gjöld voru úthlutaðir styrkir.

Allar eignir jöfnunarsjóðs eru veltufjármunir.

Fjárhagsáætlun 2020

Nú er í fyrsta sinn er gerð ein fjárhagsáætlun fyrir þjóðkirkjuna í heild. Fjárhagsáætlunin er fylgiskjal með þessu máli.

Greiðsla frá ríkinu til þjóðkirkjunnar á árinu 2020 er áætluð í fjárhagsáætlun 3,7 milljarðar. Eins og fyrr segir hefur sú fjárhæð ekki fengist staðfest hjá fjármálaráðuneytinu eða verið birt í fjárlögum.

Gert er ráð fyrir að launakostnaður embættismanna þjóðkirkjunnar og annarra starfsmanna verði um 2,6 milljarðar króna og embættiskostnaður presta og biskupa verði um 159 millj. kr.

Úthlutanir og styrkir til sókna og annarra eru 10,6% af heildartekjum þjóðkirkjunnar eða um 392,6 millj. kr. en úthlutanir til rekstrar Skálholts eru ekki færðar undir úthlutunarlið en hafðar sér til að gefa skýrari mynd. Heildarkostnaður vegna Skálholts er áætlaður 80 millj. kr. eða um 2,9% af heildartekjum.

Rekstrar- og viðhaldskostnaður fasteigna í eigu þjóðkirkjunnar er áætlaður um 168,2 millj. kr.

Rekstrarkostnaður vegna kirkjuþings og kirkjuráðs er áætlaður um 58,8 millj.kr.

Rekstrarkostnaður vegna Katrínartúns er áætlaður um 63,5 millj.kr.

Rekstrarkostnaður Tónskóla lækkar um 10,3 millj. vegna framlags Reykjavíkurborgar til skólans og er áætlaður 23,6 millj. kr.

Verkefnatengdir kostnaðarliðir eru unnir í samræmi við verkefnaáætlun en aðrir liðir hækka vegna verðlagsbreytinga.

Kirkjuþing afgreiddi fjármál þjóðkirkjunnar með eftirfarandi

Þingsályktun

Kirkjuþing 2019 samþykkir endurskoðaða ársreikninga þjóðkirkjunnar og Kristnisjóðs fyrir árið 2018.

Nefndarálit fjárhagsnefndar

Fjárhagsnefnd kirkjuþings hefur farið yfir ársreikning þjóðkirkjunnar 06-701 fyrir árið 2018 frá Fjárslu ríkisins eins og hann er birtur í ríkisreikningi og leggur til að hann verði samþykktur. Fjárhagsnefnd hefur einnig farið yfir endurskoðaðan ársreikning Kristnisjóðs og leggur til að hann verði samþykktur.

Endurskoðun ársreikninga Jöfnunarsjóðs sókna og kirkjumálasjóðs er ekki lokið og því ekki hægt að taka afstöðu til þeirra. Fjárhagsnefnd mun taka þá til skoðunar þegar þeir liggja fyrir.

Fjárhagsnefnd hefur kynnt sér fjárhagsáætlun þjóðkirkjunnar fyrir árið 2020.

3. mál 2019

Flutt af biskupi Íslands

Starfsreglur um breyting á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. starfsreglnanna:

Breiðholts-, Fella- og Hólaprestaköll, Reykjavíkúrprófastsdæmi eystra, sameinist í eitt prestakall, Breiðholtsprestakall.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 50. gr., sbr. 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Greinargerð.

Í hinu nýja Breiðholtsprestakalli þjóna sóknarprestur og tveir prestar. Embætti sóknarprests núverandi Breiðholtsprestakalls hefur verið auglýst laust til umsóknar með fyrirvara um breytingu á því í embætti prests í sameinuðu prestakalli. Tekið verður tillit til vígslualdurs, menntunar, annarrar reynslu og jafnréttisáætlunar kirkjunnar við mat á því hver verði sóknarprestur sameinaðs prestakalls.

Nefndarálit löggjafarnefndar

Nefndin hefur fjallað um málið.

Fram kemur í málinu að í hinu nýja Breiðholtsprestakalli þjóni sóknarprestur og tveir prestar. Embætti sóknarprests núverandi Breiðholtsprestakalls hafi verið auglýst laust til umsóknar með fyrirvara um breytingu á því í embætti prests í sameinuðu prestakalli.

Fram kom í máli framsögumanns að prestaköllin hafa um hríð starfað mikið saman og eru sóknarnefndirnar og aðrir sem starfa í kirkjunni á einu máli um að sameining þessara prestakalla verði til mikilla hagsbóta fyrir kirkjustarf prestakallanna. Í hinu nýja Breiðholtsprestakalli munu þjóna sóknarprestur og tveir prestar.

Í fylgiskjali með málum um sameiningu prestakalla kemur fram að biskupafundur hefur, frá kirkjuþingi 2018, unnið að áframhaldandi tillögugerð um sameiningu prestakalla. Hvað varði gildistöku sameiningartillagna almennt verður yfirleitt miðað við lok skipunartíma presta eða eftir nánara samkomulagi.

Fyrir liggur í málinu fylgiskjal með upplýsingum um kostnað við sameiningartillögurnar en sameining ofangreindra prestakalla kostar kr. 4.640.970 á ári, þ.e. laun og annar tengdur kostnaður. Nefndin telur að ekki verði hjá því komist að farið verði í almenna hagræðingu með það að leiðarljósi að kostnaði þjóðkirkjunnar vegna þessara breytinga verði haldið í lágmarki.

Löggjafarnefnd leggur til að málið á þingskjali 3 verði samþykkt óbreytt.

4. mál 2019

Flutt af biskupi Íslands

**Starfsreglur um breyting á starfsreglum
um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. starfsreglnanna:

Ás-, Langholts- og Laugarnesprestaköll, Reykjavíkúrprófastsdæmi vestra, sameinist í eitt prestakall, Laugardalsprestakall.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 50. gr., sbr. 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Greinargerð.

Í hinu nýja Laugardalsprestakalli þjóna sóknarprestur og þrír prestar. Tekið verður tillit til vígslualdurs, menntunar, annarrar reynslu og jafnréttisáætlunar kirkjunnar við mat á því hver verði sóknarprestur sameinaðs prestakalls. Gert er ráð fyrir að afgreiða tillöguna á framhaldskirkjuþingi 2020.

Nefndarálit löggjafarnefndar

Löggjafarnefnd hefur fjallað um málið.

Lagt er til að Ás-, Langholts- og Laugarnesprestaköll, Reykjavíkúrprófastsdæmi vestra, sameinist í eitt prestakall, Laugardalsprestakall.

Biskupafundur sendi sóknarnefndum og prófast tillöguna til kynningar 3. september 2019.

Umsögn barst frá sóknarnefnd Langholtssóknar sem styður í meginatriðum framkomna tillögu biskupafundar um sameiningu Ás-, Langholts- og Laugarnesprestakalla í eitt nýtt Laugardalsprestakall. Sóknarnefnd leggur áherslu á það, ef tillagan nái fram að ganga, að fagleg sjónarmið verði látin ráða við val á nýjum sóknarpresti og gætt verði að jafnrétti kynjanna.

Í fundargerð biskupafundar frá 9. október 2019 kemur fram að í hinu nýja prestakalli þjóni sóknarprestur og þrír prestar.

Nefndin bendir á mikilvægi þess að tekið verði tillit til vígslualdurs, menntunar og annarrar reynslu svo og jafnréttisáætlunar kirkjunnar við mat á því hver verði sóknarprestur sameinaðs prestakalls. Gert er ráð fyrir að sameining öðlist gildi 1. október 2020.

Löggjafarnefnd leggur til að tillagan verði samþykkt.

Stefán Magnússon sat hjá við afgreiðslu málsins.

5. mál 2019

Flutt af biskupi Íslands

**Starfsreglur um breyting á starfsreglum
um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. starfsreglnanna:

Digranes- og Hjallaprestaköll, Reykjavíkúrprófastsdæmi eystra, sameinist í eitt prestakall, Digranes- og Hjallaprestakall.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 50. gr., sbr. 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Greinargerð.

Í hinu nýja Digranes- og Hjallaprestakalli þjóna sóknarprestur og tveir prestar og hálf stöðugildi prests verður lagt til að auki. Komi ekki fram athugasemdir við það hyggst biskup Íslands skipa núverandi sóknarprest Digranesprestakalls sem sóknarprest í væntanlegu prestakalli og sóknarprest og prest Hjallaprestakalls (50%) sem presta í kallinu. Verður því ein staða prests auglýst þegar sameining hefur öðlast gildi. Gert er ráð fyrir að afgreiða tillöguna á framhaldskirkjuþingi 2020.

Nefndarálit löggjafarnefndar

Löggjafarnefnd hefur fjallað um málið.

Lagt er til að Digranes- og Hjallaprestaköll, Reykjavíkúrprófastsdæmi eystra, sameinist í eitt prestakall, Digranes- og Hjallaprestakall.

Biskupafundur sendi sóknarnefndum og prófasti tillöguna til kynningar 3. september 2019.

Í fundagerð biskupafundar frá 9. október 2019 kemur fram að í hinu nýja prestakalli þjóni sóknarprestur og tveir prestar og hálf stöðugildi prests verður lagt til að auki.

Nefndin bendir á mikilvægi þess að tekið verði tillit til vígslualdurs, menntunar og annarrar reynslu svo og jafnréttisáætlunar kirkjunnar við mat á því hver verði sóknarprestur sameinaðs prestakalls. Gert er ráð fyrir að sameining öðlist gildi 1. október 2020.

Löggjafarnefnd leggur til að tillagan verði samþykkt.

Stefán Magnússon sat hjá við afgreiðslu málsins.

6. mál 2019

Flutt af biskupi Íslands

**Starfsreglur um breyting á starfsreglum
um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. starfsreglnanna:

Heiti Garða- og Hvalfjarðarstrandarprestakalls í Vesturlandsprófastsdæmi breytist í Garða- og Saurbæjarprestakall.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 50. gr., sbr. 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Nefndarálit löggjafarnefndar

Löggjafarnefnd hefur farið yfir málið og leggur til að tillagan á þskj. 6 verði samþykkt. óbreytt.

Tillagan fjallar um heiti Garða- og Hvalfjarðarstrandarprestakalls í Vesturlandsprófastsdæmi. Lagt er til að nafnið breytist í Garða- og Saurbæjarprestakall. Þetta er í samræmi við ályktanir frá almennum safnaðarafundum í Akranessókn, Innrahólmssókn, Leirársókn og Saurbæjarsókn og er þar lýst yfir stuðningi við tillögu biskups Íslands að þessari nafnbreytingu, sbr. fylgiskjal 1 með málinu.

7. mál 2019

Flutt af biskupi Íslands

**Starfsreglur um breyting á starfsreglum
um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. starfsreglnanna:

Flateyjarsókn, Breiðafjarðar- og Strandaprestakalli, Vestfjarðaprófastsdæmi tilheyri Stykkishólmsprestakalli, Vesturlandsprófastsdæmi.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 50. gr., sbr. 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Nefndarálit löggjafarnefndar

Nefndin hefur fjallað um málið á þingskjali 7 og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Í máli þessu er lagt til Flateyjarsókn í Breiðafjarðar- og Strandaprestakalli, Vestfjarðaprófastsdæmi, tilheyri Stykkishólmsprestakalli, Vesturlandsprófastsdæmi.

Í ódagsettu bréfi frá Gunnari Sveinssyni, fyrir hönd sóknarnefndar Flateyjarsóknar, þar sem fjallað er um tilvonandi sameiningu Reykhólaprestakalls og Hólmavíkurprestakalla segir, að það sé vilji sóknarbarna Flateyjarkirkju og sóknarnefndar í Flateyjarsókn að óska eftir tilflutningi Flateyjarsóknar yfir til Stykkishólmsóknar.

8. mál 2019

Flutt af biskupi Íslands

**Starfsreglur um breyting á starfsreglum
um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. starfsreglnanna:

Skarðssókn, Breiðafjarðar- og Strandaprestakalli, Vestfjarðaprófastsdæmi tilheyri Dalaprestakalli, Vesturlandsprófastsdæmi.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 50. gr., sbr. 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Nefndarálit löggjafarnefndar

Nefndin hefur fjallað um málið á þingskjali 8 og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Breytingin fjallar um að Skarðssókn, Breiðafjarðar- og Strandaprestakalli, Vestfjarðaprófastsdæmi, tilheyri Dalaprestakalli, Vesturlandsprófastsdæmi.

Í málinu var lögð fram á fylgiskjali samþykkt héraðsfundar Vestfjarðaprófastsdæmis þar sem fram kemur fram að héraðsfundur prófastsdæmisins, haldinn á Reykhólum 8. september 2019 samþykkir beiðni og samþykkt aðalsafnaðarfundar Skarðssóknar um að viðkomandi sókn, sem nú er í Breiðafjarðar- og Strandaprestakalli, flytjist yfir í Dalaprestakall, en Skarðssókn tilheyrði því prestakalli áður.

9. mál 2019

Flutt af biskupi Íslands

Starfsreglur um breyting á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. starfsreglnanna:

Bolungarvíkur-, Holts-, Ísafjarðar- og Þingeyrarprestaköll, Vestfjarðaprófastsdæmi, sameinist í eitt prestakall, Ísafjarðarprestakall.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 50. gr., sbr. 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Greinargerð.

Í hinu nýja Ísafjarðarprestakalli þjóna sóknarprestur og þrír prestar. Tekið verður tillit til vígslualdurs, menntunar, annarrar reynslu og jafnréttisáætlunar kirkjunnar við mat á því hver verði sóknarprestur sameinaðs prestakalls. Gert er ráð fyrir að afgreiða tillöguna á framhaldskirkjuþingi 2020.

Nefndarálit löggjafarnefndar

Löggjafarnefnd hefur fjallað um málið.

Lagt er til að Bolungarvíkur-, Holts-, Ísafjarðar- og Þingeyrarprestaköll, Vestfjarðaprófastsdæmi, sameinist í eitt prestakall, Ísafjarðarprestakall.

Biskupafundur sendi sóknarnefndum og prófasti tillöguna til kynningar 3. september 2019.

Prófastur Vestfjarðaprófastsdæmis veitti umsögn um sameiningu prestakallanna en þar kemur fram að hann telur tillöguna skynsamlega. Aukið samstarf og samvinna presta muni stuðla að bættri þjónustu prestanna og efla kirkjustarf á svæðinu. Þá muni þetta veita möguleika á því að jafna starfsálag. Hann telur presta á svæðinu vera vel í stakk búna til að vinna saman og útfæra þessar tillögur.

Í fundargerð biskupafundar frá 9. október 2019 kemur fram að í hinu nýja prestakalli muni þjóna sóknarprestur og þrír prestar.

Nefndin bendir á mikilvægi þess að tekið verði tillit til vígslualdurs, menntunar og annarrar reynslu svo og jafnréttisáætlunar kirkjunnar við mat á því hver verði sóknarprestur sameinaðs prestakalls. Gert er ráð fyrir að sameining öðlist gildi 1. október 2020.

Löggjafarnefnd leggur til að tillagan verði samþykkt.

Hildur Inga Rúnarsdóttir, Steindór R. Haraldsson og Stefán Magnússon sátu hjá við afgreiðslu málsins.

10. mál 2019

Flutt af biskupi Íslands

**Starfsreglur um breyting á starfsreglum
um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. starfsreglnanna:

Súðavíkursókn, Vatnsfjarðarsókn og Ögursókn sameinist. Heiti hinnar nýju sóknar verði Súðavíkursókn.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 50. gr., sbr. 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Nefndarálit löggjafarnefndar

Nefndin hefur fjallað um málið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt eins og það birtist á þingskjali 10.

Tillagan fjallar um að Súðavíkursókn, Vatnsfjarðarsókn og Ögursókn sameinist. Heiti hinnar nýju sóknar verði Súðavíkursókn.

Fram kemur í fylgiskjali með málinu að á héraðsfundi Vestfjarðaprófastsdæmis, sem haldinn var á Reykhólum 8. september 2019, var samþykkt að sameina Ögursókn, Vatnsfjarðarsókn og Súðavíkursókn í eina sókn og skuli hin nýja sókn heita Súðavíkursókn. Fyrir liggur samþykki aðalfunda viðkomandi sókna, sem allar eru í Bolungarvíkurprestakalli.

11. mál 2019

Flutt af biskupi Íslands

**Tillaga að starfsreglum um breyting á starfsreglum
um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum
(Húnavatnsprestakall)**

Málið var dregið til baka.

12. mál 2019

Flutt af biskupi Íslands

**Starfsreglur um breyting á starfsreglum
um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. starfsreglnanna:

Akureyrar- og Laugalandsprestaköll, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi, sameinist í eitt prestakall, Akureyrar- og Laugalandsprestakall.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 50. gr., sbr. 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Greinargerð.

Í hinu nýja Akureyrar- og Laugalandsprestakalli þjóna sóknarprestur og tveir prestar. Tekið verður tillit til vígslualdurs, menntunar, annarrar reynslu og jafnréttisáætlunar kirkjunnar við mat á því hver verði sóknarprestur sameinaðs prestakalls. Gert er ráð fyrir að afgreiða tillöguna á framhaldskirkjuþingi 2020.

Nefndarálit löggjafarnefndar

Löggjafanefnd hefur fjallað um málið.

Málið fjallar um tillögu biskupafundar um sameiningu Akureyrar- og Laugalandsprestakalls í eitt prestakall, Akureyrar- og Laugalandsprestakall.

Biskupafundur sendi sóknarnefndum og prófasti tillöguna til kynningar 3. september 2019.

Umsagnir bárust frá almennum safnaðarfundum allra sókna í Laugalandsprestakalli, sóknarnefnd Saurbæjarsóknar og safnaðarfundu Akureyrarsóknar sem haldinn var á árinu 2018 en þá var tillaga biskupafundar kynnt fyrst. Ekki bárust umsagnir eftir að tillagan var kynnt aftur á árinu 2019.

Fram kemur í fundargerð biskupafundar frá 9. október 2019 að í hinu nýja prestakalli muni þjóna sóknarprestur og tveir prestar.

Í bréfi frá prófasti Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmis dags. 20. september sl. kemur fram að góð sátt sé nú um sameiningu prestakallanna meðal sóknarnefnda beggja prestakalla. Bréf þetta er fylgiskjal með nefndarálitinu.

Nefndin bendir á mikilvægi þess að tekið verði tillit til vígslualdurs, menntunar og annarrar reynslu svo og jafnréttisáætlunar kirkjunnar við mat á því hver verði sóknarprestur sameinaðs prestakalls. Gert er ráð fyrir að sameining öðlist gildi 1. október 2020.

Löggjafarnefnd leggur til að tillagan verði samþykkt.

Stefán Magnússon sat hjá við afgreiðslu málsins.

13. mál 2019

Flutt af biskupi Íslands

**Tillaga að starfsreglum um breyting á starfsreglum
um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum
(Breiðabólsstaðar- og Oddaprestakall)**

Málið var dregið til baka.

14. mál 2019

Flutt af biskupi Íslands

**Starfsreglur um breyting á starfsreglum
um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. starfsreglnanna:

Selfoss- og Eyrarbakkaprestaköll, Suðurprófastsdæmi, sameinist í eitt prestakall, Árborgarprestakall.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 50. gr., sbr. 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Greinargerð.

Í hinu nýja Árborgarprestakalli þjóna sóknarprestur og tveir prestar. Komi ekki fram athugasemdir við það hyggst biskup Íslands skipa núverandi sóknarprest Selfossprestakalls sem sóknarprest í væntanlegu Árborgarprestakalli og prest Selfossprestakalls sem prest í prestakallinu.

Nefndarálit allsherjarnefndar

Löggjafarnefnd hefur fjallað um málið. Tillagan fjallar um að Selfoss- og Eyrarbakkaprestaköll, Suðurprófastsdæmi, sameinist í eitt prestakall, Árborgarprestakall.

Biskupafundur sendi sóknarnefndum og prófasti tillöguna til kynningar 3. september 2019.

Í fundargerð biskupafundar frá fundi 9. október 2019 kemur fram að í hinu nýja prestakalli muni þjóna sóknarprestur og tveir prestar. Biskup Íslands hyggst skipa núverandi sóknarprest Selfossprestakalls sem sóknarprest í væntanlegu Árborgarprestakalli og prest Selfossprestakalls sem prest í prestakallinu, komi ekki fram athugasemdir við það.

Löggjafarnefnd telur rétt að núverandi sóknarprestur Eyrarbakkaprestakalls verði þriðji prestur prestakallsins.

Nefndin bendir á mikilvægi þess að tekið verði tillit til vígslualdurs, menntunar og annarrar reynslu svo og jafnréttisáætlunar kirkjunnar við mat á því hver verði sóknarprestur sameinaðs prestakalls. Gert er ráð fyrir að sameining öðlist gildi 1. október 2020.

Löggjafarnefnd leggur til að tillagan verði samþykkt.

Stefán Magnússon sat hjá við afgreiðslu málsins.

15. mál 2019

Flutt af Agnesi M. Sigurðardóttur, Solveigu Láru Guðmundsdóttur og Kristjáni Björnssyni

Þingsályktun um mótun stefnu þjóðkirkjunnar í málefnum fólks á flótta, hælisleitenda og innflytjenda

Kirkjuþing 2019 samþykkir að skipaður verði þriggja manna starfshópur til að móta stefnu og verklagsreglur þjóðkirkjunnar í málefnum hælisleitenda, fólks á flótta og innflytjenda. Biskup Íslands skipi starfshópinn. Nefndin skili tillögum sínum á framhaldsþinginu í mars næstkomandi.

Greinargerð.

Prestur innflytjenda hóf störf hjá þjóðkirkjunni í nóvember árið 1996.

Síðustu ár hefur starf hans aukist í takt við fjölgun hælisleitenda til Íslands. Er nú svo komið að hann þjónar hælisleitendum í þremur kirkjum, Háteigskirkju, Breiðholtskirkju og Keflavíkurkirkju. Frá haustdögum 2018 hefur hann haft skrifstofuaðstöðu í Breiðholtskirkju og alþjóðlegur söfnuður er að myndast með reglulegu helgihaldi og auknu safnaðarstarfi, s.s. skírnarfræðslu og safnaðarkvöldum. Árið 2015 fór prestur innflytjenda af stað með reglulegt helgihald og móttöku hælisleitenda í fjórum kirkjum undir nafninu Seekers. Fjórir prestar á höfuðborgarsvæðinu vinna nú náið með presti innflytjenda. Frá 2015 hefur prestur innflytjenda skírt um 60 flóttamenn. Af þeim voru 19 sendir utan en 28 fengu hæli á Íslandi. Þessir 28, ásamt tugum annarra kristinna flóttamanna, eru kjarni þess safnaðar sem er að vaxa í Breiðholtskirkju.

Nefnd á vegum þjóðkirkjunnar fór utan og kynnti sér málefni fólks á flótta hjá Alkirkjuráðinu og Lúterska heimssambandinu. Þá voru mynduð tengsl við CCME (The Church's Commission for Migrants in Europe), sem eru samtök kirkna í Evrópu sem sinna málefnum innflytjenda og fólks á flótta.

Mikilvægt er að starfshópurinn svari þeirri spurningu hvernig best sé að kirkjan taki á móti hælisleitendum og flóttafólki og hvernig kirkjan vill búa að þeim sem koma til landsins, ásamt þeim sem snúist hafa til kristinnar trúar og látið skírast. Einnig kanni hópurinn hvernig megi skipuleggja starf stuðningsaðila og stuðningsfjölskyldna sem aðstoða flóttafólk, ásamt annarri aðstoð.

Nefndarálit allsherjarnefndar

Nefndin hefur fjallað um málið og leggur til að það verði samþykkt með breytingartillögu á þskj. 42

Allsherjarnefnd telur nægilegt að starfshópurinn sé skipaður þremur einstaklingum enda sé það almenna reglan varðandi nefndarskipan.

Kirkjuþing 2019 samþykkir að skipaður verði þriggja manna starfshópur til að móta stefnu og verklagsreglur þjóðkirkjunnar í málefnum hælisleitenda, fólks á flótta og innflytjenda. Biskup Íslands skipi starfshópinn. Nefndin skili tillögum sínum á framhaldsþinginu í mars næstkomandi.

*Breytingartillaga allsherjarnefndar við tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu
þjóðkirkjunnar í málefnum fólks á flóttu, hælisleitenda og innflytjenda*
Í stað orðanna „fimm manna starfshópur“ kemur: þriggja manna starfshópur.

16. mál 2019

Flutt af biskupi Íslands

Þingsályktun um að þjóðkirkjan sækji um fulla aðild að samtökum evangelískra kirkna í Evrópu GEKE/CPCE

Kirkjuþing 2019 samþykkir að beina því til biskups Íslands að sækja, f.h. þjóðkirkjunnar, um fulla aðild að samtökum evangelískra kirkna í Evrópu GEKE/CPCE.

Greinargerð.

Samtök evangelískra kirkna í Evrópu urðu til árið 1973 út af þeirri brýnu þörf kirknanna að styrkja samvinnu og samstarf sem byggir á gagnkvæmri virðingu og gagnkvæmum skilningi þrátt fyrir að hluta til séu ólíkar skoðanir og starfsaðferðir. Markmiðið er eining í fjölbreytileikanum. Það byggir á því að Kristur sagði ekki að við ættum að vera eins, heldur að við ættum að vera eitt í honum.

Tillaga um aukið samstarf þjóðkirkjunnar og samtaka evangelískra kirkna í Evrópu var áður á dagskrá kirkjuþings 2017. Í aðdraganda þess var haldið málþing í Skálholti í ágústmánuði 2017 undir yfirskriftinni Kirkjan í kviku samfélagsins og fjallaði það að verulegu leyti um kirkjuskilninginn, þar sem aðalritari Samtaka evangelískra kirkna í Evrópu, Dr. Michael Bünker, biskup lútersku kirkjunnar í Austurríki, flutti inngangserindi um samtökin og varpaði upp spurningunni um það hvort ekki væri æskilegt að þjóðkirkjan tæki þátt í starfi samtakanna með fullri aðild. Í kjölfar kirkjuþings 2017 fjallaði ráðgjafarnefnd um kenningarleg málefni (kenningarnefnd) um málið og skipaði biskup þriggja manna nefnd til að þýða Leuenberg konkordíuna og fylgja málinu eftir á prestastefnu 2018. Í nefndinni störfuðu dr. Arnfríður Guðmundsdóttir, prófessor sem formaður, Kristján Valur Ingólfsson, vígslubiskup em. og dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson, héraðsprestur. Prestastefna 2018 samþykkti með öllum greiddum atkvæðum að þjóðkirkjan skyldi sækja um fulla aðild að samtökunum.

Samtökin eiga sér þá forsögu að lengi framan af var lítið sem ekkert samstarf milli þeirra kirkna sem siðbótarhreyfing sextándu aldar fæddi af sér, og siðbótarmennirnir Lúther, Kalvín og Zwingli leiddu af stað. Það var ekki fyrr en árið 1973 sem gengið var frá samkomulagi um gagnkvæman skilning og fulla þátttöku safnaðarfólks í starfi hinna sjálfstæðu kirkna. Þetta samkomulag er kennt við Leuenberg í Sviss og byggir á guðfræðilegu og kirkjufræðilegu skjali sem gengur undir nafninu Leuenberg konkordían.

Þjóðkirkjunni var boðin aðild að samtökunum árið 1993 en hafnaði því á þeirri forsendu að hér á landi væri engin önnur evangelísk kirkja en sú evangelísk lúterska og því yrði ekki um neitt samstarf að ræða. Á þessum tíma voru kirkjurnar á öðrum Norðurlöndum heldur ekki þátttakendur, og áherslan bæði þar og hér hvíldi meira á sambandi kirknanna á Norðurlöndum við kirkjurnar á Bretlandseyjum og í baltísku löndunum sem kennt er við Porvoo.

Nú hafa norska kirkjan og danska þjóðkirkjan fulla aðild að Samtökum evangelískra kirkna í Evrópu og nú eru einnig aðrir tímar hér á landi eins og í heiminum öllum.

Augljóst er að aukið samstarf kirkna á sama grunni styrkir stöðu þeirra í samtalinu við aðrar kristnar kirkjudeildir, sem svo aftur styrkir stöðu kristninnar í nauðsynlegu samtali við önnur trúarbrögð í heiminum til þess að efla frið á jörðu.

Nefndarálit allsherjarnefndar

Nefndin hefur fjallað um málið og leggur til að tillagan á þskj. 16 verði samþykkt óbreytt.

17. mál 2019
Flutt af kirkjuráði

Þingsályktun um jafnréttisstefnu þjóðkirkjunnar

Kirkjuþing 2019 samþykkir eftirfarandi jafnréttisstefnu þjóðkirkjunnar:

Jafnréttisstefna þjóðkirkjunnar

I. KAFLI

Inngangur

Jafnréttisstefna kirkjunnar á að stuðla að jafnrétti eins og rétt og skylt er í samræmi við líf og boðskap Jesú Krists. Undirstöðuatríði kristins boðskapar fela í sér jafnréttishugsjón og skírnn inn í kristið samfélag gerir engan greinarmun á kyni eða stöðu einstaklinga. Því er jafnréttisstefna viðurkenning manngildis og jafnréttis allra einstaklinga.

Jafnréttisstefna kirkjunnar tekur mið af gildandi jafnréttislögum á Íslandi, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, með síðari breytingum. Þar er meðal annars lögð áhersla á að kynjasambætting sé fest í sessi sem mikilvæg leið til að koma á jafnrétti. Þá mun kirkjan vinna eftir lögum um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019 og gæta að því í öllu sínu starfi að fylgt sé ákvæði 65. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

Jafnframt er tekið mið af því að þjóðkirkjan er aðili að Alkirkjuráði, Kirknaráði Evrópu og Lúterska heimssambandinu. Samtökin hafa hvatt kirkjur sínar til að gæta að jafnréttissjónarmiðum til hins ýtrasta.

Jafnréttisstefna kirkjunnar tekur annars vegar til stjórnkerfis kirkjunnar og starfsmanna hennar og hins vegar til starfsemi og þjónustu sem kirkjan veitir.

II. KAFLI

Hlutverk jafnréttisnefndar kirkjunnar

Jafnréttisnefnd kirkjunnar samanstendur af fimm aðalmönnum og fimm varamönnum, sem kirkjuþing hefur kosið til fjögurra ára í senn. Jafnréttisfulltrúar starfa með jafnréttisnefnd og sitja fundi hennar. Þeir hafa starfsstöð á þjónustusviði biskupsstofu og sinna fræðslu út í söfnuðum. Helstu hlutverk jafnréttisnefndar kirkjunnar eru eftirfarandi:

1. Að vera ráðgefandi fyrir biskup Íslands og kirkjuráð í málefnum er varða jafnrétti kynjanna.
2. Að hafa frumkvæði að fræðslu og aðgerðum, til að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna innan kirkjunnar.
3. Að fylgjast með framkvæmd jafnréttisstefnunnar fyrir hönd biskups og kirkjuráðs og gera tillögu til kirkjuráðs um endurskoðun framkvæmdaáætlunarinnar til þriggja ára í senn, sbr. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 10/2008.

III. KAFLI

Markmið

Markmið jafnréttisstefnunnar er að stuðla að jafnri stöðu og jöfnum rétti allra kynja í þjóðkirkjunni og jöfnum möguleikum allra kynja til starfa, áhrifa og þjónustu.

Markmiðin eru:

1. Að skapa forsendur fyrir fólk í kirkjunni til að njóta þess jafnréttis sem tryggt er í lögum.
2. Að festa kynjasambættingu og jafnréttismál í sessi á öllum sviðum kirkjulegs starfs og innan stjórnslu kirkjunnar.
3. Að festa kynjaða fjárlagagerð í sessi á öllum sviðum kirkjulegs starfs og innan stjórnslu kirkjunnar.
4. Að bæta stöðu eða auka möguleika kynjana ef á kyn hallar á ákveðnu sviði.
5. Að stuðla að jafnri stöðu kynjanna í stjórnunar- og áhrifastöðum.
6. Að stuðla að betra samræmi milli fjölskyldu- og atvinnulífs starfsmanna.

Markmiðin og framkvæmd þeirra: Neðangreind áætlun er fyrir árin 2019-2023

1. **Að skapa forsendur fyrir fólk í kirkjunni til að njóta þess jafnréttis sem tryggt er í lögum.**
 - a. Að hvetja til þess að æðsta stofnun kirkjunnar, kirkjuþing, samþykki ekkert sem brjóti í bága við jafnréttislög og leita þurfi álits jafnréttisnefndar í öllum vafatilvikum.
Hvatt verður til þess að æðsta stofnun kirkjunnar, kirkjuþing, tryggji að allt sem þar er samþykkt samræmist gildandi jafnréttislögum, ekkert sé samþykkt þar sem brjóti í bága við þau eða takmarki réttindi fólks til að njóta þeirra réttinda sem löggin eiga að tryggja. Verði borin kennsl á aðstæður eða þær skapist, sem torveldi starfsfólki að leita réttar síns samkvæmt jafnréttislögum skal umsvifalaust setja upp áætlun til að bæta úr.
Ábyrgð: Biskup Íslands og jafnréttisnefnd.
Tímamörk: Árið 2019-2020.
 - b. Að kirkjuráð og forsætisnefndin flytji tillögu fyrir kirkjuþing 2020 um að þingmenn hugi ávallt að jafnréttissjónarmiðum þegar teknar eru ákvarðanir eða reglur settar, sem varða vígða- eða óvígða þjóna kirkjunnar. Jafnframt að aflað skuli álits jafnréttisnefndar eða jafnréttisfulltrúa í öllum vafatilvikum.
Ábyrgð: Kirkjuráð og forsætisnefnd.
Tímamörk: Árið 2020.
 - c. Að biskup Íslands og kirkjuráð skilgreini nákvæmlega hvaða úrræði og ferlar séu fyrir hendi fyrir fólk til að leita réttar síns telji það vera brotið á sér samkvæmt jafnréttislögum.
Ábyrgð: Biskup Íslands, kirkjuráð, kirkjuþing og jafnréttisfulltrúar.
Tímamörk: Árið 2019-2020.

2. Að festa kynjasambættingu og jafnréttismál í sessi á öllum sviðum kirkjulegs starfs og innan stjórnsýslu kirkjunnar.

- a. Að auka jafnréttisfræðslu til presta, djákna og starfsfólks safnaðanna með námskeiðum um jafnréttismál, málfar allra kynja og útgáfu fræðsluefnis. Einnig mun kirkjan standa fyrir jafnréttisdögum, fræðslu og fyrirlestrum um kynjasambættingu sem felur í sér að skipuleggja, bæta, þróa og leggja mat á stefnumótun og ákvarðanir þannig að sjónarhorn kynjajafnréttis sé fléttað inn í starf kirkjunnar á öllum sviðum hennar.

Þá mun kirkjan stuðla að því að kynjasambætting verði þáttur í endurmenntun þeirra sem fyrir kirkjuna starfa.

Ábyrgð: Jafnréttisfulltrúar.

Tímamörk: 2019-2023.

- b. Jafnréttisnefnd og jafnréttisfulltrúi haldi úti virkri heimasíðu þar sem aðgengilegar eru upplýsingar um tölfræði og annað sem tengist jafnréttismálum.

Ábyrgð: Jafnréttisnefnd og jafnréttisfulltrúar.

Tímamörk: 2019-2023.

- c. Að handbók þjóðkirkjunnar verði rafræn til þess að mögulegt sé að uppfæra hana reglulega með tilliti til jafnréttis og málfars allra kynja.

Ábyrgð: Biskup Íslands, þjónustusvið og jafnréttisfulltrúar.

Tímamörk: 2019-2020.

- d. Í öllu efni sem kirkjan gefur út skal höfða til allra kynja og prestar og starfsfólk kirkjunnar sem koma að boðun og fræðslu skulu huga að ábyrgð sinni varðandi málfar allra kynja. Yfirfara skal skráningarform, prestsþjónustubækur og önnur form og fræðsluefni kirkjunnar svo tekið verði mið af þriðja kyninu. Um leið er rétt að endurskoða texta á heimasíðum og annarsstaðar með tilliti til þessa.

Ábyrgð: Jafnréttisfulltrúar og prófastar.

Tímamörk: 2019-2023.

3. Að festa kynjaða fjárlagagerð í sessi á öllum sviðum kirkjulegs starfs og innan stjórnsýslu kirkjunnar.

- a. Að jafnlaunavottun verði lokið í desember árið 2020.

Ábyrgð: Biskup Íslands og mannauðsstjóri.

Tímamörk: 2019-2020.

- b. Að verkefnastjórum fjármála þjóðkirkjunnar verði gert kleift að kynna sér og innleiða kynjaða fjárlagagerð fyrir árið 2021.

Ábyrgð: Jafnréttisfulltrúar og sviðsstjóri fjármála.

Tímamörk: 2019-2021.

4. Að bæta stöðu eða auka möguleika kynjanna ef á kyn hallar á ákveðnu sviði.

- a. Að finna leiðir að kosningafyrirkomulagi sem tryggi jafnan hlut kynjanna á kirkjuþingi og í kirkjuráði.

Ábyrgð: Biskup Íslands, kirkjuráð og kirkjuþing.

Tímamörk: 2019-2023.

- b. Að í Árbók kirkjunnar og á heimasíðu jafnréttisnefndar verði upplýsingar um kynjahlutföll í nefndum, ráðum og stjórnnum kirkjunnar.
Ábyrgð: Jafnréttisfulltrúar, jafnréttisnefnd og þjónustusvið.
Tímamörk: 2019-2020.
- c. Að mannauðsstjóri og jafnréttisfulltrúar sendi reglulega áminningu um jafnréttismál til sóknarnefndarformanna.
Ábyrgð: Mannauðsstjóri og jafnréttisfulltrúar.
Tímamörk: 2019-2023.
- d. Mikilvægt er að upplýsa matsnefnd, kjörnefndir og sóknarnefndir um lagalega skyldu sína gagnvart jafnréttislögum sem og kærurétt til Jafnréttisstofu.
Ábyrgð: Jafnréttisfulltrúar og jafnréttisnefnd.
Tímamörk: 2019-2023.

5. Að stuðla að jafnri stöðu kynjanna í stjórnunar- og áhrifastöðum.

- a. Að setja kynjakvóta og raunhæf markmið og bæta aðgengi þess kyns sem á hallar að stjórnunar og áhrifastöðum.
Ábyrgð: Biskup Íslands, kirkjuráð og kirkjuþing.
Tímamörk: 2019-2023.
- b. Að allar launaðar stöður innan þjóðkirkjunnar, bæði hjá kirkjustjórninni og söfnuðum, verði auglýstar og umsækjendur metnir samkvæmt fyrirbyggjandi þarfagreiningu og starfslýsingum.
Ábyrgð: Biskup Íslands, mannauðsstjóri og kirkjuþing.
Tímamörk: 2019-2021.

6. Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs.

- a. Að gera fólki sem starfar hjá kirkjunni kleift að samræma starfsskyldur sínar og fjölskylduábyrgð. Mikilvægt er að starfsfólk njóti sveigjanleika eins og kostur er s.s. varðandi fyrirkomulag vinnu og vinnutíma, að eins miklu leyti og starf hvers og eins leyfir. Hvatt skal til þess að öll kyn nýti rétt sinn til fæðingarorlofs og leitast við að efla fjölskylduábyrgð hvers og eins, s.s. með hvatningu til starfsmanna að þau skipti með sér fjarvistum frá vinnu vegna veikinda barna.
Ábyrgð: Vígslubiskupar, prófastar, formenn sóknarnefnda/prestar og mannauðsstjóri biskupsstofu.
Tímamörk: 2019-2023.
- b. Að sóknarnefndir verði reglulega minntar á skyldu sína að aðstoða starfsfólk sókna við að útfæra störf sín svo þau samræmist betur fjölskyldulífi.
Ábyrgð: Jafnréttisfulltrúar
Tímamörk: Árlega, fyrir tímabilið 2019-2023.
- c. Að biskupsstofa og kirkjuráð greini jafnréttisfulltrúum frá því árlega hvaða skref hafi verið stigin á árinu til að gera kirkjuna að fjölskylduvænni vinnustað.
Takmarkast skrefin ekki eingöngu við ný viðmið eða aukin sveigjanleika við

framkvæmd starfa sem starfsfólki er veittur heldur einnig við fyrirlagningu starfsánægjukannana og samantekta úr starfsmannaviðtölum hvað snertir starfslíðan starfsfólk.

Ábyrgð: Þjónustusvið biskupsstofu, kirkjuráð og vígslubiskupar.

Tímamörk: 2019-2023.

7. Endurskoðun framkvæmdaáætlunar.

Jafnréttisnefnd leggi mat á jafnréttisstefnuna og endurskoði framkvæmdaáætlun hennar reglulega.

- a. Fyrir 1. september 2023 skili nefndin tillögu að nýrri framkvæmdaáætlun til biskups Íslands og kirkjuráðs. Hún verði lögð fyrir kirkjuþing haustið 2023 og taki gildi 1. janúar 2024.

Ábyrgð: Jafnréttisnefnd og jafnréttisfulltrúar.

Tímamörk: 1. september 2023.

IV. KAFLI

Niðurlag.

Biskup Íslands ber ábyrgð á jafnréttisstefnu þjóðkirkjunnar. Biskup, vígslubiskupar, kirkjuráð, prófastar, vígðir þjónar kirkjunnar, sóknarnefndir og stofnanir kirkjunnar bera sameiginlega ábyrgð á að farið sé að jafnréttislögum og að jafnréttisstefnunni sé framfylgt, hver á sínu starfssvæði.

Á vegum kirkjunnar er starfandi teymi um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar. Teymið starfar samkvæmt starfsreglum kirkjuþings um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar nr. 330/2019.

Jafnréttisstefna þjóðkirkjunnar var samþykkt á kirkjuþingi 6. nóvember 2019.

18. mál 2019
Flutt af kirkjuráði

**Starfsreglur um breyting á starfsreglum
um prestssetur og aðrar fasteignir kirkjunnar nr. 950/2009, með síðari breytingum**

a. 2. mgr. 21. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Leiga af prestssetrum, þ.e. jörðum og húsum, auk hlunninda, ítaka og annarra réttinda sem prestur nýtur vegna embættis síns, skal nema 5% af fasteignamati hins leigða á ári á þeim svæðum þar sem gildistalan er 1,0 skv. reglum ríkisskattstjóra um skattmat af hlunnindum hvað varðar afnot af fasteignum, 4% á þeim svæðum þar sem gildistalan er 0,8 og 3,5% á þeim svæðum þar sem gildistalan er 0,7.

b. 3. mgr. 21. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Leiga prestssetra í eigu kirkjunnar á svæðum með gildistöluna 0,8 og 0,7 skal ekki vera lægri en kr. 52.000 á mánuði og ekki hærri en kr. 108.000 og tekur sú fjárhæð breytingum árlega samkvæmt neyslúvísitölu. Um leigu fyrir aðrar eignir skal samið.

2. gr.

22. gr. starfsreglnanna fellur brott.

3. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Nefndarálit fjárhagsnefndar

Nefndin hefur fjallað um málið á þingskjali 18 og leggur til að kirkjuþing samþykki það með breytingartillögu á sérstöku þingskjali.

19. mál 2019
Flutt af kirkjuráði

**Starfsreglur um um breytingu á starfsreglum um kirkjuráð
nr. 817/2000, með síðari breytingum**

1. gr.

Við 1. mgr. 11. gr. starfsreglnanna bætist nýr stafliður g) sem orðast svo: Strandarkirkjunefnd, sbr. 2. gr. reglna um Strandarkirkju í Selvogi sem samþykktar voru á kirkjuþingi árið 2001.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Athugasemdir við tillögu þessa.

Reglur um Strandarkirkju í Selvogi voru samþykktar á kirkjuþingi 2001. Á kirkjuþingi 2002 kom fram í skýrslu kirkjuráðs að ráðið hefði skipað Strandarkirkjunefnd. Enn fremur var tilgreint að ráðið hefði gengið frá erindisbréfi fyrir nefndina og var það lagt fram á kirkjuþinginu til kynningar. Erindisbréfið var gefið út 22. maí 2002 og undirritað af forseta kirkjuráðs, biskupi Íslands. Tekið var fram í niðurlagi erindisbréfsins að það skyldi falla úr gildi 1. júlí 2003. Strandarkirkjunefnd hefur ekki verið sett nýtt erindisbréf.

Samkvæmt 2. gr. starfsreglna um Strandarkirkju í Selvogi skipaði kirkjuráð núverandi Strandarkirkjunefnd frá 1. júlí 2019 til fjögurra ára.

Ragnhildur Benediksdóttir, lögfræðingur, var skipaður formaður án tilnefningar, séra Gunnar Jóhannesson skipaður samkvæmt tilnefningu prófasts Suðurprófastsdæmis og séra Baldur Kristjánsson skipaður samkvæmt tilnefningu sóknarnefndar Strandarsóknar.

Eftir samþykkt starfsreglna um kirkjuráð árið 2000 láðist að geta um Strandarkirkjunefnd í þeim starfsreglum ári síðar. Með þessari breytingartillögu er nú verið að bæta úr því.

Nefndarálit löggjafarnefndar

Nefndin hefur fjallað um málið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

20. mál 2019

Flutt af biskupi Íslands

**Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um val og veitingu
prestsembætta nr. 144/2016, með síðari breytingum**

Málið var dregið til baka.

21. mál 2019
Flutt af kirkjuráði

Þingsályktun um skipun nefndar til endurskoðunar á starfsreglum um íslensku þjóðkirkjuna erlendis

Kirkjuþing samþykkir að skipuð verði þriggja manna nefnd til þess að endurskoða starfsreglur um íslensku þjóðkirkjuna erlendis nr. 1003/2005, með síðari breytingu.

Biskup Íslands, kirkjuráð og utanríkisráðherra tilnefni hver um sig einn nefndarmann. Biskup Íslands skipi nefndina og skal sá sem biskup tilnefnir vera formaður hennar.

Nefndin skili tillögum sínum að breyttum starfsreglum til kirkjuráðs sem leggur þær fram sem tillögur að nýjum starfsreglum fyrir kirkjuþing 2020.

Greinargerð.

Starfsreglur um íslensku þjóðkirkjuna erlendis eru að mörgu leyti barns síns tíma og þarfnast gagn Gerrar endurskoðunar. Starfsreglurnar þurfa að taka tillit til þess fjölbreytta starfsumhverfis er söfnuðir og prestar búa við erlendis.

Nú eru starfandi íslenskir söfnuðir í London, Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Lúxemborg og á Kanaríeyjum. Prestsþjónusta er með misjöfnum hætti á þessum stöðum, allt frá því að vera fullar stöður fjármagnaðar í viðkomandi landi eða af þjóðkirkjunni eða prestar sem koma með reglulegu millibili til að sinna lágmarksþjónustu.

Utanríkisráðuneytið lét vinna skýrslu m.a um borgaralega þjónustu við Íslendinga á erlendri grundu. Þar er lagt til aukið samstarf sendiráða við þjóðkirkjuna og því ber að fagna. Þjóðkirkjan þjónar þar sem hennar er þörf og þegar til hennar er leitað á erlendri grundu. Þjónusta við Íslendinga erlendis er mikilvæg vegna tungumálsins sem er nátengt trúar- og tilfinningalegri vídd manneskjunnar. Því hefur samstarf þjóðkirkjunnar við sendiráðin erlendis verið mikils metin, sér í lagi á sviði sál gæslunnar. Hið menningar- og félagslega hlutverki sem hún gegnir skal heldur ekki vanmetið.

Biskupsembættið hefur verið í góðu samtali og samráði við utanríkisþjónustuna vegna þeirra sameiginlegu verkefna þessara tveggja aðila í þjónustunni og liggur fyrir skýrsla biskupsembættisins sem nefndin gaumgæfi og byggi tillögur sínar á.

Lögð er áhersla á að nefndin leiti sér upplýsinga hjá nágrennakirkjum sem og þeim kirkjum í Evrópu, þá sér í lagi í Þýskalandi, sem hafa búið góðan ramma utan um kirkjulega þjónustu borgara sinna á erlendri grundu.

Nýjar starfsreglur þurfa að taka á þeim fjölbreyttu aðstæðum sem íslenskir söfnuðir erlendis búa við, annars vegar hvað varðar stöðugildi, lagaumhverfi og hins vegar fjármögnun.

Kostnaður: Sjá kostnaðaráætlun fjármálastjóra þjóðkirkjunnar.

Nefndarálit löggjafarnefndar

Nefndin hefur fjallað um málið og leggur til að tillagan á þskj. 21 verði samþykkt óbreytt.

22. mál 2019

Flutt af Axel Árnasyni Njarðvík og Svönu Helen Björnsdóttur

Þingsályktun um úttekt á prestssetra- og kirkjujörðum vegna endurheimtar votlendis og skógræktar

Kirkjuþing ályktar að þegar verði hafist handa við að gera úttekt á því hvaða jarðnæði í eigu þjóðkirkjunnar geti hentað til skógræktar í stórum stíl sem og til endurheimtar votlendis. Úttekt þeirri skal lokið fyrir kirkjuþing haustið 2020. Jafnframt verði í þeirri úttekt hugað að umhverfisvænum virkjunarkostum, þar sem það á við.

Í framhaldinu (haust 2020) verði lögð fyrir kirkjuþing ályktun þar sem þjóðkirkjan skuldbindur sig með verkefnaáætlun til 10 ára hvar skuli ráðast í skógrækt og/eða endurheimt votlendis og skuli verkefninu vera lokið haustið 2030.

Sú tímasetning tekur mið af IPCC-skýrslu Sameinuðu þjóðanna frá því í október 2018 (sjá <https://www.ipcc.ch/sr15/>) þar sem fram kemur að jarðarbúar hafi tíu ár til viðsnúnings í loftslagsmálum til að halda hlýnun andrúmsloftsins innan við 1,5 gráður.

Greinargerð.

Samkvæmt skýrslu millipinganevndar Sameinuðu þjóðanna (IPCC 2018) hafa þjóðir heimsins 10-12 ár til að snúa þróuninni við í loftslagsmálum. Að öðrum kosti er hætt við að hitastig í andrúmsloft jarðar fari yfir ákveðinn þröskuld (1,5 gráðu hækkun hitastigs miðaða við fyrir iðnbyltingu) þannig að erfitt geti reynst að snúa þróuninni við. Um þetta eru nokkurn veginn allir vísindamenn sammála og byggja það mat á ótal rannsóknum á lífríki og náttúru. Þess vegna þurfa allir jarðarbúar að taka til hendinni í loftslagsmálum. Flestar kristnar kirkjur hafa brugðist við með að efla sitt umhverfisstarf og Frans páfi hefur orðað þetta þannig að náttúran sé „sá náungi minn“ sem mest þarf á okkar stuðningi að halda nú um stundir. Það er því siðferðileg ábyrgð þjóðkirkjunnar að bregðast við með ákveðnum hætti þar sem verk eru látin tala en ekki orð.

Íslenska þjóðkirkjan á enn töluvert mikið land, þar af nokkrar stórar jarðir. Hér er lagt til að það fari fram greining á þessu landi og jörðum í eigu kirkjunnar með það að markmiði að skilgreina hvaða svæði mundi henta til skógræktar og/eða endurheimtar votlendis. Þegar slíkt greining liggur fyrir verði gerð 10 ára áætlun (í samræmi við IPCC-skýrslu Sameinuðu þjóðanna) um að hrinda í framkvæmd þeirri skógrækt og endurheimt sem niðurstaða greiningarinnar leiðir í ljós.

Kostnaður við fyrsta stig þessarar aðgerðar, þ.e. sjálfa landgreininguna, er ekki mikill enda nú þegar til upplýsingar og gagnagrunnar í vörslu Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins. Á grunni þeirra upplýsinga má gera grófa greiningu á verkefninu. Landgræðslustjóri hefur þegar lýst sig viljugan að leggja til starfskraft til þessa verkefnis án kostnaðar af hálfu kirkjunnar. Ætla má að Skógrækt ríkisins taki líka vel í að leggja fram slíkar upplýsingar. Kostnaður til framtíðar verður meiri, en á móti kemur að fjármögnun verkefna af þessu tagi er í hraðri þróun og opinber stuðningur fer vaxandi við verkefni af þessu tagi (Votlendissjóður og t.d. bændaskógar).

Áætlaður kostnaður á næsta ári (ferðir, keypt vinna) kr. 500.000.

Nefndarálit allsherjarnefndar

Nefndin hefur fjallað um málið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

23. mál 2019

Flutt af Axel Árnasyni Njarðvík og Svönu Helen Björnsdóttur

Þingsályktun um orkuskipti í samgöngum á vegum starfsfólks kirkjunnar

Kirkjuþing ályktar að þjóðkirkjan, kirkjustjórn, prestar og sóknir stígi skref til orkuskipta í samgöngum.

Kirkjuþing ályktar enn fremur að starfshópur á vegum kirkjuráðs greini þær leiðir sem færar eru og kirkjuráð geri tillögu fyrir kirkjuþing 2020 hvernig orkuskiptum verði náð. Síðan verði innleidd ný skipan á samgöngum alls starfsfólks kirkjunnar í kjölfarið og verði þeim skiptum lokið eigi síðar en 2030.

Kirkjuráði verði falið að koma upp, við fasteignir kirkjunnar, rafmagnstenglum eða hleðslustöðvum til að hlaða bíla gegn gjaldi árið 2020.

Greinargerð.

Eins og málum er háttað í dag þá eru orkuskipti í samgöngum brýnt málefni. Hvernig þessi orkuskipti gætu farið fram þarf að greina og koma með tillögu þar um. Þjóðkirkjan gæti haft tekjur af gjaldskyldum hleðslustöðvum við kirkjur og safnaðarheimili víða um land því þessi húsakynni er oft vel í sveit sett. Það er þegar komin þörf á því að starfsfólkið geti hlaðið bíla við starfsstöðvar.

Kostnaður:

Starfshópur 500.000 kr.

Tenglar og hleðslustöðvar 2020 1.500.000 kr.

Nefndarálit allsherjarnefndar

Allsherjarnefnd hefur fjallað um málið.

Nefndin telur mikilvægt að orkuskipti fari fram og að kirkjan sé til fyrirmyndar og sýni frumkvæði í þeim málum.

Gerð verði raunsæ útfærsla á því hvernig staðið verði að orkuskiptum af hálfu þjóðkirkjunnar.

Nefndin leggur til að málinu verði vísað til kirkjuráðs.

24. mál 2019

Flutt Axel Árnasyni Njarðvík og Svönu Helen Björnsdóttur

Þingsályktun um að lýsa beri viðbragðsástandi í loftslagsmálum

Kirkjuþing ályktar að stjórnvöldum beri að lýsa viðbragðsástandi vegna stöðunnar í loftslagsmálum á heimsvísu til að flýta fyrir innleiðingu þeirra róttæku aðgerða sem þörf er á til að stemma stigu við hlýnun andrúmslofts jarðar. Einnig er ríkisstjórn Íslands hvött til að aðgerðir í loftslagsmálum verði magnbundnar og tímasettar.

Kostnaður.

Enginn beinn kostnaður er samfara þessari yfirlýsingu annar en siðferðileg skuldbinding til raunhæfra en róttækra aðgerða og málsvörn fyrir umhverfi og náttúru.

Greinargerð.

Hér er tekið undir með ályktun prestastefnu 2019, svo og ýmsum samtökum og stjórnvöldum (s.s. Landvernd, breska þinginu o.fl.) þar sem stjórnvöld eru hvött til að lýsa yfir neyðarástandi. Á hinn bóginn er það talið farsælla hér að tala um viðbragðsástand en ekki neyðarástand. Viðbragðsástand hvetur stjórnvöld, samtök og einstaklinga til raunhæfra aðgerða í loftslagsmálum og að halda vöku sinni frammi fyrir aðstedjandi vá. Á hinn bóginn hafa sérfræðingar í loftslagsmálum varað við of sterkri orðnotkun, sbr. orðið „neyðarástand“, en það getur fætt af sér lamandi kvíða og hræðslu frekar en að hvetja til aðgerða byggða á skynsamlegri von auk heldur sem slík orðnotkun kann að réttlæta a.m.k. í sumum löndum að gripið verði til aðgerða sem samrýmast ekki lýðræði og réttarríki.

Nefndarálit allsherjarnefndar

Allsherjarnefnd hefur fjallað um málið og leggur til að kirkjuþing samþykki málið óbreytt.

25. mál 2019

Flutt af Axel Árnasyni Njarðvík og Svönu Helen Björnsdóttur

Þingsályktun um kolefnisjöfnun ferðalaga á vegum kirkjustjórnarinnar

Kirkjuþing ályktar að þjóðkirkjan skuldbindi sig til þess að kolefnisjafna allir ferðir á vegum kirkjustjórnar og prófastsdæma innan þriggja ára, þ.e. fyrir árið 2022. Það verði gert með mótvægisáðgerðum í skógrækt eða endurheimt votlendis á jarðnæði í eigu kirkjunnar, m.a. þar sem boðið verður upp á helgun lands, sbr. helgun lands í Skálholti 16. september 2019.

Gerð verði greining á akstri og annarri orkuþörf á árinu 2020 og gerður samningur við fyrirtæki um mælingu á kolefnisútbæstri og mótvægisáðgerðum. Jafnframt verði fundnar leiðir til að hrinda kolefnisjöfnuninni í framkvæmd, annað hvort með þátttöku starfsfólks í skógrækt þar sem það á við eða samningi við fyrirtæki sem taka líkt að sér (endurheimt votlendis sérstaklega).

Stefnt er að því að verkefninu „að kolefnisjafna yfirstjórn kirkjunnar“ verði hrint í framkvæmd sem hér segir:

2020 biskupsstofa, biskupsembætti.

2021 kirkjuráð, kirkjuþing.

2022 prófastsdæmi.

Einnig verði söfnuðum og starfsemi þjóðkirkjunnar gert kleift að kolefnisjafna starf sitt á þessum jörðum líkt og nú þegar hefur verið lagt upp með í Skálholti.

Greinargerð.

Nú færist í vöxt að fyrirtæki og stofnanir kolefnisjafni starfsemi sína í samræmi við umhverfissjónarmið og stöðu loftslagsmála. Meira að segja hefur verið rætt um af hálfu stjórnmalamanna að leggja á kolefnisskatt til að hamla gegn útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Í sumum tilvikum eru fyrirtæki og stofnanir farnar að kaupa þjónustu til kolefnisjöfnunar sem er þá tvenns konar:

Í fyrsta lagi er um að ræða mælingar á kolefnisfótspori (ferðalög, bílar, orka, vatn, sorp) en nú þegar má með einföldum hætti fá aðgang að slíkri þjónustu þar sem hægt er að sjá í rauntíma kolefnisfótspor starfseminnar og hverjar mótvægisáðgerðir þurfi. Hér er um að ræða grænt bókhald sem færist mjög í vöxt hjá fyrirtækjum og stofnunum sem vilja sýna af sér samfélagslega ábyrgð.

Í annan stað leiða slíkar mælingar (grænt bókhald) í ljós hve mikið þarf af mótvægisáðgerðum, t.d. í formi skógræktar eða endurheimtar votlendis, enda hér byggt á mælanlegum stærðum. Nú eru að opnast möguleikar að kaupa slíka þjónustu (mótvægisáðgerðir í skógrækt og endurheimt votlendis – Votlendissjóður, Kolviður). Á hinn bóginn hefur þjóðkirkjan sjálf möguleika á að verða sjálfbær með því að jafna kolefnisfótspor starfseminnar á sínu eigin landi án mikils tilkostnaðar. Segja má að slíka starfsemi hafi þegar hafist með ferð starfsfólks og meðlima frá biskupsstofu og

Þremur söfnuðum í Skálholt s.l. september þar sem land var helgað og gróðursett tré í kolefnisjöfnun á starfseminni. Um leið getur slík starfsemi orðið gefandi viðbótarþáttur í safnaðarstarfi.

Kostnaður 2020:

Fyrsta skref. Lagt er til að gerður verði samningur við fyrirtæki um grænt bókhald fyrir biskupsstofu á árinu 2020. Kostnaður við það er áætlaður kr. 700.000.

Annað skref. Kostnaður við kaup á plöntum, skipulagsvinna á kirkjujörðum, ferðir árið 2020. Kr. 500.000.

Nefndarálit allsherjarnefndar

Allsherjarnefnd hefur fjallað um málið.

Nefndin telur mikilvægt að því sé fylgt eftir sem lagt er þar til. Staðan núna verði greind, enda áriðandi að haldið verði áfram með kolefnisjöfnun.

Nefndin leggur til að kirkjuþing samþykki að vísa málinu til kirkjuráðs.

26. mál 2019

Flutt af Bryndísi Möllu Elíadóttur, Gísla Jónassyni,
Guðmundi Þór Guðmundssyni og Önnu Guðrúnu Sigurvinsdóttur

Þingsályktun um úttekt á aðgengi fatlaðra og hreyfihamlaðra

Kirkjubíing beinir því til kirkjuráðs að gerð verði úttekt á aðgengi fatlaðra og hreyfihamlaðra að kirkjum og öðru því húsnæði þar sem starf þjóðkirkjunnar, stofnana hennar og einstakra safnaða fer fram. Í framhaldi af því verði síðan unnin áætlun um það, hvernig bæta megi aðgengið þar sem því er áfátt. Kirkjuráð skili niðurstöðum þessarar úttektar og áætlunargerðar til kirkjubíings 2020.

Greinargerð.

Ljóst er að aðgengi fatlaðra og hreyfihamlaðra að kirkjum og öðru húsnæði þar sem starf þjóðkirkjunnar, stofnana hennar og safnaða fer fram, er víða ófullnægjandi. Á þetta sérstaklega við um eldra húsnæði, en því miður einnig í einhverjum tilvikum um nýtt eða nýlegt húsnæði. Of oft virðist sem hugsunarleysi og/eða vanþekking valdi því, að í þessu húsnæði og umhverfi þess leynast erfiðar eða jafnvel óyfírstíganlegar hindranir, sem í mörgum tilfellum mætti bæta úr með tiltölulega auðveldum hætti. Á þetta hefur framsögumaður þessarar tillögu margofterkið sig á eftir að hann varð sjálfur hreyfihamlaður.

Því miður virðist sem við Íslendingar séum almennt nokkuð á eftir nágrannaþjóðum okkar hvað aðgengismál hreyfihamlaðra og fatlaðra varðar. Hlýtur það því að vera mikilvægt að kirkjan sýni gott fordæmi með því að hafa frumkvæði að því að bæta úr þessum málum í húsnæði sínu.

Sem dæmi um þau atriði sem þarf að huga að má nefna:

Sérmerkt bílastæði, kantsteina, óþörf og/eða handriðalaus þrep (utandyra sem innan), rampa að inngöngum, erfiðar og þungar hurðir, háa þröskulda, aðgengi að snyrtingum og öll aðstaða á þeim, aðgengi milli hæða, þar sem um fleiri en eina hæð er að ræða, og möguleiki á þátttöku hreyfihamlaðra í altarisgöngum og öðrum athöfnum.

Til að hrinda þeirri úttekt af stað, sem hér er lögð til, mætti t.d. hugsa sér að fela sérstökum starfshópi að útbúa gátlista, með leiðbeiningum, sem próföstum væri síðan falið að fylla út í samráði við sóknarnefndir og aðra aðila (ef við á) í sínum prófastsdæmum. Síðan mætti vinna aðgerðaráætlun um úrbætur út frá niðurstöðum slíkrar úttektar.

Nefndarálit fjárhagsnefndar

Nefndin hefur fjallað um málið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

27. mál 2019

Flutt af Hreini S. Hákonarsyni

Tillaga til þingsályktunar um frekari stefnumótun þjóðkirkjunnar

Málið var sameinað 29. máli

*Nefndarálit og breytingartillaga
frá allsherjarnefnd, fjárhagsnefnd og löggjafarnefnd.*

Allsherjarnefnd, fjárhagsnefnd og löggjafarnefnd, hafa fjallað um 27. og 29. mál og leggja til að þau verði sameinuð í eitt mál og afgreidd þannig.

Tillögurnar:

27. mál. *Tillaga til þingsályktunar um frekari stefnumótun þjóðkirkjunnar.*

29. mál. *Tillaga til þingsályktunar um gerð sviðsmynda fyrir þjóðkirkjuna.*

Tillögurnar miða báðar að því að unnin verði stefnumótun fyrir þjóðkirkjuna og eru því efnislega um náskyldar. Í tillögnum í 27. máli er lögð áhersla á að hugað verði sérstaklega að stefnumótun og framtíðarsýn þjóðkirkjunnar í ljósi hins nýja viðbótarsamnings íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar og þeirra breytinga sem hann felur í sér á sambandi samningsaðilja. Séð verði til þess að sem flest verði kölluð að stefnumótunarborðinu í samvinnu við prófasta, presta, djákna og sóknarnefndir. Í 29. máli er m.a. lögð áhersla á að stefnumótun verði að ná til grasrótar þjóðkirkjunnar. Að öðrum kosti verði ekki sátt um hana.

Lagt er til að heiti hins sameinaða máls verði:

Tillaga til þingsályktunar um undirbúning að stefnumótun fyrir þjóðkirkjuna.

Nefndirnar taka undir með flutningsmönnum um að nauðsynlegt sé að hafinn sé undirbúningur að stefnumótun þjóðkirkjunnar, einkum með tilliti til þeirra breytinga sem kirkjan hefur gengið í gegnum á síðast liðnum mánuðum og árum og þá ekki síst vegna viðbótarsamningsins sem breytti bæði fjárhagslegri stöðu kirkjunnar og réttarstöðu presta og annarra starfsmanna biskups Íslands.

Við þessar sameinuðu tillögur leggja nefndirnar fram breytingartillögu sem hljóðar svo:

Breytingartillaga.

Kirkjuþing 2019 samþykkir að fela kirkjuráði að hefja vinnu að undirbúningi að stefnumótun fyrir þjóðkirkjuna og ráða utanaðkomandi ráðgjafa/ráðgjafafyrirtæki til að meta núverandi stöðu þjóðkirkjunnar varðandi skipulag, rekstur og stjórnsýslu. Taka skal tilliti til þeirra breytinga sem kirkjan hefur gengið í gegnum á síðast liðnum mánuðum og árum. Ásamt mati á núverandi stöðu skili ráðgjafinn/ráðgjafafyrirtækið af sér tillögum um með hvaða hætti þjóðkirkjan á að nálgast framtíðarsýn og heildar stefnumótun. Hafa

skal að leiðarljósi þarfir og skyldur íslensku þjóðkirkjunnar, sem er evangelísk-lútersk kirkja. Gerð verði verk- og kostnaðaráætlun um verkið.

Lagt er til að kirkjuþing 2019 samþykki málið með breytingartillögunni hér að ofan.
Hreinn S. Hákonarson sat hjá við afgreiðslu málsins.

28. mál 2019

Flutt af Guðlaugi Óskarssyni, Önnu Guðrúnu Sigurvinsdóttur,
Einari Má Sigurðarsyni og Stefáni Magnússyni

Tillaga til þingályktunar um ferli vegna breytinga á prestakallaskipan í landinu

Málið fékk ekki framgang.

29. mál 2019

Flutt af Steindóri Haraldssyni

Tillaga til þingsályktunar um gerð sviðsmynda fyrir þjóðkirkjuna

Málið var sameinað 27. máli.

30. mál 2019

Flutt af Stefáni Magnússyni

**Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum
um kjör til kirkjuþings nr. 1075/2017, með síðari breytingu.**

Málið var dregið til baka

31. mál 2019

Flutt af biskupi Íslands

**Tillaga að starfsreglum um breyting á starfsreglum
um val og veitingu prestsembætta nr. 144/2016, með síðari breytingum**

Málið fékk ekki framgang.

32. mál 2019

Flutt af kirkjuráði

Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um prestssetur og aðrar fasteignir kirkjunnar nr. 950/2009, með síðari breytingum

Málið fékk ekki framgang.

33. mál 2019

Flutt af Hjálta Hugasyni

**Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um
kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 333/2017**

1. gr.

7. mgr. 3. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Kosningarrétt eiga vígðir starfsmenn á biskupsstofu sem eru í föstu starfi.

2. gr.

Orðin „vígðir kennarar í föstu starfi við guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands“ í 4. mgr. 4. gr. starfsreglnanna falla brott.

3. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Athugasemdir við tillögu þessa.

Samkvæmt eldri starfsreglum höfðu allir guðfræðimenntaðir kennarar í föstu starfi við guðfræðideild, síðar guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands, kosningarrétt við kjör biskups Íslands og vígslubiskupa. Árið 2017 varð breyting á í þessu efni þannig að eftir það var vígsla áskilin í þessu sambandi.

Kosningarréttur kennara við guðfræðideild, síðar guðfræði- og trúarbragða-fræðideild, réðst í upphafi af því hlutverki þeirra að mennta presta og síðar einnig djákna til þjónustu í þjóðkirkjunni. Því var ekki gerður greinarmunur á vígðum og óvígðum kennurum í þessu efni enda bera kennarar sömu ábyrgð í þessu efni óháð vígslu. Sá munur sem gerður er á vígðum og óvígðum kennurum með breytingunni 2017 styðst því ekki við málefnaleg rök. Með þessari tillögu er lagt til að staða óvígðra og vígðra kennara verði jöfnuð á þann hátt að hvorugur hópurinn hafi kosningarrétt við biskupskjör.

Þrátt fyrir þá breytingu sem hér er lögð til og samþykkt hefur verið í hópi kennara vill guðfræði- og trúarbragðafræðideild eftir sem áður eiga sem nánast samstarf við þjóðkirkjuna og rækja áfram af alúð þau þjónustu- og ráðgjafarhlutverk sem hún hefur hingað til gegnt.

Nefndarálit löggjafarnefndar

Löggjafarnefnd hefur fjallað um málið og leggur til að það verði samþykkt.

34. mál 2019

Flutt af Stefáni Magnússyni

**Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum
um kjör til kirkjuþings nr. 1075/2017, með síðari breytingu**

Málið var dregið til baka.

35. mál 2019
Flutt af kirkjuráði

Þingsályktun um kaup og sölu fasteigna

Kirkjuþing 2019 heimilar sölu eftirtalinna fasteigna í eigu kirkjumálasjóðs:

Suðurprófastsdæmi.

Jörðin Hraungerði og Voli, Flóahreppi.

Vestfjarðaprófastsdæmi.

Hellisbraut 4, Reykhólahreppi.

Miðtún 12, Ísafirði, Ísafjarðarbæ.

Árnes I

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi

Skeggjastaðir

Austurlandsprófastsdæmi.

Hamrahlíð 12, Vopnafirði.

Reykjavíkurrófastsdæmi vestra.

Kirkjuhúsið, Laugavegi 31, Reykjavík.

Heimildarákvæði um sölu fasteigna gilda fram að kirkjuþingi 2021.

Athugasemdir með tillögu þessari.

Kirkjuráð óskar eftir að kirkjuþing 2019 heimili sölu þeirra fasteigna sem greinir í þingskjalinu. Um sömu söluheimildir er að ræða og samþykktar voru á kirkjuþingi 2017 að frátöldum þeim fasteignum sem seldar hafa verið. Til upplýsingar má geta þess að fasteignin Hlíðartún 18, Höfn í Hornafirði, hefur verið seld samkvæmt söluheimild aukakirkjuþings 2019. Þá er óskað söluheimildar kirkjuþings 2019 til að selja fyrrum prestssetursjörðina Skeggjastaði.

Þau rök sem tilgreind eru fyrir sölu fasteigna koma fram í greinargerð með 22. máli kirkjuþings 2017. Málið er fylgiskjal.

Þær fasteignir sem seldar hafa verið samkvæmt söluheimild kirkjuþings frá 2017 eru:

Vesturlandsprófastsdæmi.

Laugarbraut 3, Akranesi.

Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi.

Kirkjugata 13, Hofsósi.

Austurlandsprófastsdæmi.

Hraungarður 8, Eiðum.

Nefndarálit fjárhagsnefndar

Nefndin hefur fjallað um málið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

36. mál 2019
Flutt af kirkjuráði

**Starfsreglur um breytingu á starfsreglum
um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða 12. gr. starfsreglnanna:
Skylda til að leggja til prestssetur í neðangreindum prestaköllum fellur brott:

Kjalarnesprófastsdæmi.
Mosfellsprestakall.
Útskálaprestakall.

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.
Dalvíkurprestakall.
Laugalandsprestakall.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Prestur sem þjónar í prestakalli, sem tilgreint er í starfsreglum þessum, við gildistöku þeirra, getur setið prestssetrið áfram samkvæmt gildandi lögum og starfsreglum hverju sinni, uns skipunartími hans rennur út eða honum er veitt lausn frá embætti.

Athugasemdir við tillögu þessa.

Kirkjuráð óskar eftir heimild kirkjuþings 2019 til að felld verði brott skylda til að leggja til prestsbústaði á þeim stöðum sem greinir í þingskjalinu. Með brottfalli skyldu til að halda úti prestssetri fellur einnig brott búsetuskylda prests á prestssetrinu, sbr. 2. mgr. 42. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum. Tillaga þessi, um breytingar á því hvar prestssetur eru lögð til, byggist á 13. gr. starfsreglna um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum, og fasteignastefnu þjóðkirkjunnar sem samþykkt var á kirkjuþingi 2018. Þar eru sett fram almenn viðmið um það hvar leggja skuli prestssetur til í framtíðinni. Miðað er við að almennt skuli ekki leggja til prestssetur þar sem fleiri en 1.500 manns búa. Einnig að gætt sé samræmis á sama landsvæði. Ef fleiri en 1.500 manns búa í prestakalli má þó leggja til bústað ef staðhættir eða aðstæður á fasteignamarkaði réttlæta slíkt, eða að söguleg eða menningarleg rök þyki mæli með því. Ef færri en 1.500 manns búa í prestakalli getur kirkjuþing þó ákveðið að ekki skuli lagður til embættisbústaður þar, ef sérstök rök mæla með því, s.s. að prestakall sé í nálægð við fjölmennari þéttbýlisstaði eða til að gæta samræmis innan sömu landsvæða.

Í ofangreindri fasteignastefnu kemur fram að þjóðkirkjan skuli varðveita tilteknar sérstakar sögulegar fasteignir þar sem menningarleg eða önnur veigamikil rök hnígi til þess. Kirkjuþing ákveði hvaða fasteignir, aðrar en kirkjur, skuli varðveittar hverju sinni, á þeim grundvelli. Fasteignirnar Möðruvellir í Hörgárdal og Mosfell í Mosfellsdal teljast falla undir að hafa þetta sögulega gildi og því stendur ekki til að selja þær. Í 37. máli kirkjuþings er óskað söluheimildar annarra eigna, sem tilgreindar eru í málinu.

Fjárhagsstaða kirkjumálasjóðs er ekki góð og taprekstur viðvarandi. Eitt af hlutverkum sjóðsins er að reka prestssetur kirkjunnar. Rekstur prestssetra er þungur og oft eru prestssetur rekin með tapi fyrir kirkjumálasjóð. Tillögu þessari er ætlað að fækka prestssetrum í samræmi við framangreinda stefnumörkun kirkjuþings. Með sölu eignanna fást fjármunir og dregið er úr taprekstri kirkjumálasjóðs. Jafnframt er gert ráð fyrir að leigutekjur af eignum sem ekki verða seldar, heldur leigðar út á almennum markaði, aukist. Í öllum tilvikum er mjög rúmur frestur sem umráðamenn prestssetranna hafa til að afhenda þau.

Um einstakar tillögur:

- *Kjalarnessprófastsdæmi.*

Mosfellsprestakall.

Prestssetur Mosfellsprestakalls er Mosfell í Mosfellsdal, þ.e. íbúðarhúsið á jörðinni Mosfelli ásamt lóð. Jörðin er að öðru leyti í vörslu kirkjumálasjóðs. Í prestakallinu búa um 11.500 manns sem er langt umfram viðmiðunarmörk kirkjuþings um íbúafjölda. Mosfellsprestakall telst vera á höfuðborgarsvæðinu og er því ekki talin þörf á að halda prestssetur þar, enda ekki lögð til prestssetur í prestaköllum á höfuðborgarsvæðinu og þarf því að gæta samræmis. Núverandi umráðamaður var skipaður árið 2008 og rennur því skipunartími út árið 2023.

Útskálaprestakall.

Prestssetur Útskálaprestakalls er að Skagabraut 30, Suðurnesjabæ. Í prestakallinu búa um 3.500 manns og eru því umfram viðmiðunarmörk um íbúafjölda. Í nágrennaprestaköllum, þ.e. Keflavíkur-, Njarðvíkur- og Grindavíkurprestaköllum eru ekki lögð til prestssetur. Því er vart sjáanleg ástæða til að halda prestssetur í prestakallinu. Núverandi umráðamaður var skipaður árið 2009 og rennur því skipunartími út árið 2024.

- *Vestfjarðaprófastsdæmi.*

Holtsprestakall.

Prestssetur Holtsprestakalls er prestssetursjörðin Holt í Önundarfirði. Vegna nálægðar við Ísafjörð þykir eðlilegt, til að gæta samræmingar, að leggja til að skylda til að leggja til prestssetur verði aflögð. Þess má geta að jörðin og mannvirki eru nú leigð út á almennum markaði.

- *Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.*

Dalvíkurprestakall.

Prestssetur Dalvíkurprestakalls eru tvö. Annars vegar prestsbústaðurinn Dalbraut 2, Dalvík

og hins vegar prestssetursjörðin Möðruvellir í Hörgárdal. Íbúafjöldi í Dalvíkurprestakalli er um 2.800 manns og því umfram hin almennu viðmið sem gengið er út frá í stefnu kirkjuþings.

Einnig má líta til þess að Möðruvellir eru í 29 km. fjarlægð frá Akureyri, þar sem um 19.000 manns búa. Þykir því ekki þörf á að leggja til prestssetur, hvorki á Dalvík né Möðruvöllum. Möðruvellir eru merkur kirkju- og sögustaður og er lagt til að kirkjan haldi staðnum áfram í eigu sinni. Megnið af jörðinni hefur verið leigt Landbúnaðarháskóla Íslands og er engin ástæða til að breyta því. Leigja má íbúðarhús jarðarinnar út á almennum markaði.

Núverandi umráðamaður prestsbústaðarins á Dalvík var skipaður árið 1997 og rennur því skipunartími út árið 2022.

Núverandi umráðamaður prestssetursjarðarinnar Möðruvalla var skipaður árið 2014 og rennur því skipunartími út árið 2024.

Laugalandsprestakall.

Prestssetur Laugalandsprestakalls er Syðra-Laugaland, þ.e. íbúðarhús ásamt lóð. Jörðin er að öðru leyti í umsjá kirkjumálasjóðs. Hlunnindi jarðarinnar eru einkum heitt vatn og renna nú tekjur vegna sölu þess til kirkjumálasjóðs. Syðra-Laugaland er í 11 km. fjarlægð frá Akureyri, þar sem um 19.000 manns búa. Þykir ekki þörf á að leggja til prestssetur þar. Lagt er til að kirkjan haldi Syðra-Laugalandi áfram í eigu sinni og leigi eignina út á almennum markaði. Núverandi umráðamaður prestsbústaðarins á Syðra- Laugalandi er settur tímabundið til loka maímánaðar 2020 og fellur þá afnota- og umráðaréttur hans niður af fasteigninni.

Nefndarálit fjárhagsnefndar

Nefndin hefur fjallað um málið og leggur til að það verði samþykkt með breytingartillögu á þskj. 63.

Breytingartillaga fjárhagsnefndar við tillögu að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1027/2007, með síðari breytingum

Skylda til að leggja til prestssetur í neðangreindu prestakalli falli ekki brott:

Vestfjarðaprófastsdæmi.

Holtsprestakall.

37. mál 2019
Flutt af kirkjuráði

Þingsályktun um kaup og sölu fasteigna

Kirkjuþing 2019 heimilar sölu eftirtalinna fasteigna í eigu kirkjumálasjóðs:

Kjalarnessprófastsdæmi.
Útskálaprestakall, Skagabraut 30, Suðurnesjabær.

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.
Dalvíkurprestakall, Dalbraut 2, Dalvík.

Heimildarákvæði um sölu fasteigna gilda fram að kirkjuþingi 2021.

Athugasemdir með tillögu þessari.

Kirkjuráð óskar eftir að kirkjuþing 2019 heimili sölu þeirra fasteigna sem greinir í þingskjalinu. Fyrir kirkjuþingi liggur nú mál þar sem lagt er til að skylda til að leggja til prestsbústaði, þá sem taldir eru upp í máli þessu, verði felld brott. Ef kirkjuþing samþykkir að skyldan verði aflögð liggur beinast við, eðli málsins samkvæmt, að leita eftir heimild til að selja prestsbústaðina, sbr. 36. mál kirkjuþings 2019.

Nefndarálit fjárhagsnefndar

Nefndin hefur fjallað um málið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

38. mál 2019

Flutt af forsætisnefnd

Þingsályktun um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum

Kirkjuþing 2019 ályktar að beina því til dómsmálaráðherra að hann flytji eftirfarandi:

**Frumvarp til laga
um breytingu á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997,
með síðari breytingum (einföldun þjóðkirkjulaga)**

1. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „biskupsembættis„ kemur: biskupsþjónustu.

b. Í stað orðsins „prestsembætti“ kemur: prestsþjónustu.

3. gr.

Í stað orðsins „prestsembætti“ í 3. mgr. 10. gr. laganna kemur: prestsþjónustu.

4. gr.

Í stað orðsins „embættisfærslu“ í 3. mgr. 12. gr. laganna kemur: starf.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna.

a. Í stað orðanna „gegna embætti sínu“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: gegna biskupsþjónustu sinni.

b. 2. mgr. orðast svo:

Nú fellur biskup Íslands frá eða lætur af biskupsþjónustu sinni og skal þá sá vígslubiskup, sem eldri er að biskupsvígslu, gegna þjónustu hans uns biskupskjör hefur farið fram og nýr biskup Íslands hefur tekið við.

6. gr.

Orðið „embætta“ í 2. mgr. 23. gr. laganna fellur brott.

7. gr.

Í stað orðsins „skipa“ í 1. málsl. 1. mgr. 35. gr. laganna kemur: ráða.

8. gr.

2. máls. 36. gr. laganna fellur brott.

9. gr.

Í stað orðanna „skipar í embætti“ í 37. gr. laganna kemur: ræður í starf sem og í önnur prestsstörf.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 38. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skipunar eða setningar í prestsembætti“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: tímabundinnar ráðningar eða ótímabundinnar ráðningar í prestsstarf.

Í stað talnanna og orðanna „6. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins“ í 3. mgr. kemur: sem starfsreglur kirkjuþings kunna að mæla fyrir um.

11. gr.

Í stað orðanna „embættið með fjögurra vikna umsóknarfresti hið skemmsta“ í 1. mgr. 39. gr. laganna kemur: starfið.

12. gr.

40. og 41. gr. laganna falla brott.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „hlotið skipun eða“ í fyrri másl. 1. mgr. kemur: hefur verið ráðinn.

b. Í stað orðsins „embættinu“ í síðari másl. 1. mgr. kemur: prestsþjónustu.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 59. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo: Um starfsfólk þjóðkirkjunnar fer eftir starfsreglum um starfshætti hennar er kirkjuþing setur og hafi að geyma nánari fyrirmæli um stjórnun og starfshætti kirkjunnar á grundvelli laga þessara. Í reglum þessum skal m.a. kveðið á um réttarstöðu og hlutverk starfsfólks þjóðkirkjunnar eftir því sem við getur átt.

b. Við 2. mgr. bætist ný málslíður sem orðast svo: Kirkjuþing setur gjaldskrá um þjónustu kirkjunnar, þ.m.t. vegna prestsþjónustu.

15. gr.

V. kafli laganna fellur brott.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2020.

17. gr.

Við gildistöku laga þessara falla eftirfarandi lög úr gildi:

1. Lög um laun sóknarpresta, nr. 46/1907, með síðari breytingum.
2. Lög um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra, nr. 36/1931, með síðari breytingu.

Ákvæði til bráðabirgða

Ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996, með síðari breytingum, skulu, eins og við getur átt, gilda um það starfsfólk þjóðkirkjunnar, sem tilgreindir voru í 1. mgr. 61. gr. laganna og sem voru í starfi hinn 1. janúar 2020 til 1. apríl 2020.

Gjaldskrá, sem sett var með heimild í 3. gr. laga um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra, nr. 36/1931, og birt var í B-deild Stjórnartíðinda, um greiðslur fyrir aukaverk presta þjóðkirkjunnar nr. 729/2014, með síðari breytingum, skal halda gildi sínu til 1. apríl 2020.

Það starfsfólk þjóðkirkjunnar, sem var skipað í embætti í skilningi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996, með síðari breytingum, við gildistöku laga þessara, heldur skipun sinni og starfskjörum út skipunartíma sinn.

Greinargerð.

Hinn 6. september 2019 undirrituðu fulltrúar íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar viðbótarsamningi íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um endurskoðun á samkomulagi um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997 og samningi íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um rekstrarkostnað vegna prestsembætta og prófasta, rekstrarkostnað biskupsstofu, framlag til Kristnisjóðs og sérframlög til þjóðkirkjunnar frá 4. september 1998.

Tveimur dögum áður hafði þjóðkirkjan á aukakirkjuþing 2019 (58. aukakirkjuþing) samþykkt ofangreindan viðbótarsamning.

Til þess að efna 7. gr. samningsins þarf m.a. að breyta lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum, á þann veg að brott falli ákvæði 4. tölul. 1. mgr. 22. gr. þeirra laganna. Enn fremur þarf að fella brott lög um laun sóknarpresta, nr. 46/1907, með síðari breytingum og lög um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra, nr. 36/1931, með síðari breytingu.

Til að þessi framangreindar breytingar nái fram að ganga og samræmis sé gætt, þarf jafnframt að breyta lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, með síðari breytingum. Leitast er við að breyta sem fæstu á þessu stigi og eingöngu því sem nauðsynlegt má teljast til að tryggja efndir viðbótarsamningsins. Þannig verður kirkjuþingi falið að skilgreina réttarstöðu starfsmanna kirkjunnar og setja gjaldskrá fyrir þjónustu kirkjunnar.

Nefndarálit allra nefnda

Nefndirnar hafa fjallað um málið og leggja til tillögu til breytinga sem fram kemur á þingskjali 59.

Á fund allsherjarnefndar kom biskup Íslands. Á fundi fjárhagsnefndar var haft samband við dr. Hjalta Hugason símleiðis. Einnig mætti Guðmundur Þór Guðmundsson, lögfræðingur, tvívegis á fund nefndarinnar.

Á fund allra nefnda kom Ninna Sif Svavarsdóttir formaður Prestafélags Íslands.

39. mál 2019
Flutt af kirkjuráði

Þingsályktun um breytingu á fasteignastefnu þjóðkirkjunnar

19. gr. fasteignastefnunnar orðast svo:

Fasteignir kirkjumálasjóðs, sem seldar eru eða leigðar ótímabundið eða til lengri tíma en fimm ára, skulu auglýstar til sölu eða leigu og öllum gefinn kostur á að bjóða í þær. Kirkjuþing getur samþykkt undantekningar frá þessu í einstökum tilvikum. Þess skal ávallt gætt að tryggja viðhlítandi landsréttindi kirkna og kirkjugarða ef við á, áður en sala eða leiga fer fram.

Greinargerð

Mismunandi reglur gilda um sölu eigna kirkjumálasjóðs annars vegar og leigu eigna sjóðsins hins vegar. Í 19. gr. fasteignastefnunnar kemur fram að ef selja eigi fasteignir kirkjumálasjóðs skuli þær auglýstar til sölu og öllum gefinn kostur á að bjóða í þær. Varðandi leigu á fasteignum sjóðsins gilda ekki sömu reglur. Því þykir nauðsyn að leggja til ofangreinda breytingu á 19. gr. stefnunnar á þann veg að samræmi sé á milli, þannig að einnig sé almennt skylt að auglýsa eignir sem leigðar eru til að gæta jafnræðis og gagnsæis, sbr. 5. gr. stefnunnar, þar sem segir að við umsýslu fasteigna skuli unnið á grundvelli stjórnslulaga og góðra stjórnsluhátta. Eðlilegt þykir því að gefa öllum kost á að leigja land sem er til leigu og reyna þannig að hámarka tekjur af því.

Nefndarálit löggjafarnefndar

Nefndin hefur fjallað um málið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

40. mál 2019

Flutt af biskupi Íslands

Þingsályktun um tónlistarstefnu Þjóðkirkjunnar

Kirkjuþing 2019 samþykkir meðfylgjandi tónlistarstefnu Þjóðkirkjunnar:

Tónlistarstefna Þjóðkirkjunnar.

Um grundvöll kirkjutónlistarinnar.

Tónlistin er gjöf Guðs.

Grundvöllur kirkjutónlistar er trúin á þríeina Guð, föður, son og heilagan anda. Hún er samofin sköpuninni og inntaki fagnaðarerindisins og er farvegur heilags anda.

Kristin kirkja um allan heim býr að ríkulegum tónlistararfi. Grunnur þess arfs er söngur Davíðssálma og annarra ljóða Biblíunnar. Þjóðkirkjan byggir á þessari arfleifð aldanna og mótar hana og þróar.

Um kirkjusönginn.

Þjóðkirkjan er syngjandi kirkja. Guðsþjónustan er Guði til dýrðar og söfnuðinum til blessunar og uppbyggingar í trú, von og kærleika. Söngur og tónlist tengir fólk á einstakan hátt. Helgihaldið byggir á almennri, litúrgískri þátttöku og almennur söngur hefur grundvallarvægi þ.m.t. við skírn, fermingu, hjónavígslu og útför.

Meginreglan er að í kirkjunni fari fram lifandi tónlistarflutningur, hljóðritanir komi ekki í staðinn og textar séu almennt á íslensku.

Um hljóðfærin í kirkjunni.

Hið hefðbundna hljóðfæri kirkjunnar er orgelið. Hlutverk þess er að styðja við safnaðarsöng og prýða helgihald og tónleika. Önnur hljóðfæri sem notuð eru í kirkjunni þjóna einnig þeim tilgangi.

Um sálmabókina og tónlist utan sálmabókar.

Sálmabókin er söngbók kirkjunnar. Hún geymir kjarna kirkjusöngsins og er í stöðugri þróun. Söfnuðir Þjóðkirkjunnar syngja einnig trúarlega texta og lög utan sálmabókar þegar það hentar.

Tónlist utan sálmabókar með veraldlegum texta getur verið viðbót sem þjónar tilgangi athafnarinnar, en leysir aldrei sálminn af hólmi við kirkjulegar athafnir.

Framkvæmd kirkjutónlistarstefnunnar er skilgreind í starfsreglum um kirkjutónlist á vegnum Þjóðkirkjunnar nr. 1074/2017.

Tónlistarstefna Þjóðkirkjunnar var endurskoðuð og þannig samþykkt á kirkjuþing 2019.

Nefndarálit allsherjarnefndar

Nefndin hefur fjallað um málið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.